



# Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2023-2043

Greinargerð

Til kynningar á vinnslustigi

Sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

Desember 2023

## Efnisyfirlit

<b>1 Inngangur</b>	<b>6</b>
1.1 Hlutverk aðalskipulags	7
1.2 Hlutverk umhverfismats	7
1.3 Aðdragandi og áherslur	7
1.4 Skipulagssvæðið	8
1.5 Skipulagsgögn	8
1.6 Efnistöð	9
1.7 Ferli og samráð	10
1.8 Niðurstaða umhverfismats	12
<b>2 Leiðarljós</b>	<b>13</b>
<b>3 Byggð</b>	<b>14</b>
3.1 Íbúar og íbúðarhúsnæði	14
3.2 Byggðarmynstur	17
3.3 Samfélagsþjónusta	20
3.4 Atvinnustarfsemi	21
3.5 Lýðheilsa	22
<b>4 Innviðir</b>	<b>23</b>
4.1 Vegir og stígar	23
4.2 Almenningsamgöngur	26
4.3 Orkudreifing	26
4.4 Fjarskipti	27
4.5 Vatnsveita	28
4.6 Hitaveita	28
4.7 Fráveita	29
4.8 Úrgangslosun	30
<b>5 Auðlindir og vistkerfi</b>	<b>30</b>
5.1 Gróður og jarðvegur	30
5.2 Landslag	34

5.3 Vinnanleg orka	36
5.4 Jarðefni	37
<b>6 Vernd</b>	<b>38</b>
6.1 Náttúruvernd	38
6.2 Vatnsvernd	40
6.3 Minjavernd	42
<b>7 Náttúruvá</b>	<b>43</b>
7.1 Ofanflóð og jökulhlaup	43
7.2 Eldvirkni og jarðskjálftar	44
7.3 Hætta vegna loftslagsbreytinga	44
<b>8 Landnotkun</b>	<b>46</b>
8.1 Stefna um landnotkun	47
8.1.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	47
8.1.2 Athafnasvæði (AT)	51
8.1.3 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	52
8.1.4 Flugvellir (FV)	58
8.1.5 Frístundabyggð (F)	59
8.1.6 Hafnir (H)	64
8.1.7 Hitaveita (VH-H)	64
8.1.8 Iðnaðarsvæði (I)	65
8.1.9 Íbúðarbyggð (ÍB)	67
8.1.10 Íþróttasvæði (ÍP)	71
8.1.11 Kirkjugarðar og grafreitir (K)	72
8.1.12 Landbúnaðarsvæði (L)	72
8.1.13 Miðsvæði (M)	74
8.1.14 Opin svæði (OP)	75
8.1.15 Óbyggð svæði (ÓB)	76
8.1.16 Rafveita (VH-R)	77
8.1.17 Samfélagsþjónusta (S)	79
8.1.18 Skógræktar og landgræðslusvæði (SL)	81

8.1.19 Stofnvegir (VE-SV)	85
8.1.20 Tengivegir (VE-TV)	86
8.1.21 Vatnsból (VB)	88
8.1.22 Vatnsveita (VH-V)	91
8.1.23 Verslun og þjónusta (VP)	91
8.1.24 Vötn, ár og sjór (V)	95
8.1.25 Þéttbýlismörk (PM)	96
8.2 Takmarkanir á landnotkun	96
8.2.1 Friðlýst svæði (FS)	96
8.2.2 Hverfisvernd (HV)	98
8.2.3 Minjavernd (MV)	98
8.2.4 Vatnsvernd, fjarsvæði (VF)	102
8.2.5 Vatnsvernd, grannsvæði (VG)	103
8.2.6 Varúðarsvæði eða aðrar takmarkanir (VA)	104
8.2.7 Önnur náttúruvernd (ÖN)	104

Ráðgjöf: Alta ehf

**ATA**

A1517-004-D04



Þingeyjarsveit

## Hvað stendur í þessu skjali?

Hér eru lögð fram drög að tillögu að aðalskipulagi fyrir Pingeyjarsveit, byggð m.a. á aðalskipulagi Pingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, sem sameinuðust vorið 2022. Í aðalskipulagi er sett fram heildarmynd af landnotkun í sveitarfélaginu öllu og stefna sem þar kemur fram varðar því hagsmuni allra íbúa, landeigenda og fyrirtækja sem þar eru. Aðalskipulag er mikilvægt stjórnþæki fyrir þróun samfélagsins og aðkoma íbúa og annarra hagsmunaaðila stuðlar að því að niðurstaða sé fengin á lýðræðislegan og gagnsæjan hátt. Eftir að aðalskipulag hefur verið staðfest verða allar framkvæmdir að vera í samræmi við þá stefnu sem þar kemur fram.

Um framsetningu aðalskipulags gilda ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Nánar er fjallað um efnistöð í kafla 1.6.

Athuga ber að þessi greinargerð er aðeins hluti af aðalskipulaginu. Listi yfir öll gögn skipulagsins kemur fram í kafla 1.5.

## Til hvers er ætlast af mér?

Sem íbúi sveitarfélagsins eða annars konar hagsmunaaðili, er mikilvægt að þú kynni þér efnisatriði tillögunnar og kannir hvernig hún snertir þína hagsmuni og samfélagsins alls. Nú er tækifæri til að koma á framfæri ábendingum um það sem þú telur að betur megi fara í tillögunni. Allar slíkar ábendingar verða skoðaðar við fullvinnslu tillögunnar.

## Hvernig get ég brugðist við?

Þú getur sent ábendingar til [thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is) eða í bréfpósti til:

Skipulagsfulltrúi  
Skrifstofu Pingeyjarsveitar  
Kjarna  
650 Laugum

## Hvað gerist næst?

Ábendingum sem berast í framhaldi af þessari kynningu á tillögunni á vinnslustigi verður ekki svarað formlega en þær verða hafðar til hliðsjónar við fullvinnslu tillögunnar. Hún verður síðan auglýst formlega og gefinn a.m.k. 6 vikna frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum. Sveitarstjórn tekur síðan afstöðu til athugasemdanna áður en lokahönd er lögð á tillöguna og hún verður staðfest sem nýtt aðalskipulag.

Sjá nánar kafla 1.7 um ferli og samráð hér á eftir.

# 1 Inngangur

Pingeyjarsveit er stærsta sveitarfélag landsins að flatarmáli, alls 12.027 km<sup>2</sup>. Þar af eru 4,6% undir 200 metra hæð yfir sjó og um 10,2% undir 300 metrum. Íbúar í byrjun árs 2023 voru 1393, þar af bjuggu 237 í Reykjahlíð og 107 í þéttbýlinu á Laugum í Reykjadal.

Myndin sýnir afmörkun sveitarfélagsins ásamt þéttbýlisstöðum og nöfnum aðliggjandi sveitarfélaga.

Skútustaðahreppur og Pingeyjarsveit sameinuðust að loknum kosningum í júní 2022.



## 1.1 Hlutverk aðalskipulags

Skipulagsáætlanir hafa þann tilgang að tryggja skynsamlega ráðstöfun lands og þróun byggðar með virkri aðkomu íbúa og annarra sem hagsmuna eiga að gæta. Lög um mannvirkjagerð kveða á um að ekki sé heimilt að veita leyfi fyrir byggingu eða framkvæmd nema hún sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Þannig er reynt að tryggja að við framkvæmdir hafi verið gætt að fyrirhyggju, heildarsýn og málamiðlun ólíkra hagsmuna.

Við skipulagsgerð getur sjónarhornið verið mjög ólíkt, allt frá landinu öllu niður í reit fyrir nokkur hús. Þess vegna eru skipulagsáætlanir stigskiptar, þ.e. að umfang hins skipulags er mismikið. Landsskipulagsstefna er efsta stigið og þar setur ríkisvaldið fram áherslur sínar í nokkrum málaflokkum fyrir landið allt. Aðrar skipulagsáætlanir eru á vegum sveitarfélaganna og geta náð til samliggjandi sveitarfélaga í svæðisskipulagi ef þörf er á. Öll sveitarfélög eiga að hafa aðalskipulag þar sem gefin er heildarmynd af þróun byggðar og landnotkunar í sveitarfélaginu öllu. Fyrir stök uppbyggingarsvæði þarf síðan að gera deiliskipulag. Stigskiptingin felur í sér að innbyrðis samræmi þarf að vera í skipulagsáætlunum á öllum stigum.

Nánar tiltekið segir svo í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um markmið aðalskipulags:

- a. að vera vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar í samráði við íbúa um mikilvæg viðfangsefni sem snerta þróun sveitarfélagsins,
- b. að sýna með skýrum hætti hver stefna sveitarfélags er og stuðla þannig að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna,
- c. að miðla málum milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa og munu búa í sveitarfélaginu,

- d. að stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.

Aðalskipulag er sett fram í greinargerð, þar sem fram kemur stefna og skipulagsákvæði ásamt forsendum og á skipulagsuppdráttum þar sem sýnt er hvar hvaða ákvæði gilda. Að auki eru settir fram skýringaruppdrættir til nánari glöggvunar um þau efni sem þörf er á.

## 1.2 Hlutverk umhverfismats

Tilgangur umhverfismats er að sýna á greinargóðan hátt hvernig tekið hefur verið tillit til umhverfisins annars vegar við áætlanagerð og hins vegar við undirbúning meiriháttar framkvæmda. Við umhverfismat áætlana gerir viðkomandi stjórnvald grein fyrir því hvernig tekið er tillit til umhverfisins við áætlanagerðina, t.d. staðarval fyrir framkvæmdasvæði. Við umhverfismat hveirrar framkvæmdar er það hins vegar framkvæmdaraðilinn sem gerir grein fyrir því hvernig hann hefur tekið tillit til umhverfisins við útfærslu framkvæmdarinnar, þá innan þess ramma sem skipulagsáætlanir setja. Tilgreint er í lögum hvaða framkvæmdir eru svo umfangsmiklar að meta þurfi umhverfisáhrif þeirra.

Í aðalskipulagi er gerð grein fyrir umhverfismati áætlunarinnar með áherslu á þá þætti sem lúta að meiri háttar framkvæmdum, sbr. viðauka við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Ásamt greinargerð hins aðalskipulagsins er því sett fram umhverfismatsskýrsla, þar sem lýst er valkostum, umhverfispáttum og viðmiðum eins og lögum fyrirskrifa.

## 1.3 Aðdragandi og áherslur

Sameining Skútustaðahrepps og Pingeyjarsveitar kallar á að gert sé eitt aðalskipulag fyrir hið sameinaða sveitarfélag. Að auki er gildistími gildandi aðalskipulagsáætlana sveitarfélaganna á enda runninn. Kynnt var verkefnis- og matslýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags hvors

sveitarfélags fyrir sig haustið 2020 og nú er lögð fram tillaga til kynningar á vinnslustigi.

Margvíslegar breytingar á opinberri stefnumörkun og regluverki hafa orðið frá því að gildandi aðalskipulagsáætlanir voru samþykktar, t.d. landsskipulagsstefna, ýmsar framkvæmdaáætlanir, skipulagsreglugerð o.fl. Síðast en ekki síst má nefna aukna áherslu á sameiginlegt átak jarðarbúa til að bregðast við hnattrænum áskorunum.

Endurskoðun aðalskipulagsins var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þann 14. júní 2018 og á fundi á fundi sveitarstjórnar Pingeyjarsveitar þann 27. júní 2018.

## 1.4 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er allt land innan Pingeyjarsveitar. Flatarmál sveitarfélagsins er 12.027 km<sup>2</sup> að meðtöldum strandsjó innan netlaga.

## 1.5 Skipulagsgögn

Aðalskipulagstillagan er sett fram í eftirtöldum gögnum:


- ❑ Greinargerð, sem inniheldur inngang, stefnumótun og landnotkunarákvæði.
- ❑ Umhverfismatsskýrsla.
- ❑ Skipulagsuppdrættir A-E fyrir dreifbýli, blaðstærð A0, sjá yfirlitsmynd hér fyrir neðan, skali 1:60.000 (A-D) og 1:100.000 (E).
- ❑ Skipulagsuppdráttur F fyrir þéttbýli og nágrenni, blaðstærð A0, 1:10.000.
- ❑ Skýringaruppdrættir:
  - ❑ 1: Náttúruvernd, A0, 1:180.000.
  - ❑ 2: Flokkun landbúnaðarlands, A0, 1:70.000.
  - ❑ 3: Vegir í náttúru Íslands, A0, 1:180.000.

- ❑ 4: Göngu-, hjóla- og reiðleiðir A0, 1:180.000.

Á skipulagsuppdráttum eru afmarkanir auðkenndar með bókstöfum fyrir landnotkunarflokk og síðan tölu sem yfirleitt er þriggja stafa. Fyrstu tveir tölustafirnir vísa til dálka og lína í rúðumynstri númerareita, sjá mynd hér fyrir neðan. Þriðji tölustafurinn er síðan hlaupandi innan númerareitsins. Dæmi: Efnistökusvæði E-532 er í línu 5 og dálki 3 í rúðumynstri númerareitanna og þá mögulega annað efnistökusvæði E-531 innan sama númerareits. Með þessu fyrirkomulagi ætti að vera auðvelt að finna auðkenndan reit á uppdráttunum. Sumar afmarkanir ná yfir mörk númerareita og þá miðað við þann númerareit sem stærstur hluti afmörkunarinnar er innan.

Nokkrar afmarkanir eru með eins tölustafs númer og það þýðir að um er að ræða mjög yfirgripsmikil svæði sem nær yfir marga númerareiti, t.d. landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði.





*Skipting skipulagssvæðisins á skipulagsuppdrætti A-E. Smærri bláir ferningar sýna hluta af uppdrætti F fyrir þéttbýli og nágrenni. Númeraðir reitir sýna fyrstu tvo tölustafi í auðkennum stakra landnotkunarreitum á uppdráttum.*

## 1.6 Efnistöð

Í framangreindum skipulagsgögnum er leitast við að setja stefnu og skipulagsákvæði fram á skýran og einfaldan hátt. Í hverjum kafla eru fyrst settar fram forsendur, síðan markmið sveitarstjórnar og loks gerð grein fyrir útfærslu markmiðanna í almennum og sértækum skipulagsskilmálum. Markmið í ólíkum málaflokkum geta haft áhrif á skipulagsskilmála sama reits.

Auk kafla um leiðarljós fjalla þrjú efniskaflar um stefnu sveitarstjórnar á megin sviðum landnotkunar sem eru:

- Byggð
- Innviðir
- Auðlindir og vistkerfi

Ekki er sett fram stefna um tiltekna atvinnugreinar heldur dregið fram hvernig veigamiklar atvinnugreinar reiða sig á aðgang að byggð, innviðum, auðlindum og vistkerfum með sjálfbærri nýtingu. Megin sjónarmiðið er það að ef sveitarstjórn setur farsæla stefnu um þessa þætti muni hefðbundin og ný atvinnustarfsemi dafna með frumkvæði og atorku íbúanna. Leitast er við að draga fram tækifæri til sjálfbærrar nýtingar þeirra auðlinda sem fjallað er um og setja þær þannig í samhengi við atvinnulíf.

Tveir kaflar fjalla síðan um það hvaða skorður eru settar við landnotkun:

- Vernd
- Náttúruvá

Lokakaflinn inniheldur síðan töflur þar sem allir reitir eru settir fram eftir landnotkunarflokkum (í stafrófsröð). Fyrir hvern landnotkunarflokk eru settir almennir skilmálar sem gilda um allar afmarkanir í þeim flokki og síðan sértækir skilmálar sem gilda aðeins um hverja staka afmörkun.

Texti greinargerðarinnar lýtur föstum lögmálum um uppbyggingu í þeim tilgangi að auðvelt sé að miðla honum á fjölbreyttan hátt í margvíslegum miðlum og tækjum, í gagnvirku samspieli við afmarkanir á uppdrætti með aðstoð vefsjár. Þannig er reynt að færa aðalskipulagið nær notendum og hjálpa þeim að komast að kjarnanum án málalenginga.

Leitast er við að hafa texta skorinorðan og oft bent á önnur gögn og ítarefni með virkri vefvísun.

Þess er gætt að hver einasta afmörkun á skipulagsuppdráttum sé skýrt auðkennd og finna megi skipulagsskilmála með uppfléttingu í kafla um landnotkun. Fyrir alla landnotkunarflokkka eru settir fram almennir skilmálar sem gilda um allar afmarkanir í þeim flokki og síðan sértækir skilmálar þegar og ef tilefni er til. Almennir og sértækir skilmálar eru bindandi við útgáfu framkvæmdar- og byggingarleyfa á þeim stað þar sem þeir gilda. Um atriði sem þeir ná ekki til er áskilið að samræmis sé gætt við markmið sem sett eru fram í greinargerð skipulagsins.

Breytingar frá fyrra skipulagi eru tíundaðar í inngangskafli umhverfismatsskýrslu.

## 1.7 Ferli og samráð

Skipulagslög og skipulagsreglugerð kveða á um megindrætti í ferli endurskoðunar aðalskipulags. Það hófst með kynningu skipulags- og matslýsingar fyrir sveitarfélagið Þingeyjarsveit og sveitarfélagið Skútustaðahrepp í október 2020 og bærust þá margvíslegar ábendingar sem hafa verið hafðar til hliðsjónar við endurskoðunina.

Nú er lögð fram tillaga þar sem ný stefna fyrir nýtt sveitarfélag er mótuð eftir því sem breyttar forsendur og áherslur gefa tilefni til. Jafnframt hafa afmarkanir á skipulagsuppdrætti verið aðlagðar að hinni endurskoðuðu stefnu. Tillagan er sett fram á vinnslustigi, sem gefur svigrúm til að kalla

eftir ábendingum frá almenningi, hagsmunaaðilum og fagstofnunum um það sem betur má fara.

Mikilvægur þáttur í mótun aðalskipulags er samráð við íbúa og hagsmunaaðila.

Könnun var gerð meðal landeigenda um áform sem þeir kynnu að hafa um breytta landnotkun á jörðum sínum og síðan unnið skipulega úr þeim gögnum sem landeigendur sendu.

Nokkrir vinnufundir voru haldnir með skipulagsnefndum og sveitarstjórnnum auk fjölmargra funda sem skipulagsráðgjafi átti með skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa.

Kynning tillögunnar á vinnslustigi er einn mikilvægasti þátturinn í samráði við íbúa og aðra hagaðila vegna þess að tillagan er langt komin og hefur á sér heildarmynd, sem sýnir m.a. eftirfarandi atriði:

- Hvernig gildandi skipulag tekur á sig nýja mynd, oftast án verulegrar stefnubreytingar.
- Hvernig sumar afmarkanir hafa verið uppfærðar og aðlagðar að þróun undanfarinna ára.
- Hvernig nýjar afmarkanir sýna áform um uppbyggingu eða aðrar framkvæmdir, oft skv. hugmyndum landeigenda og þróun á landi sínu.
- Hvernig sveitarstjórn leggur nýjar áherslur með hliðsjón af þróun undanfarinna ára og setur fram markmið um að beina þróuninni á heppilegar brautir.

Um öll þessi atriði er mikilvægt að fá ábendingar og afstöðu íbúa og annarra hagaðila.

Að lokinni kynningu tillögu á vinnslustigi verður tillagan auglýst formlega og þá gefinn 6 vikna frestur til að skila skriflegum athugasemdum, sem

sveitarstjórn tekur afstöðu til áður en hún samþykkir tillöguna og sendir hana til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Hið endurskoðaða aðalskipulag tekur síðan gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Helstu áfangar eru sem hér segir:

Október 2020	Kynning skipulags- og matslýsingar
Desember 2023	Tillaga kynnt á vinnslustigi
Mars 2024	Tillaga auglýst
Júlí 2024	Endurskoðað aðalskipulag tekur gildi

Samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila felst í kynningu skipulags- og matslýsingar, sem fór fram í október 2020 og síðan kynning þessarar aðalskipulagstillögu fyrir sameinað sveitarfélag, nú í drögum og loks fullunninni eins og lýst er í kaflanum hér fyrir framan um áfangaskiptingu.

Ýmsum aðilum er boðið að veita umsögn um þessa tillögu. Þeir eru:

Fagstofnanir

- Almanna- og atvinnuleysisráðgjafi
- Byggðastofnun
- Ferðamálastofa
- Fiskistofa
- Landgræðslan
- Landsnet
- Landsvirkjun
- Minjastofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Rarik
- Samgöngustofa
- Skipulagsstofnun
- Skógræktin
- Umhverfisstofnun

- Veðurstofan
- Vegagerðin

Fagaðilar á svæðisvísu

- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE)
- Markaðsstofa Norðurlands
- Náttúrustofa Norðausturlands
- Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn
- Náttúruverndarnefnd Pingeyinga
- Þekkingarnet Pingeyinga

Aðrir

- Aðliggjandi sveitarfélög: Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Eyjafjarðarsveit, Ásahreppur, Skaftárhreppur, Sveitarfélagið Hornafjörður, Múlaþing og Norðurþing.
- Hið þingeyyska fornleifafélag
- Fjöregg, náttúruverndarfélag
- Mývatnsstofa
- Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE)
- Svæðisskipulagsnefnd um Svæðisskipulag háhitasvæða í Pingeyjarsýslum 2007-2025
- Vatnajökulsþjóðgarður; svæðisráð norðursvæðis og stjórn þjóðgarðsins
- Landeigendur, þ.m.t. landeigendafélög og önnur hagsmunafélög
- Veiðifélög á svæðinu
- Forsætisráðuneytið vegna þjóðlendna
- Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN)
- Búnaðarsamband Suður-Pingeyinga (BSSP)

## 1.8 Niðurstaða umhverfismats

Í umhverfismatsskýrslu eru skoðuð áhrif nýrrar stefnu í eftirfarandi málaflokkum:

- Aukin skógrækt
- Fjölgun efnistökusvæða
- Stefna um búsetu í dreifbýli

Þar er tekin saman eftirfarandi niðurstaða:

Stefna um skógrækt er verulega jákvæð fyrir loftslag og samfélag og nokkuð jákvæð fyrir lýðheilsu. Skógrækt hefur veruleg áhrif á vistkerfi þar sem hún breytir tegundasamsetningu, tegundafjölbreytni og ásýnd en erfitt að fullyrða um það hvort áhrifin eru jákvæð eða neikvæð.

Stefna um efnistöku tryggir gott aðgengi að jarðefnum fyrir þarfir samfélagsins. Áhrif á yfirborð eru ójákvæmileg en til mótvægis eru sett skýr ákvæði um vandaðan frágang.

Þótt stefna um búsetu í dreifbýli leiði til óverulegra neikvæðra áhrifa á vistkerfi, landslag, loftslag og landkosti eru samfélagsáhrifin jákvæð og veruleg. Þau felast einkum í því að auðveldara verður að styrkja byggðina með fjölbreyttri starfsemi og fjölbreyttu samfélagi.

## 2 Leiðarljós

Í köflunum hér á eftir er sett fram stefna um þá málaflokka sem fjalla ber um í aðalskipulagi, sbr. ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar. Í lok hvers kafla eru sett fram markmið fyrir málaflokkinn og síðan útskýrt hvernig markmiðin eru útfærð í landnotkunarákvæðum.

Við mótun stefnu og markmiða styðst sveitarstjórn Pingeyjarsveitar við eftirfarandi leiðarljós:

*Pingeyjarsveit verði eftirsótt til búsetu og vettvangur fjölbreyttrar atvinnustarfsemi í sátt við umhverfið, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli.*

*Byggð og starfsemi gangi ekki umfram nauðsyn á náttúru- og menningararf, gott landbúnaðarland, víðerni og aðlaðandi ásýnd. Jafnvægi verndar og nýtingar ásamt langtímasýn verði forsenda skynsamlegrar landnýtingar.*

*Byggð þróist í samfellu og góðum tengslum við byggð og innviði sem fyrir eru.*

*Ferðapjónusta og landbúnaður í fjölbreyttri mynd verði áfram meginatvinnuvegur í sveitarfélaginu en íbúar hafi jafnframt tækifæri til að nýta aðrar auðlindir og gæði á sjálfbæran hátt.*

*Pingeyjarsveit leggur sitt af mörkum í baráttu við hnattræn vandamál, svo sem með bindingu kolefnis, endurheimt vistkerfa og vernd fágætra tegunda.*

*Íbúar njóti heilsusamlegs og öruggs umhverfis og hafi sem jafnastan og greiðastan aðgang að grunnþáttum búsetu, s.s. heilnæmu drykkjarvatni, þjónustu, fjarskiptum, samgöngum, upplýsingum og ákvarðanatöku.*

## 3 Byggð


### 3.1 Íbúar og íbúðarhúsnæði

#### 3.1.1 Forsendur

Athugun á þróun íbúafjöldans miðast við samanlagðan íbúafjölda Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar fram að sameiningu. Hagstofan birtir tölur um fjölda íbúa, kynjaskiptingu og aldurssamsetningu þann 1. janúar ár hvert frá 1998. Þessar tölur eru frá Þjóðskrá og innifela alla sem hafa kennitölu og dvalarrétt, þá mögulega einnig þá sem hafa tímabundið aðsetur.

Þegar horft er á árabilið 1998 - 2023 sést að íbúafjöldinn seig niður á við framan af tímabilinu en hefur hækkað nokkuð undanfarin ár. Fram kemur sveifla upp á við árið 2018 sem líklega má rekja til virkjanaframkvæmda við Þeistareyki og til vaxtar í ferðaþjónustu en árin þar á eftir sló í bakseglin vegna gjaldþrots flugfélags og heimsfaraldurs. Íbúar voru 1.393 þann 1. janúar 2023. Karlar eru lítillega fleiri en konur.

Mannfjöldi í Þingeyjarsveit 1998-2023



Samkvæmt húsnæðisáætlun Þingeyjarsveitar 2023 voru tæplega 700 íbúðir í sveitarfélaginu og þar með um 2,1 íbúar á hverja íbúð. Meðal þátta sem taldir eru geta haft áhrif á þróun íbúafjöldans á næstu árum, skv. húsnæðisáætluninni eru:

- Auknir möguleikar á að sinna störfum án sérstakrar staðsetningar með tilkomu ljósleiðara og möguleikum á vinnuástöðu í húsnæði á vegum sveitarfélagsins.
- Tækifæri í aukinni atvinnusköpun í tengslum við uppbyggingu þekkingarseturs við Gíg, nýsköpun í vinnslu orkuauðlinda og til fullvinnslu afurða á svæðinu.
- Áframhaldandi uppbygging þjónustu við ferðamenn.
- Fjölbreyttari búsetukostir.


Hlutfallsleg breyting á íbúafjölda milli ára í sveitarfélögum er afar misjöfn, sérstaklega í þeim fámennari. Að sama skapi geta ástæður óvenjulegra

breytinga verið fjölmargar. Sá möguleiki er fyrir hendi að íbúum fjölgi ekki verulega en á hinn bóginn er hyggilegt að búa í haginn fyrir fjölgun sem gæti orðið, jafnvel skyndilega, með því að hafa til reiðu svæði fyrir nýtt íbúðarhúsnæði í skipulaginu. Það ræðst síðan af framvindunni hve hratt er gengið á þessi svæði. Meta þarf hvaða borð þarf að vera fyrir báru í upphafi skipulagstímans í byggðakjörnum og dreifbýli sveitarfélagsins.

Í húsnæðisáætlun er sett fram miðspá sem gerir ráð fyrir 2% fjölgun á ári allan spátímann, þ.e. í 10 ár. Þótt gildistími þessa aðalskipulags sé lengri er látið nægja að gera ráð fyrir þessari fjölgun, sem gefur að heildarfjölgun yfir 10 ára tímabil verði 22%. Hafa verður í huga að ýmsar forsendur geta breyst á fyrri hluta skipulagstímabilsins og því rétt að yfirfara þær þegar komið er á seinni helminginn áður en frekari ráðstöfun lands fyrir íbúðarbyggð er ákveðin.

Í áætluninni er gert ráð fyrir áframhaldandi vexti í ferðapjónustu, frekari nýtingu jarðvarma til orkuvinnslu og nýsköpun tengd jarðhita. Bættar samgöngur stækka atvinnusvæði næstu þéttbýliskjarna auk þess sem ljósleiðari um sveitarfélagið gerir fólki kleift að sinna fjölbreyttum störfum án fastrar staðsetningar.


Íbúafjöldi í Reykjahlíð 2001-2023



Í Reykjahlíð fækkaði íbúum um fjórðung frá 2006 til 2014 en fjölgaði síðan mjög ört frá 2014 til 2020, með vaxandi ferðapjónustu við Mývatn. Til þess að geta tekið við 22% fleiri íbúum í Reykjahlíð þarf um 25 íbúðir.

Sveitarfélagið gerir ráð fyrir áframhaldandi vexti íbúðarbyggðar í Reykjahlíð við Mývatn með stækkun íbúðarbyggðarreita innan þéttbýlismarka.

Íbúafjöldi á Laugum 2001-2023



Þéttbýlið Laugar byggir á sterkum grunni, þar er fiskverkun og framhaldsskóli. Þéttbýlið er klofið sundur af þjóðvegi 1 en tækifæri eru til vaxtar sitthvoru megin við þjóðveg.

Íbúum á Laugum hefur ekki fjölgað jafn mikið og í Reykjahlíð. Til þess að geta tekið við 22% fleiri íbúum á Laugum þarf um 11 íbúðir.

Sveitarfélagið gerir ráð fyrir mögulegri stækkun íbúðarsvæðis vestan megin í byggðinni, ofan Hólavegar og Lautavegar þar sem staðsettar eru verslunar- og þjónustubyggingar. Að austan er að finna Laugaskóla, Leikskólann Krílabæ, íþróttamiðstöð með sundlaug og framtíðar stjórnsýsluhús. Mögulegt er að stækka íbúðabyggð austan til að Laugum í framhaldi af núverandi íbúðabyggð.

Bæði í Reykjahlíð og á Laugum eru því nægilega stór íbúðarsvæði til að taka við þeirri fjölgun sem húsnæðisáætlunin gerir ráð fyrir.

Miklu færri búa í öðrum byggðakjörnum og þar er umfang óbyggðra svæða sem ætluð eru fyrir íbúðabyggð tvímælalaust nægilegt. Á Tjarnamel í Ljósavatnsskarði er töluvert svigrúm til áframhaldandi þróunar í framhaldi af núverandi íbúðabyggð og það sama á við um Aðalgerði í Aðaldal.

Sveitarfélagið vill efla búsetu í dreifbýli. Þar er bæði um að ræða búsetu á bæjartorfum, oftast í tengslum við landbúnað og á sérstökum reitum fyrir íbúðarbyggð utan þéttbýlismarka. Sumir þessara reita hafa verið deiliskipulagðir. Með þessum reitum og almennum heimildum fyrir íbúðir á landbúnaðarsvæðum er auðvelt að koma fyrir verulegri fjölgun íbúa í dreifbýli.

### 3.1.2 Markmið

Svigrúm sé til að taka við fjölgun íbúa og þeir hafi val um staðsetningu, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

- Afmörkuð eru svæði fyrir íbúðarbyggð í fimm þéttbýliskjörnum auk almennrar heimildar fyrir íbúðir á landbúnaðarsvæðum og íbúðarreitum í dreifbýli.
- Í skilmálum fyrir landbúnaðarland með dreifbýlisbúsetu (L-1) er kveðið á um rýmri heimildir fyrir ný íbúðar- og frístundahús og atvinnustarfsemi nálægt núverandi bæjartorfum eða þjóðvegum.

Fjölbreytni húsagerða og íbúðastærða mæti þörfum sem flestra og í samræmi við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins á hverjum tíma.

- Í almennum skilmálum fyrir íbúðarbyggð er kveðið á um að deiliskipulag taki tillit til þessara þarfa.



## 3.2 Byggðarmynstur

### 3.2.1 Forsendur


Skilgreind þéttbýli eru í Reykjahlíð, á Laugum, Skútustöðum, í Aðalgerði (Aðaldal) og á Tjarnamel (Stórutjarnir). Búseta í dreifbýli er á landbúnaðarsvæðum í dölum og við Mývatn. Byggðin er nokkuð dreifð eins og myndin sýnir. Margir íbúar þurfa því fara nokkuð langar vegalengdir til að sækja þjónustu eða hitta hver annan.

Íbúafjöldi á Skútustöðum, Aðalgerði og Tjarnamel er undir því viðmiði sem sett er í skipulagsreglugerð, þ.e. að þar búi a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa sé að jafnaði ekki yfir 200 metra. Sveitarstjórn telur að þessir kjarnar, þótt smáir séu, hafi fest sig í sessi sem miðstöðvar fræðslu eða annarrar þjónustu og því eðlilegt að þar geti íbúar sest að.

Á þéttbýlisstöðunum eru einbýlishús, par- og raðhús ráðandi húsagerðir, auk bygginga þeirra þjónustustofnana sem þar er að finna.

Fyrir þéttbýlin eru skilgreind þéttbýlismörk og eru þau um leið vaxtarmörk, þ.e. ekki er gert ráð fyrir byggðin teygi sig lengra á skipulagstímabilinu heldur verði þegar afmörkuð svæði fullnýtt.

Alls eru skráð um 500 frístundahús í sveitarfélaginu (september 2023). Frístundahús eru flest í Fnjóskadal og Aðaldal og eru þau almennt í góðum tengslum við íbúðarbyggð og vegakerfi.




Íbúðarhús (bláir hringir) og frístundahús og fjallaskálar (rauðir þríhyrningar). Myndin er byggð á gögnum Landmælinga.

Búseta í dreifbýli markast nokkuð af því að þar fjölga möguleikum til þátttöku í öðrum atvinnugreinum en landbúnaði. Það styrkir afkomu þeirra sem vilja stunda landbúnað en gefur líka færi á búsetu í dreifbýli án tengsla við landbúnað. Landbúnaður er mikilvæg hagnýting auðlinda fyrir matvælaframleiðslu, sjá nánar umfjöllun um gróður og jarðveg í kafla um auðlindir og vistkerfi hér á eftir. Á hinn bóginn getur dreifð búseta og innviðir sem henni tengjast gengið á landslagsauðlindina og því mikilvægt að setja fram stefnu um búsetu og frístundabyggð í dreifbýli sem ekki tengist landbúnaði.

Tengingar við þéttbýlisstaði í nágrennasveitarfélögum eru mikilvægar. Leiðin frá Reykjahlíð til Akureyrar er 83 km löng eftir tilkomu Vaðlaheiðarganga, en Húsavík er í 55 km fjarlægð. Milli Reykjahlíðar og Lauga eru 36 km. Leiðin frá Laugum til Akureyrar er 47 km löng eftir tilkomu Vaðlaheiðarganga en Húsavík er í 40 km fjarlægð.

Í Reykjahlíð er dagvöruverslun, apótek og heilsugæsla. Heilsugæsla og dagvöruverslun er á Laugum. Sveitarstjórn hefur skrifstofur á báðum stöðum.

Aðra sérhæfða þjónustu og verlanir þurfa íbúar að sækja til Akureyrar eða Húsavíkur.



*Þéttbýlisstaðir í sveitarfélaginu og í grennd við það.*

### 3.2.3 Markmið

Þéttbýliskjarnar þróast í Reykjahlíð, að Laugum í Reykjadal, Skútustöðum við Mývatn, Aðalgerði í Aðaldal og Tjarnamelur í Ljósavatnsskarði. Reykjahlíð og Laugar verði styrkt sem meginkjarnar verslunar og þjónustu í sveitarfélaginu.


- Þéttbýliskjarnar eru afmarkaðir á framangreindum stöðum og sett fram stefna um landnotkun innan þeirra.

Ásýnd miðsvæða í þéttbýli verði fegruð með gróðri, vönduðum yfirborðsefnum og áhugaverðri lýsingu. Listræn útfærsla í stökum byggingum eða umhverfi verði kennileiti og mótandi fyrir staðaranda.

- Afmörkuð eru miðsvæði (M) í Reykjahlíð og að Laugum og settir skilmálar um aðlaðandi yfirbragð.

Búseta í dreifbýli án beinna tengsla við landbúnað verði álitlegur kostur, t.d. fyrir fólk sem sinnir störfum án staðsetningar, með áherslu á að beina uppbyggingu á þegar byggð svæði. Nýbyggingar utan þéttbýlis rísi almennt þar sem byggð er fyrir og í þyrpingum. Áhersla er á endurgerð þeirra húsa sem fyrir eru, en nýjar byggingar miði við að styrkja svipmót svæðisins.

- Afmörkuð eru ýmis smærri íbúðarsvæði utan þéttbýliskjarna og skilgreindar almennar heimildir fyrir íbúðir á landbúnaðarsvæðum, með ákvæðum um að ekki sé gengið á gott landbúnaðarland og sérstæða náttúru.
- Í skilmálum fyrir landbúnaðarland með dreifbýlisbúsetu (L-1) er kveðið á um rýmri heimildir fyrir ný íbúðar- og frístundahús og atvinnustarfsemi nálægt núverandi bæjartorfum eða þjóðvegum.
- Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði er kveðið á um að forðast beri að byggja stök hús á víðavangi.



Myndin sýnir gróflega hvar rýmri heimildir um búsetu gilda, sbr. skilmála fyrir reit L-1, landbúnaðarland með dreifbýlisbúsetu.


## 3.3 Samfélagsþjónusta

### 3.3.1 Forsendur

Félagsþjónusta Norðurbings hefur umsjón með félagsþjónustu í sveitarfélagu samkvæmt samningi. Boðið er upp á félagslegar íbúðir og sértæk húsnæðisúrræði fyrir eldri borgara á sameiginlegu þjónustusvæði um almenna og sértæka félagsþjónustu. Heilbrigðisstofnun Norðurlands býður upp á ýmsa þjónustu fyrir aldraða; hjúkrunarrými, hvíldarinnlagnir, leiguíbúðir og búseturéttaríbúðir. Nýtt hjúkrunarheimili á Húsavík með 60 dvalarrýmum hefur verið boðið út.

Nokkrar sveiflur hafa verið í fjölda þeirra sem mest nýta þjónustu sveitarfélagsins. Börn á grunnskólaaldri og undir grunnskólaaldri eru um þriðjungur færri en um aldamót, en eldri borgurum hefur fjölgað lítillega á tímabilinu.

Aldurshópar í Þingeyjarsveit 1998-2023



Grunnskólar með unglíngadeild og tónlistarkennslu eru í þéttbýlum Reykjahlíð, Tjarnamel og Aðalgerði. Leikskólar eru í Reykjahlíð, á Laugum, Tjarnamel og Aðalgerði. Á Laugum er starfandi framhaldsskóli.

Í Reykjahlíð er íþróttahús. Á Laugum er íþróttahús, 25 metra sundlaug ásamt íþróttasvæði með góðri aðstöðu til íþróttaiðkunar. Utan þéttbýlis í Reykjahlíð eru m.a. golfvöllur og hesthúsasvæði.

Í samstarfi við umhverfisráðuneytið hefur verið stofnað til uppbyggingar gestastofu og þekkingarklasa í gamla húsnæði Skútustaðaskóla, sem nefnist Gígur. Þannig hefur skapast sameiginlegur vettvangur fyrir frumkvöðla, fyrirtæki og stofnanir, sem vinna á sviði þekkingar, rannsóknar, miðlunar og nýsköpunar. Þar er starfsstöð fyrir Vatnajökulspjóðgarð á NA landi, Umhverfisstofnun og Rannsóknastöðina við Mývatn (Ramý).

Þekkingarsetrið Mikley er staðsett í Reykjahlíð og að Gíg, Skútustöðum. Bókasöfn eru í Skjólbrekku á Skútustöðum, á Laugum, í Pingeyjarskóla og í Stórutjarnarskóla.

Slökkvistöðvar eru tvær; við Kvíhólsmýri á Laugum og við Múlaveg í Reykjahlíð.

Íbúar sækja að öðru leyti sérhæfða þjónustu og verslanir til Akureyrar eða Húsavíkur.

### 3.3.2 Markmið

Íbúar njóti sem bestar nærþjónustu. Öryggi og heilbrigði íbúa og gesta verði tryggt eins og best er kostur með vandaðri heilbrigðisþjónustu, þjónustu við aldraða, löggæslu, sjúkraflutningum og brunavörnum. Góðar samgöngur innan sveitarfélagsins og til annarra byggðarlaga tryggja aðgengi að heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins og sérfræðiþjónustu sem sækja þarf út fyrir sveitarfélagið.

- Afmarkaðir eru reitir fyrir samfélagsþjónustu og íþróttasvæði í þéttbýliskjörnum.
- Sóknarkirkjur í dreifbýli með reglulegu helgihaldi eru tilgreindar á skipulagsupprætti.

Íbúar hafi aðgang að opnum svæðum til útivistar og góðri aðstöðu fyrir íþróttaiðkun, bæði íþróttahúsum og völlum.

- Opin svæði (OP) og íþróttasvæði (ÍP) eru afmörkuð á skipulagsupprætti.
- Fjölbreyttar göngu- og reiðleiðir eru í sveitarfélaginu en þær helstu eru sýndar á skipulagsupprætti, sjá nánar kafla 4.1. um vegi og stíga.

## 3.4 Atvinnustarfsemi

### 3.4.1 Forsendur

Langstærstur hluti láglendis í Pingeyjarsveit er nýttur fyrir landbúnað og gert ráð fyrir að svo verði áfram. Landbúnaðurinn byggir á því að nýta landrými, frjóan jarðveg og ýmis gróðurvistkerfi, sem fjallað er um í kafla 5.1. Landbúnaður er ólíkur annarri atvinnustarfsemi að því leyti að algengast er að hvert býli sjái öllu starfsfólki fyrir húsnæði, afli eigin drykkjarvatns og hafi eigin fráveitu.

Ferðaþjónusta hefur lengi verið helsti atvinnuvegur á Mývatnssvæðinu en hún hefur vaxið hratt á undanförunum árum og orðið önnur meginstoð atvinnulífs í sveitarfélaginu öllu. Hún kallar á margt starfsfólk og leiðir af sér ýmsa hliðarstarfsemi, t.d. í afþreyingu, matvælavinnslu, byggingariðnaði ofl. Í sumum tilfellum fléttast ferðaþjónusta og landbúnaður saman, þannig að báðar greinar njóta góðs af.

Með þessu hafa efnahagslegar forsendur búsetu og húsnæðismarkaðar styrkst, ekki síst í dreifbýli. Að sama skapi hefur eftirspurn eftir íbúðar- og atvinnuhúsnæði í dreifbýlinu aukist.

Í þéttbýli er færi á að skipuleggja atvinnusvæði með úrvali lóða og góðu aðgengi að veitum og öðrum innviðum, auk nærþjónustu. Eðlilegt er að það henti betur fyrir sum fyrirtæki og að þau velji slíka staði umfram dreifbýli.

Í sveitarstjórn Pingeyjarsveitar er áhugi á því að greiða fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Skipulagsákvæði eru því höfð fremur rúm hvað þetta varðar.

### 3.4.2 Markmið

Hefðbundinn landbúnaður verði áfram grunnstoð atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu og grunnur fyrir þróun og nýsköpun.

- Kveðið er á um vernd góðs ræktarlands í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarland, með vísun í leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands.

Svigrúm sé fyrir margvíslega atvinnustarfsemi og nýsköpun, bæði í dreifbýli og þéttbýli.

- Almenn heimild er fyrir annarri atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum með dreifbýli (L-1) að vissu marki.
- Afmarkaðir eru reitir fyrir atvinnustarfsemi í þéttbýliskjörnum.

Atvinnustarfsemi falli vel að annarri landnotkun og gangi ekki verulega á sameiginleg gæði, t.d. heilnæmt umhverfi og aðlaðandi yfirbragð byggðar eða landslags.

- Settir eru skilmálar fyrir atvinnusvæði til að fylgja markmiðinu eftir.

## 3.5 Lýðheilsa

### 3.5.1 Forsendur

Skipulag getur gegnt mikilvægu hlutverki í að [styðja við lýðheilsu](#). Almenningsrými, þ.m.t. götur, gangstéttar, stígar, garðar, leiksvæði og torg, gegna mikilvægu hlutverki því þar er tækifæri til að styðja við hreyfingu, leik og virka fararmáta með því að móta skjólgott, öruggt og aðlaðandi umhverfi. Þar er einnig hægt að skapa tækifæri til að hitta aðra og komast í snertingu við gróður og annað lífríki.

Í skipulagi þéttbýlis er lögð áhersla á góðar tengingar með öruggum götum og hjóla- og göngustígum sem stuðlar að notkun virkra ferðamáta. Byggðakjarnar í Pingeyjarsveit eru smáir og bjóða mismikla þjónustu en innan þeirra má hvetja til virkra fararmáta m.a. með eftirfarandi ráðstöfunum:

- Gera göngu- og hjólaleiðir hindranalausar og aðlaðandi, t.d. með því að hafa gangstéttar hæfilega breiðar og með yfirborð sem hentar farartækjum með lítil hjól.
- Gæta að aðgengi fyrir alla og koma fyrir bekkjum fyrir þá sem þurfa hvíld á leiðinni.
- Gera umhverfi göngu- og hjólaleiða aðlaðandi, t.d. með gróðri og list.
- Tryggja öryggi þeirra sem nota göngu- og hjólastíga með hæfilegum aðskilnaði frá akandi umferð.
- Hafa hjólastæði við helstu áfangastaði.
- Þetta byggð með því að nýta lausar lóðir, sérstaklega í eldri bæjarhlutum þar sem stutt er til áfangastaða.

Áherslur af þessu tagi eru í góðu samræmi við markmið um vistvæna ferðamáta og minnkaða losun gróðurhúsalofttegunda.

Framkvæmdir eru nýlega hafnar við göngu- og hjólastíg kringum Mývatn sem nýtist bæði heimafólki og ferðafólki.

Annar mikilvægur þáttur í lýðheilsu er að umhverfið sé heilnæmt og ómengað. Fyrir því er að mestu séð með reglugerðum, t.d. um drykkjarvatn, fráveitu, losun frá iðnaði og mengunarvarnaeftirlit. Í skipulagi er leitast við að aðskilja atvinnustarfsemi og íbúðarbyggð, þ.e. þá atvinnustarfsemi sem á illa heima innan um íbúðir. Engu síður getur

nálægðin verði mikil og þá mikilvægt að á atvinnusvæðum sé tekið sé tillit til nálægra íbúða. Þó er útilokað að koma alveg í veg fyrir einhver óþægindi sem fylgja atvinnustarfsemi í blandaðri byggð.

### 3.5.2 Markmið

Stuðlað verði að heilsueflingu íbúa á öllum aldri með góðum aðstæðum til íþróttar- og útivistar. Komið verði fyrir aðstöðu eins og bekkjum, borðum, leiktækjum og æfingataækjum, á völdum stöðum.

- Markmiðið endurspeglast í almennum skilmálum fyrir opin svæði, íbúðarbyggð og miðsvæði.

Í þéttbýli sé heilnæmt og ómengað búsetuumhverfi, þar sem atvinnustarfsemi er hluti af blandaðri byggð í góðri sátt við íbúa.

- Í almennum skilmálum fyrir iðnaðar- og athafnasvæði er lögð áhersla á góða ásýnd og vandaðan frágang, sérstaklega þar sem önnur nálæg landnotkun gefur tilefni til, s.s. íbúðarbyggð, miðsvæði, þjónusta og opin svæði.

## 4 Innviðir

### 4.1 Vegir og stígar

#### 4.1.1 Forsendur

Greiðar og öruggar samgöngur eru ein helsta forsenda búsetu og atvinnulífs í dreifbýlu samfélagi.

Fyrir fáum árum var Dettifossvegur byggður upp og lagður bundnu slitlagi. Einnig var lagt bundið slitlag á Kísilveg um Hólasand og nýr vegur lagður

frá Kísilvegi um Peistareyki til Húsavíkur með bundnu slitlagi. Enn þarf að bæta vegi til þess að vegakerfið geti tekið við síaukinni umferð.

Á þjóðvegi 1 eru þrjár einbreiðar brýr innan sveitarfélagsmarka sem áhersla er lögð á að verði endurnýjaðar og breikkaðar. Endurbætur vegna þessara brúa hafa verið settar á samgönguáætlun ríkisins en framkvæmdir tafist og þær færðar aftur í röðina. Meðfram brúarframkvæmdum við Norðausturveg yfir Skjálfandafljót er gert ráð fyrir nýrri veglínu sem styttr vegalengd frá Akureyri til Húsavíkur og nýrri legu Hringvegur við Jökulsá á Fjöllum. Sveitarfélagið leggur áherslu á að lagningu bundins slitlags um sveitarfélagið verði haldið áfram og þá sérstaklega inn Bárðardal vestari, Útkinnarveg, um Dalsmynni og á Sandsveg. Í Laxárdal getur vegurinn verið torfær og þar er snjóflóðahætta. Sunnan við Ljósavatn er mörkuð leið sem nýst getur neyðarbílum í þeim tilfellum sem Þjóðvegur 1 er lokaður eða verður ófær.

Tengingar við stærri þéttbýlisstaði í nágrennasveitarfélögum eru mikilvægar. Fjarlægðir milli helstu þéttbýliskjarna á svæðinu eru eftirfarandi:

- Til Akureyrar eru 47 km frá Laugum og 83 km frá Reykjahlíð.
- Til Húsavíkur eru 40 km frá Laugum en 55 km frá Reykjahlíð.
- Milli Reykjahlíðar og Lauga eru 36 km.

Sprengisandsvegur er einn af fjórum skilgreindum stofnvegum á miðhálandinu skv. [Samgönguáætlun 2020-2034](#). [Landsskipulagsstefna 2015-2026](#) gengur út frá að áfram verði gert ráð fyrir stofnvegum á miðhálandinu og að áfram verði unnið samkvæmt þeirri stefnu sem sett var fram í svæðisskipulagi miðhálands, þ.e. að stofnvegir um miðhálandið skuli byggðir upp sem góðir sumarvegir með brúuðum ám og færir fólksbílum. Miðað sé við að þeir geti verið opnir a.m.k. 4–6 mánuði á ári, eftir atvikum með þungatakmörkunum á vorin þegar jarðvegur er að þiðna. Þar til endurskoðuð stefna liggur fyrir um útfærslu vega á

miðhálandinu, sbr. að framan, verði við endurbyggingu stofnvega um miðhálandið þess gætt að laga þá eftir föngum að landi.

Breyting á núverandi legu Sprengisandsleiðar er háð því hvort og hvernig hugsanleg ný háspennulína yfir Sprengisand verði lögð og mun þar með geta haft breytingar á öðrum fjallvegum í för með sér, sem ekki er gerð grein fyrir í texta svæðisskipulagsins.

Þjóðvegur 1, Hringvegur, liggur þvert í gegnum sveitarfélagið frá Akureyri og austur um. Aðrir stofnvegir tengja byggðina við Húsavík og inn í Bárðardal. Fjölsóttir viðkomustaðir eru Mývatn, Goðafoss og Aldeyjarfoss og vaxandi fjöldi fer um Þeistareykjasvæðið. Meðal viðfangsefna í ferðapjónustu er að lengja dvöl gesta á ferð um sveitarfélagið. Vegurinn kringum Mývatn er einstök ferðamannaleið og um hann er talsverð umferð. Mikilvægt er að huga að öryggi gangandi og hjólandi á leiðinni og mengunarhættu vegna viðkvæmrar náttúru. Þjóðvegurinn fer í gegnum Skútustaði og Reykjahlíð. Bæta mætti veg frá Víðikeri að Stöng til að tengja Bárðardal við Mývatnssveit og bjóða þannig fleiri áhugaverðar leiðir.

[Áfangastaðaáætlun Norðurlands](#) markar ramma fyrir skipulagsmál tengd ferðapjónustu. Áfangastaðaáætlunin markar sýn á ferðapjónustu í landshlutanum og setur aðgerðaáætlun til þriggja ára í senn. Aðalverkefni áfangastaðaáætlunar Norðurlands er þróun og uppbygging [Norðurstrandarleiðar](#) (The Arctic Coast Way) og liggur hluti hennar í gegnum Pingeyjarsveit. Með tilkomu leiðarinnar má reikna með auknum ferðamannastraumi um Norðausturland, bæði eftir leiðinni sjálfri og mögulega hringleiðum eða slaufum sem tengjast henni.

Í áfangastaðaáætluninni eru skilgreindir helstu seglar Norðurlands og af þeim eru fimm í Pingeyjarsveit: Goðafoss, Aldeyjarfoss, Dettifoss, Askja og Mývatnssvæðið. Einnig eru skilgreind forgangsverkefni og á því

undirsvæði áætlunarinnar sem Pingeyjarsveit tilheyrir (Mývatn-Húsavík-Pingeyjarsveit) er innviðaupbygging á Þeistareykjum.

## Vegir í náttúru Íslands

Við gerð aðalskipulags ber sveitarfélögum að skila tillögu að skrá um vegi, aðra en þjóðvegi, í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 2. mgr. 7. gr. vegalaga, nr. 80/2007. Kveðið er á um skrána í 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og í reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Tillaga sveitarfélagsins er sýnd á skýringaruppdrætti. Við mótun tillögunnar var stuðst við vegagögn Landmælinga Íslands en til viðbótar voru færðar inn leiðir sem oft eru farnar og gætu gegnt mikilvægu hlutverki við að gefa aðgang að landinu og upplifunum af því.

Samráð verður haft við Umhverfisstofnun, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, Landvernd, SUNN, Fjöregg, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðapjónustunnar.

## Göngu- og hjólaleiðir

Í sveitarfélaginu er mikill fjöldi stíga sem skipta miklu máli vegna almennrar upplifunar og lýðheilsu íbúa og ferðapjónustu.

Unnið hefur verið að uppbyggingu göngu- og hjólastígs í kringum Mývatn sem opnar möguleika hjólréiðafólks til að upplifa og ferðast um landslag og náttúru Mývatnssveitar út frá forsendum vistvænna samgangna og um leið að stuðla að öruggari umferð á þjóðveginum innan sveitarinnar. Tækifæri liggur í að tengja saman helstu ferðamannastaði með þessum aðalstíg s.s. Dimmuborgir, Hverfjall, Grjótagjá, Höfða, Skútustaðagíga, Laxá, Belgjarskóg, Slútnes, Jarðböðin o.fl. áhugaverða og vinsæla áfangastaði. Áætlað er að öll leiðin verði 30 km. Utan við þennan algengasta hring eru margir mikilvægir staðir s.s. Námaskarð, Víti og



Krafla, sem mikilvægt er að tengja almenna stígakerfinu. Lagt hefur verið bundið slitlag frá Reykjahlíð að Höfða.

Einnig er gert ráð fyrir göngu- og hjóleiðastíg milli Lauga og Pingeyjarskóla enda samgangur mikill og breyttar forsendur með þróun örflæðis ferðamáta. Fjölmargar gönguleiðir eru í dreifbýlinu og um óbyggðir í sveitarfélaginu liggja gönguleiðir yfirleitt um heiðar, fjallvegi og/eða gamlar þjóðleiðir. Aðrar liggja langsum eftir dölum og heiðum og fylgja stundum núverandi vegakerfi. Margar leiðir eru vinsælar göngu-, hlaupa- eða hjólaleiðir. Samstarf hefur verið við Vatnajökulspjóðgarð um merkingar, uppbyggingu og viðhald leiða innan þjóðgarðsins.

Á skýringaruppdrætti eru sýndar göngu- og hjólaleiðir sem sveitarstjórn leggur áherslu á að séu opnar eða þróist á næstu árum og tilgreint hvort yfirborð er náttúrulegt eða bundið slitlag. Stefnt er að öruggu aðgengi hjólandi og gangandi vegfarenda frá Stórutjarnaskóla um Fosshól að Laugum, frá Pingeyjarskóla að Laugum og frá Laugum upp í Mývatnssveit. Aðrar leiðir eru víðsvegar og eru ýmist merktar, ómerktar eða meðfram jeppavegum og slóðum. Gönguleiða- og upplýsingaskilti er að finna við flestar merktar leiðir. Almenn er hjólaumferð leyfð á göngustígum nema merkingar á vettvangi gefi annað til kynna. Að sama skapi samanstendur reiðleiðanetið að hluta af gömlum þjóðleiðum sem eru opnar öðrum notendahópum. Mikilvægt er að kurteisi og tillitsemi sé í fyrirrúmi þegar ólíkir notendahópar nýta sömu leiðirnar.

### Reiðleiðir

Reiðleiðir liggja víða um sveitarfélagið og þær gegna mikilvægu hlutverki fyrir heimamenn og í vaxandi mæli ferðapjónustuna. Sumar þeirra eru gamalgrónar ferðaleiðir.

Í aðalskipulagi er mörkuð stefna um meginreiðleiðir innan sveitarfélagsins og þær flokkaðar í stofnleiðir og héraðsleiðir. Sú leið er því farin að sýna allt reiðleiðanetið í heild á sérstökum skýringaruppdrætti frekar en að sýna

þær á skipulagsuppdráttum. Með því setur sveitarstjórn fram stefnu um að reiðleiðir myndi þétt, fjölbreytt og heildstætt net en lítur ekki svo á að lega stakra leiða sé fastsett. Ekki er mörkuð sérstök stefna um áningarstaði.

### 4.1.2 Markmið

Samgöngur innan sveitarfélagsins og samgöngutengingar við önnur sveitarfélög séu greiðar og öruggar. Þannig verði stuðlað að auknu jafnrétti til náms, starfa og þjónustu, auk þess sem stuðlað er að umhverfissvænni samgöngum.

- Stofn- og tengivegir eru sýndir á skipulagsuppdrætti.

Unnið verði að uppbyggingu héraðsvega með bundnu slitlagi og að einbreiðar brýr heyri sögunni til.

- Héraðsvegir og mannvirki þeim tengd er ekki bundin í aðalskipulagi heldur er lega ákveðin í deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfisgögnum.

Gatnakerfi innan þéttbýlisstaða þjóni öllum samgöngumátum og tryggi öryggi allra vegfarenda. Í þéttbýli verði lögð áhersla á uppbyggingu og frágang á aðalgönguleiðum sem tengja íbúðarsvæði við önnur svæði í byggðakjörnum, svo sem atvinnusvæði, skóla- og þjónustustofnanir og útivistarsvæði. Aðalgönguleiðir verði hannaðar þannig að þær nýtist jafnt gangandi og hjólandi vegfarendum.

- Í almennum skilmálum fyrir íbúðarsvæði er mælt fyrir um að við endurskoðun deiliskipulags verði lögð áhersla á fjölbreytta ferðamáta. Sams konar áhersla kemur fram í almennum skilmálum miðsvæða.

Utan þéttbýlis verði áhersla lögð á að tengja göngu-, hjóla- og reiðleiðir enn betur við sögu, menningu og náttúru svæðisins með góðum

merkingum. Stígar falli vel að landslagi og umferð sé stýrt á þann hátt að viðkvæm svæði séu varin fyrir ágangi.

- Skýringaruppdráttur sýnir heildstætt net reiðleiða og helstu gönguleiðir.

Stefnt er að tengingu helstu þéttbýlisstaða með göngu- og hjólastígum eftir því sem færi er á.

- Á skýringaruppdrætti eru sýndar göngu- og hjólaeiðir sem tengja saman þéttbýlisstaði sveitarfélagsins.

## 4.2 Almenningsamgöngur

### 4.2.1 Forsendur

Strætó sér um áætlunarferðir milli staða á Norðurlandi, með viðkomu á Tjarnamel, Fosshóli, Laugum, Aðalgerði, Skútustöðum og Reykjahlíð.

Flugfélagið Ernir sinnir áætlunarflugi milli Húsavíkur og Reykjavíkur en nokkur óvissa ríkir um framtíð þess. Flugvöllurinn er staðsettur í Aðaldal. Flugvöllurinn er með 1600 m langri upplýstri flugbraut með bundnu slitlagi, og þar er stór og vel búin flugstöð ásamt 400 m<sup>2</sup> tækjageymslu. Völlurinn er að hluta innan staðarmarka sveitarfélagsins en meginhluti hans er í Norðurþingi.

Flugvöllur hefur um langt skeið verið um 1 km norðan þéttbýlis í Reykjahlíð. Flugbrautin er klædd bundnu slitlagi. Flugvöllurinn þjónar útsýnisflugi, einkum yfir sumarmánuðina, en auk þess sjúkra- og neyðarflugi. Flugáhugamenn hafa þar einnig aðstöðu, en áhugi á einkaflugi hefur farið vaxandi á síðari árum. Flugvöllurinn og flugreksturinn er mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu í Mývatnssveit. Um er að ræða um

7-10 ha svæði, eina 1.000 m langa flugbraut nánast í norður/suður stefnu. Þar standa afgreiðsluhús og flugskýli.

Flugbraut er í Herðubreiðarlindum (malarbraut, landingarstaður án þjónustu).

### 4.2.2 Markmið

Stefnt er að því að almenningsamgöngur geti verið raunhæfur valkostur þegar ferðast er á milli byggðarkjarna og til nágrannabyggða. Þannig verði stuðlað að auknu jafnrétti til náms, starfa og þjónustu, auk þess sem stuðlað er að umhverfisvænni samgöngum.

- Í skilmálum miðlægra þjónustureita í hverjum þéttbýliskjarna er gert ráð fyrir viðkomustað almenningsvagna.

Áfram verði flugvellir í Aðaldal og Reykjahlíð sem nýtist fyrir flugrekstur.

- Afmarkað er svæði fyrir flugbraut við Reykjahlíð (FV-560).
- Afmarkað er svæði fyrir hluta af Húsavíkurflugvelli í Aðaldal (FV-230).

## 4.3 Orkudreifing

### 4.3.1 Forsendur

Aðalskipulagið nær til þess hluta flutningskerfisins sem er á vegum Landsnets en ekki er mörkuð stefna í aðalskipulaginu um dreifingu á lægri spennustigum. Flutningskerfi Landsnets innan marka sveitarfélagsins samanstendur af:

- Húsavíkurlína 1 - 33 kV loftlína
- Hólasandslína 3 - 220 kV loftlína

- Tengivirki á Hólasandi
- Kópaskerslína 1 - 66 kV, jarðstrengur
- Kröflulína 1 - 132 kV loftlína
- Kröflulína 2 - 132 kV loftlína
- Kröflulína 3 - 220 kV loftlína
- Kröflulína 4 - 220 kV loftlína
- Tengivirki í Kröflu
- Þeistareykjalína 1 - 220 kV loftlína
- Þeistareykjalína 2 - 66 kV jarðstrengur
- Laxá tengivirki
- Þeistareykir tengivirki

Gert er ráð fyrir tveimur nýjum tengivirkjum, á Suðurárhrauni (I-940) og á Vallafjalli (I-730). Laxárlína 1 verður lögð af.

Innansveitar rafínur eru víða gamlar og flutningsgetan lítil. Þriggja fasa rafmagn er víða ekki til staðar.

### 4.3.2 Markmið

Íbúar og fyrirtæki hafi aðgang að nægri raforku en flutningsmannvirki skerði ekki landslagsauðlindina (sjá kafla 5.2) og raski umhverfi sem minnst.

- Núverandi flutningskerfi er sýnt á skipulagsuppdráttum en sett almenn heimild í skilmálum fyrir stofn- og tengivegi um að meðfram þeim megi leggja háspennustrengi.

Dreifikerfi raforku sé almennt í jörð og að hvarvetna í sveitarfélaginu sé aðgangur að þriggja fasa rafmagni.

- Aðalskipulagið tekur ekki afstöðu til legu strengja eða loftlína í dreifikerfi. Málsmeðferð verði sú sem áskilin er við útgáfu framkvæmdaleyfa.

## 4.4 Fjarskipti

### 4.4.1 Forsendur

Hröð og örugg fjarskipti eru lykilatriði, bæði fyrir lífsgæði íbúa og öryggi. Allir íbúar sveitarfélagsins hafa nú þegar aðgang að ljósleiðara en nokkuð vantar upp á að allir bæir hafi góðan aðgang að farneti.

Mannvirki fyrir fjarskipti eru almennt fyrirferðarlítill og ekki afmörkuð sérstaklega í aðalskipulagi heldur mörkuð almenn stefna um að mannvirkjagerð af því tagi sé heimil enda mikilvægt að aðgangur að fjarskiptakerfum sé sem víðast.

Lega ljósleiðarastrengja er af öryggisástæðum almennt ekki höfð opinber og er lega slíkra strengja því ekki sýnd á aðalskipulagsuppdrætti. Um ljósleiðara gildir einnig að erfiðara er að greina milli stofn- og dreifikerfis. Lagning strengjanna veldur almennt ekki verulegri röskun á yfirborði.

Um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara gildir það sama og þegar lagðar eru lagnir annarra dreifikerfa og eru ekki taldar stofnlagnir.

### 4.4.2 Markmið

Alls staðar í sveitarfélaginu sé öruggur aðgangur að hraðvirkum fjarskiptakerfum.

- Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði, opin svæði og skógræktar- og landgræðslusvæði kemur fram að gert sé ráð fyrir

minniháttar mannvirkjum fyrir fjarskiptakerfi enda falli mannvirki af þessu tagi vel að landi og séu lítt áberandi.

- Í almennum skilmálum fyrir stofn- og tengivegi segir að gert sé ráð fyrir öðrum innviðum meðfram vegum, t.d. ljósleiðara.

## 4.5 Vatnsveita

### 4.5.1 Forsendur

Í dreifbýli sér hver landeigandi um að afla vatns til sinna þarfa en vatnsveitur eru reknar í þéttbýliskjörnum. Í Reykjahlíð kemur kalt vatn úr Austraselslindum sem nýtist í þéttbýlinu þar og nágrenni, Vogum og Birkilandi. Í þéttbýlinu Skútustöðum er vatn tekið úr brunnum og rekstur hvernar veitu á borði viðkomandi landeigenda. Brunnur er við Skútustaði sem nýtt er af Sel-hótel Mývatn og nálægum húsum, annar brunnur er við Gíg gestastofu og einn er við Skjólbrekku.

Pingeyjarskóli og Ýdalir fá vatn úr Skarðsveitu sem er í eigu landeigenda að Garði. Sveitarfélagið er skyldugt til að skaffa vatn á móti úr lind sem staðsett er sunnan við Pingeyjarskóla. Vatnið úr þessum lindum er nýtt á alla nágrannabæi og í fyrirhugaðri íbúðarbyggð við Aðalgerði

Megnið af því neysluvatni sem nýtt er á Laugum kemur úr vatnslind við bæinn Brún. Laugaskóli er tengdur lind úr hlíðinni sem og húsin í götunni við skólann. Vestan við Lauga er gömul lind sem er notuð á húsin í landi Hóla og sem varalind fyrir þéttbýlið í heild.

Við Tjarnamel (Stórutjarnir) var lögð ný lögn ofan úr brekku árið 2022 sem tengd er við Stórutjarnarskóla og öll hús í þéttbýlinu,

Við Peistareykjaskála er svo vatnslind í eigu sveitarfélagsins sem nýtt er í skálann og hesthús á svæðinu.

Skilgreind eru svæði fyrir helstu vatnsból en fjallað er um vatnsverndarsvæði þeim tengd í kafla um vatnsvernd. Stofnæðar koma fram á skipulagsuppdrætti en að öðru leyti er dreifikerfi vatnsveitu ekki tilgreint í aðalskipulaginu.

### 4.5.2 Markmið

Tryggja skal aðgengi að góðu neysluvatni fyrir íbúa og fyrirtæki. Þess skal gætt að rekstur veitumannvirkja valdi sem minnstu raski á umhverfinu.

- Á skipulagsuppdráttum koma fram vatnsból (flokkur VB) og stofnæðar frá vatnstökusvæðum að þéttbýlunum (flokkur VH-V). Í skilmálum er tilgreint að lega stofnæða á skipulagsuppdráttum sé ekki bindandi.

## 4.6 Hitaveita

### 4.6.1 Forsendur

Hitaveita er í Reykjahlíð, Skútustöðum, Vogum, á Laugum, í Aðaldal, Kinn, Fnjóskadal og á Stórutjörnum en víða er húsnæði kynt með rafmagni. Fagradalsveita dreifir heitu vatni til húshitunar á Gautlöndum, Arnarvatni, Hótel Laxá og að Helluvaði. Í dreifbýlinu eru sérveitur án aðildar sveitarfélagsins.

Þrátt fyrir að mikill jarðvarmi sé innan sveitarfélagsins gera fjarlægðir það að verkum að ekki er framkvæmanlegt að hitaveituvæða sveitarfélagið í heild sinni en fullur vilji er innan sveitarfélagsins til að leita leiða til dreifingar á heitu vatni til húshitunar á fleiri svæði, sé þess nokkur kostur, svo fleiri geti notið þeirra lífsgæða sem hitaveita býður upp á.

## 4.6.2 Markmið

Íbúum og fyrirtækjum verði tryggður aðgangur að hitaveitu með stofn- og dreifilögnum jarðvarma, eins og mögulegt er.

- Í almennum ákvæðum fyrir landbúnaðarsvæði (L) er gert ráð fyrir vatnsöflun (borholum) og veitukerfum. Í almennum ákvæðum fyrir stofnkerfi hitaveitu (VH-H) er tilgreint að sýnd lega á skipulagsuppdrætti teljist ekki bindandi og eru nýlagnir og breytingar heimilar ef umhverfisáhrif eru óveruleg.

## 4.7 Fráveita

### 4.7.1 Forsendur

Í Reykjahlíð eru rotprær og lokaðir svartvatnstankar sem sveitarfélagið rekur. Losun fer fram í svartvatnstanki á Hólasandi þar sem svartvatnið verður að áburði sem notaður er til landgræðslu að Hólasandi.

Sveitarfélagið þjónustar þéttbýlið að Laugum með þremur rótpróm. Úrgangur úr þeim er losaður á urðunarstað við Húsabakka við Skjálfandafljót.

Við Tjarnamel (Stórutjarnir) eru tvær rotprær, ein sem þjónustar skólann og önnur sem þjónustar götuna. Tæming fer fram að Húsabakka.

Við Pingeyjarskóla er sameiginleg rotpró með Ýdölum, tæming fer fram að Húsabakka. Einnig eru staðsettar stakar rotprær við þau félagsheimili sem sveitarfélagið rekur, Ljósveitingabúð, Breiðumýri og Skjálbrekka.

Í gildi er [samþykkt um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ frá árinu 2003](#) (Nr. 671, dags. 1.9.2003). Í gildi er [samþykkt um fráveitu í](#)

[Skútustaðahreppi](#) (Nr. 1180, dags. 11.12.2019). Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur eftirlit með losun rotþróa, samanber ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 m.s.br. um fráveitur og skólþ.

Mývatn og lífríki þess nýtur sérstakrar verndar í lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Í reglugerð um verndun Mývatns og Laxár er þess krafist að skólþ sé hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa. Rotpró með siturbeði er í reglugerð um fráveitur og skólþ skilgreind sem tveggja þrepa hreinsivirki og er slíkt hreinsivirki því ófullnægjandi fyrir stærri aðila og fjölmennari staði á vatnasviði Mývatns og Laxár.

Til að lágmarka áhrif á lífríki Mývatns er svartvatn skilið frá öðru frárennsli og verður því ekið í safntank á Hólasandi. Þar verður innihaldinu dreift til jarðvegsbóta.

### 4.7.1 Markmið

Meðhöndlun skólþs verði með þeim hætti að heilsa fólks og lífríki beri ekki skaða af og í samræmi við kröfur laga og reglugerða sem um málaflokkinn gilda þ.a.m. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

- Gert er ráð fyrir mannvirkjum á Hólasandi fyrir meðhöndlun á svartvatni.

Leitast verði við að nýta blágrænar ofanvatnslausnir þar sem því verður við komið til að minnka álag á fráveitu og bæta umhverfið.

- Ekki eru sett bindandi ákvæði um þetta þar sem óljóst er hvar og hvernig blágrænum ofanvatnslausnum verður við komið.

## 4.8 Úrgangslösun

### 4.8.1 Forsendur

Terra sér um sorphirðu í Pingeyjarsveit og er notast við þriggja tunnu flokkunarkerfi. Opið er fyrir móttöku sorps frá almenningi og fyrirtækjum á gámasvæðum á Tjarnamel og í landi Grímsstaða.

Sorp er sent til flokkunar á Akureyri en óendurvinnanlegur hluti þess fer til urðunar á urðunarstaðnum Stekkjarvík við Blönduós. Finna þarf stað fyrir urðun óvirks úrgangs, t.d. steypubrot.

### 4.8.2 Markmið

Ábyrg förgun úrgangs í samræmi við gott verklag verði auðveld og aðgengileg. Leitast skal við að draga úr magni úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu.

- Í almennum skilmálum fyrir íbúðarbyggð er lögð áhersla á auðvelda förgun úrgangs á ábyrgan hátt.

## 5 Auðlindir og vistkerfi

### 5.1 Gróður og jarðvegur

#### 5.1.1 Forsendur

Bein hagnýting gróður- og jarðvegsauðlindarinnar er forsenda búsetu og starfsemi í dreifbýli. Landnotkun sem henni tengist birtist aðallega í

afmörkun landbúnaðarsvæða, skógræktar- og landgræðslusvæða og opinna svæða.

Bein hagnýting gróður- og jarðvegsauðlindarinnar í sveitarfélaginu er í meginatriðum þannig:

- Skv. upplýsingum frá MAST er mjólkurframleiðsla á 46 búum, nautaeldi á 58 búum og sauðfjárrækt á 116 búum.
- Gerðir hafa samningar um nytjaskógrækt í atvinnuskyni á um 57 jörðum.

Á lögbýlaskrá 2021 voru 378 lögbýli í sveitarfélaginu öllu.

#### Flokkun landbúnaðarlands

Í mars 2021 gaf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið út [leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands](#). Þar eru settar fram greinargóðar lýsingar á fjórum flokkum eftir hentugleika lands til akuryrkju. Hvernig land flokkast ræðst aðallega af jarðvegsaðstæðum annars vegar og landhæð og halla hins vegar, að frádregnu landi þar sem akuryrkja er útilokuð af náttúrulegum ástæðum, t.d. þar sem eru stöðuvötn eða hraun.

Með útgáfu leiðbeininganna er leitast við að uppfylla markmið jarðalaga nr. 81/2004 en í landsskipulagsstefnu er einnig sett fram stefna um að flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Í leiðbeiningunum eru flokkarnir fjórir skilgreindir sem hér segir:

1. flokkur: Mjög gott ræktunarland

- Góður móajarðvegur og steinefnaríkar mýrar.
- Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur (sendin mylsna) og ekki með grófri möl.
- Jarðvegsþykkt (dýpt niður á klöpp) a.m.k. 75 cm.
- Land vel þurrk eða auðvelt að þurrka það.
- Ekki miklar mishæðir í landinu.

- Halli innan við 4% (2,29°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 100 m.

## 2. flokkur: Gott ræktunarland

- Mýrar með miklu af lífrænum efnum, lakari móar og góðir sandar og melar.
- Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur og ekki með mjög grófri möl.
- Jarðvegsþykkt a.m.k. 50 cm.
- Land vel þurrkt eða auðvelt að þurrka það.
- Ekki mjög miklar mishæðir í landinu.
- Halli innan við 8% (4,57°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 200 m.

## 3. flokkur: Sæmilegt ræktunarland

- Lakari mýrar, móar, melar og sandar.
- Steinefnahluti jarðvegsins ekki grófari en svo að hægt sé að vinna hann án vandræða.
- Jarðvegsþykkt a.m.k. 25 cm.
- Þurrkunarskilyrði sæmileg.
- Mishæðir ekki meiri en svo að þær hamli notkun landbúnaðartækja.
- Halli innan við 12% (6,84°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 300 m.

## 4. flokkur: Lélegt ræktunarland

Í þennan flokk fellur land neðan 300 m sem ekki uppfyllir skilyrði hinna flokkanna þriggja. Þetta land hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til beitar, skógræktar eða fyrir tún.

Á skýringaruppdrætti með þessari aðalskipulagstillögu er sett fram grófflokkun fyrir sveitarfélagið allt sem byggir á þeim þáttum flokkunarinnar sem vísa til landhæðar og halla en undanskilin eru svæði

sem eru augljóslega grýtt og gróðursnauð skv. athugun á loftmynd og þau svæði þar sem finna má stöðuvötn og lítt raskað votlendi skv. gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nánari flokkun þarf að fara fram með athugun á vettvangi, þar sem jarðvegsaðstæður eru skoðaðar sérstaklega. Þar sem grófflokkunin tekur ekki tillit til þeirra krafna sem gerðar eru til jarðvegarins má segja að gæði landsins njóti alls vafa og nánari skoðun getur aðeins valdið því að land falli í lakari flokk.

Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarland er áskilið að þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar verði metið hve vel land hentar til akuryrkju í samræmi við leiðbeiningarnar og þess verði gætt að gott akuryrkjuland spillist ekki á óafturkræfan hátt að óþörfu.

Mjög stór hluti sveitarfélagsins, þ.e. fjallendið ofan skilgreindra landbúnaðarsvæða fellur í landnotkunarflokkinn óbyggð svæði. Það verður eftir sem áður nýtt á hefðbundinn hátt sem óræktað landbúnaðarland til beitar með þeim takmörkunum sem við eiga.

## Landgræðsla

Landgræðslusvæði eru í Aðaldalshrauni, á Hólasandi og á tveimur stöðum í Bárðardal, þar sem leitast er við að stöðva sandfok og jarðvegsrof. Á Hólasandi er fráveituúrgangur nýttur til jarðvegsbóta. Á mörgum jörðum er Landgræðslan í samstarfi við bændur undir verkefninu Bændur græða landið.

Vorið 2020 setti Landgræðslan fram fyrsta stöðumat á ástandi gróður- og jarðvegsauðlinda landsins. Stöðumatið byggir á rof kortlagningu Rala og Landgræðslunnar og vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.

## Ágengar tegundir

Alaskalúpína og fleiri ágengar tegundir hafa breiðst út á nokkrum stöðum, sbr. gögn Náttúrufræðistofnunar og árin 2019 og 2020 var útbreiðsla

bjarnarklóar, skógarkerfils, spánarkerfils og lúpínu kortlögð á láglandi í Pingeyjarsveit, fyrir sameiningu.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að koma í veg fyrir útbreiðslu ágengra plantna í sveitarfélaginu.

Samkvæmt 10. gr. [reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000](#) er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar (skv. 61. gr. [náttúruverndarlaga nr. 60/2013](#)) og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.

### Skógrækt

Skógrækt er töluvert umfangsmikil í sveitarfélaginu. Skv. gögnum Skógræktarinnar er náttúrulegt birki 16.000 ha og ræktað skóglendi 3.120 ha. Í Fnjóskadal eru þrjú þjóðskógar í eigu Skógræktar ríkisins, Vaglakógur, Mela- og Skuggabjargarskógur og Þórðarstaðaskógur og er í Fnjóskadal eitt mesta samfellda skóglendi á Íslandi.

Einnig eru fjölmargir aðrir skógar í sveitarfélaginu sem margir eru í umsjá Skógræktarinnar. Vegna skógræktarsamninga hafa verið afmarkaðir reitir, alls 2.583 ha þar sem gert er ráð fyrir nytjaskógrækt. Þær afurðir sem búast má við eru aðallega smáviður til að byrja með sem nýtist í kurl, undirburð og girðingarstaura en eftir því sem skógurinn vex verða afurðirnar aðallega efni til flettingar (borð og plankar).

Skógar geta haft mikil áhrif á ásýnd landsins og tegundasamsetningu. Þeir mynda skjól fyrir útivist og gefa endurnærandi útivistarumhverfi. Þá er ótalið mikilvægt hlutverk þeirra við bindingu kolefnis, sjá kafla hér á eftir.

Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Ekki hefur verið metið hvaða skógar falla undir þetta ákvæði á landsvísu.

Um skógrækt gilda lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Þegar skógrækt er áformuð þarf að hafa í huga að hún er framkvæmdaleyfisskyld og mögulega matsskyld, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, ef hún tekur til 200 ha eða stærra svæðis. Samkvæmt lögnum hefur staðsetning áhrif á matsskyldu og gildir það m.a. um verndarsvæði Mývatns og Laxár. Skógrækt á verndarsvæðinu er háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt 3. gr. laga nr. 97/2004.

[Land og líf, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt 2022-2026](#) hefur verið sett fram í samræmi við 4. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Henni fylgir [aðgerðaáætlun](#) fyrir saman tímabil.

### Framræsing og kolefnisbinding

Meðal uppspretta koldíoxíðlosunar er framræst votlendi. Þar kemst súrefni að kolefni í plöntum sem áður voru á kafi í vatni og þannig varðar fyrir oxuninni. Afleiðingin er nokkurs konar bruni gróðurleifanna sem koma upp úr kafinu.

Votlendi hefur þegar verið endurheimt í [Framengjum og Nautey](#) í Mývatnssveit. Áform eru uppi um endurheimt votlendis í Bárðardal.

Miðað við gögn Landbúnaðarháskóla Íslands á <https://skurdakortlagning.lbhi.is/> er heildarlengd skurða í Pingeyjarsveit um 760 km og áhrifasvæði þeirra, miðað við allt að 45 metra til hvorrar handar, er um 2.840 ha. Losun vegna framræsts lands, miðað við 20 tonn koldíoxíðigilda á hektara á ári er þá 57.000 tonn á ári. Til samanburðar má taka meðalstóran bensínfólkubíl sem losar 140 g/km af CO<sub>2</sub>. Ef honum er ekið 15.000 km á ári er árleg losun 2,1 tonn á ári. Stór hluti þessa framræsta lands er í notkun við matvælaframleiðslu og því alls ekki hægt að endurheimta það allt.



Á móti losun kemur binding kolefnis t.d. í skógrækt. Bindingin er mismikil eftir tegundum, frá 3,5 tonnum á hektara í birkiskógi og upp í 20 tonn á hektara á ári í asparskógi. Bindingin er einnig mismikil eftir aldri skógarins, eins og glögglega kemur fram í nýlegum kolefnisreikni Skógræktarinnar, sjá <https://reiknival.skogur.is/>. Að auki hefur jarðvegur, umhirða og nýting viðarins áhrif á bindinguna. Skv. gögnum Skógræktarinnar er náttúrulegt birki 16.000 ha og ræktað skóglendi 3.120 ha. Ef miðað er við að ræktaður skógur bindi um 8 tonn á hektara á ári verður heildarbindingin 81.000 tonn á ári. Hafa verður í huga að þessi binding er hámarksgildi og næst ekki fyrir en skógur hefur náð að dafna á öllum framangreindum svæðum. Losun frá framræstu votlendi á sér hins vegar stað nú þegar.

Af þessu má álykta að þegar binding vegna trjágróðurs verður mest verði hún meiri en losun vegna framræstra svæða. Þó má mögulega gera enn betur með aukinni skógrækt og endurheimt votlendis. Athuga ber að þessi ályktun byggir á ófullkomnum gögnum og losunarstuðlum sem eru verulegri óvissu háðir. Markmiðið er þó ekki að finna nákvæmar niðurstöður heldur stærðargráður sem hjálpa til við forgangsroðun.

### 5.1.2 Markmið

Stefnt er að varðveislu góðs ræktarlands á landbúnaðarsvæðum í samræmi við landsskipulagsstefnu þar sem flokkun landbúnaðarlands samkvæmt leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis frá mars 2021 liggur til grundvallar.

- Sett eru almenn ákvæði fyrir landbúnaðarland um að taka skuli tillit til gæða ræktarlands við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar með vernd þess að markmiði.

Komið verði í veg fyrir útbreiðslu lúpínu og annarra ágengra tegunda.

- Sett er stefna um takmörkun á útbreiðslu ágengra tegunda á verndarsvæðum og í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði, óbyggð svæði og opin svæði.

Stuðlað verði að minni losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar með hvatningu til landeigenda og markvissum aðgerðum á landi í eigu sveitarfélagsins.

- Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði er tekið fyrir framræsingunni votlendis nema hún sé forsenda matvæla- eða fóðurframleiðslu eða vegna samfélagslega mikilvægra þarfa.

Sjálfbær nýting landbúnaðarlands sé góð undirstaða búsetu og fjölbreyttrar atvinnu í dreifbýli.

- Sett eru almenn ákvæði fyrir landbúnaðarsvæði sem heimila minni háttar mannvirkjagerð í þeim tilgangi að auka öryggi íbúa og auðvelda hagnýtingu landgæða. Þar er einnig að finna heimild til að byggja íbúðir og frístundahús, auk húsa fyrir atvinnustarfsemi.

Stuðlað verði að skógrækt, einkum á lítt nýttum landbúnaðarsvæðum, svo sem í hlíðum fjalla. Skógrækt á opnum svæðum stuðli að fjölbreyttu og skjólsælu umhverfi fyrir heilnæma útiveru.

- Í almennum skilmálum fyrir opin svæði er gert ráð fyrir útivistarskógum til skjóls, landbóta og fegrunar.

Kolefni verði bundið með skógrækt og endurheimt gróðurvistkerfa á rofsvæðum. Stefnt er að endurheimt náttúrulegra birkiskóga.

- Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði eru rúmar heimildir til skógræktar.

Á svæðum þar sem alvarleg rof og gróður- og jarðvegseyðing á sér stað verði gróðurvistkerfi endurheimt í samstarfi við bændur, landeigendur og Landgræðslu ríkisins.

- Almennir skilmálar fyrir landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði endurspeglar markmiðið.

Staðinn verði vörður um sérstæð og viðkvæm búsvæði fugla og gróðurs til að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni.

## 5.2 Landslag


### 5.2.1 Forsendur

Landslag er lykilkáttur í að móta staðaranda svæða. Fólk tengir oft sjálfsmynd við landslagsgerðir heimahaga sinna á sama tíma og ferðapjónustufyrirtæki nota landslag sem aðráttarafi fyrir ferðamenn. Þannig hefur landslag skapað sér sess sem mikilvæg auðlind.

Ísland er aðili að evrópska landslagssáttmálanum. Með aðild að þessum sáttmála hefur Íslenska ríkið skuldbundið sig til að auka meðvitund og þekkingu á gildi og verðmæti landslags. Það felst m.a. í því að greina og meta landslag og þá þætti sem hafa áhrif á það og setja fram stefnu um gæði landslags.

Í Hvítbók um skipulagsmál sem kynnt var í september 2023 kemur landslag víða við sögu. Þar er boðuð stefnumörkun um að sveitarfélögum falið að taka mið af þeim gæðum sem felast í landslagi við ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar í skipulagsáætlunum. Lögð er áhersla á að aukið tillit sé tekið til landslags og að hönnun byggðar og bæjarrýmis efla þau verðmæti og gæði sem fólgin eru í landslagi.

Landslagshugtakið nær yfir bæði náttúrulega og menningarlega þætti og einnig upplifun af þeim (sjá mynd). Það nær jafnt til óbyggðra svæða, dreifbýlis og þéttbýlis.



Skipulagsstofnun annast gerð og miðlun upplýsinga og leiðbeininga um staðarmótun og landslagsvernd í skipulagi sem sveitarfélög og aðrir hagaðilar geta notað við skipulagsgerð. Með þessu er verið að tryggja að staðsetning og útfærsla nýrra mannvirkja og byggðar, bæði innan og utan þéttbýlis, skapi góða umgjörð um mannlíf og starfsemi á hverjum stað og að tekið sé tillit til staðbundinna gæða landslags.

Fyrir liggur niðurstaða [flokunar og kortlagningar landslagsgerða á landsvisu](#). Landslag í sveitarfélaginu er fjölbreytt og má þar finna ýmsar landslagsgerðir. Stærsti hluti landsvæðis í vesturhluta sveitarfélagsins flokkast sem fjallendi í inndölum (fjallgarðurinn á milli Eyjafjarðar og

Skjálfanda), inndalir (Inndalir Skjálfanda) og hálendisauðnir. Landslag sem einkennst af litríkum háhitasvæðum eru á Kröflu og Peistareykjasvæðinu og Vonarskarði og Tungnafellsjökli. Ungt fjallendi með nútímahrauni er að finna í Ódádahrauni og Hájöklalandslag á Vatnajökli, sjá yfirlit í töflunni hér fyrir neðan.

Landlagsflokkur og helstu einkenni	Heiti
Hálendisauðnir	Miðhálendið
Opnir, jökulsorfnir firðir	Skjálfandi
Fjallendi með inndölum	Fjallgarðurinn á milli Eyjafjarðar og Skjálfanda  Tjörnes og Lambafjöll
Ungt fjallendi með nútímahraunum  <i>Ung hraun og fjallendi á virka eldstöðvabeltinu. Þar er að finna móbergsfjöll eða stapa með hraunum og grýttum eða sendnum flóðasléttum í lægðum. Gróður er gisinn, aðallega mosi eða gras. Byggð er lítil.</i>	Ódádahraun

Hájöklar  <i>Samfelldar og víðáttumiklar ísbreiður í yfir 1.000 metra hæð. Dældir og sprungur gera jökla varasama yfirferðar en þeir eru engu að síður vinsælir til útivistar. Víða eru eldstöðvar undir jöklum sem gosið hafa á sögulegum tíma. Með hlýnandi loftslagi má gera ráð fyrir að jöklar rýrni.</i>	Vatnajökull
Gróðurlitlar hásléttur  <i>Hálfgrónir, grýttir og þurrir melar. Eitthvað er um smærri vötn, fjallshryggi og stök lág fjöll. Landhæð er breytileg en alltaf yfir 200 m yfir sjávarmáli. Byggð er lítil, helst fjallaskálar og virkjanamannvirki.</i>	Hólasandur
Litrík háhitasvæði  <i>Mikill jarðhiti, litríkar hæðir og hverir með gufustrókum setja svip sinn á landslagið. Fjölbreytni er mikil með skörpum andstæðum. Byggð er lítil innan svæða en þau eru vinsælir ferðamannastaðir og orkuvinnslusvæði.</i>	Krafla og Peistareykir  Vonarskarð og Tungnafellsjökull
Ung gróin hraun  <i>Kjarri vaxin hraun á láglandi við ár eða vötn. Hraunmyndanir og gígar eru áberandi. Víða þétt sumarhúsabyggð.</i>	Mývatn (aðeins lítill hluti þessarar landslagsheildar fellur innan Pingeyjarsveitar)
Inndalir	Inndalir Skjálfanda

Grónir dalir inn til landsins við jaðar hálandis. Byggð er tölverð og landnýting fjölbreytt.	
Háheiðar  Grónar og votlendar heiðar eða gróðurvinjar með fjölda smærri vatna og tjarna. Óbyggt land í yfir 400 metra hæð yfir sjávarmáli.	Mývatnsheiði og Fljótshéiði

### 5.2.2 Markmið

Öll mannvirkjagerð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum taki tillit til búsetulandslags og náttúru- og menningarmínja eins og kostur er og forðast verði að skerða berjalönd, votlendi og mikilvæg sjónarhorn til kennileita eða fjalla.

- Sjá ákvæði um vernd landslags, mínja og vistgerða í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði.
- Skilgreindar eru viðmiðunarreglur um skógrækt á landbúnaðarsvæðum.

Náttúrulegu landslagi verði ekki raskað að ópörfu og uppbyggingu beint á þegar röskuð svæði.

- Markmiðið er felld inn í almenna skilmála fyrir landbúnaðarsvæði.
- Í almennum skilmálum fyrir frístundabyggð er áskilið að hún falli vel að landslagi.
- Á skipulagsuppdrætti eru afmörkuð umfangsmikil óbyggð svæði þar sem mannvirkjagerð er mjög takmörkuð.

Staðinn verði vörður um landslag, lífríki og mínjar sem dýrmætan arf og hann nýttur á sjálfbæran hátt.

- Sett eru ákvæði um uppbyggingu áhugaverðra viðkomustaða sem tilgreindir eru í áfangastaðaáætlun og ferðamálaáætlun utan þéttbýlis og opinna svæða.

## 5.3 Vinnanleg orka

### 5.3.1 Forsendur

Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) gildir um vinnslu raforku yfir 10 MW og varmaorku yfir 50 MW.

#### Vatnsorka

Stærsta vatnsaflsvirkjunin er Laxárvirkjun með alls 28 MW uppsett afl í þremur stöðvum. Hólsvirkjun er 6,7 MW. Mjög víða eru smávirkanir sem þjóna býlum, nær allar á bilinu 5-50 kW. Smávirkanakostir þóttu fýsilegir í [nýlegri frumúttekt fyrir Pingeyjarsýslur](#).

Í [áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða](#) sem samþykkt var á Alþingi í júní 2022, eru virkjanakostirnir Hrafnabjargavirkjun A, B og C ásamt Fljótshnjúksvirkjun settir í verndarflokk. Engir aðrir virkjanakostir í rammaáætlun eru innan sveitarfélagsins.

Áhrifasvæði þessara virkjanakosta eru færð inn á skipulagsuppdrátt í landnotkunarflokknum „önnur náttúruvernd“ í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar.

#### Varmaorka

Svæðisskipulag háhitasvæða í Pingeyjarsýslum 2007-2025 var unnið í tengslum við orkufrekan iðnað við Húsavík. Það nær yfir þann hluta lands Pingeyjarsveitar og Norðurþings sem liggur utan marka miðhálandis eins og þau mörk voru í svæðisskipulagi miðhálandisins 2015. Í svæðisskipulagi háhitasvæða er sett fram stefna um verndun og nýtingu

jarðhita og flutningslínur rafmagns á öllu skipulagssvæðinu sem og vegi á milli virkjanasvæða. Afmörkuð eru orkuvinnslusvæði sem ná yfir Peistareyki, Gjástykki, Kröflu og Bjarnarflag.

Jarðvarma er víða að finna í sveitarfélaginu og er áhugi á að ná yfirsýn yfir hagnýtingarmöguleika hans, bæði til ræktunar, iðnaðarnota og raforkuframleiðslu og aukinnar verðmætasköpunar innan sveitarfélagsins.

### Vindorka

Sífelld er farið að líta meira til þess að beisla vind á Íslandi.

Landsvæði þurfa þó að uppfylla ákveðin skilyrði svo að vindorkunýting sé þar fýsileg og hagstæð fyrir stærri vindorkuver. Jafnframt er augljóst að sum svæði henta ekki fyrir slíka orkuframleiðslu. Það á t.d. við um svæði þar sem vindur er ónógur, svæði þar sem takmarkanir gilda vegna verndar náttúru eða lífríkis og svæði þar sem byggð er mikil eða eru nálægt byggð. Ekki er heldur talið vænlegt að vera of nálægt fjallgördum vegna misvindis sem skapast við slíkar aðstæður. Einnig er mikilvægt að líta til þess hvort að aðgengi sé að flutningskerfi raforku.

Í [landsskipulagsstefnu 2015-2026](#) er því beint til sveitarfélaga að taka afstöðu til þess við skipulagsgerð sína hvort taldir eru möguleikar á orkuframleiðslu í dreifbýli með vindorku, í sátt við náttúru og samfélag (sjá gr. 2.5.1). Skipulag vindorkunýtingar er viðfangsefni í hvítbók um skipulagsmál, drögum að nýrri landsskipulagsstefnu. Þar er lögð áhersla á að vindorkuver byggist á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum og að staðinn verði vörður um sérstætt landslag og lífríki og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar landnotkunar.

Eins og sagt var áður þarf að horfa þar á nýtingarmöguleika vindorkuvera frá mismunandi sjónarhornum því ákjósanleg staðsetning þeirra ræðst

ekki einungis út frá vindhraða heldur einnig innviðum og samræmi við aðra landnotkun og hagsmuni.

Lausleg athugun leiðir ljós að mjög takmörkuð svæði koma til greina fyrir vindorkunýtingu í stórum stíl innan Pingeyjarsveitar og telur sveitarstjórn því ekki tilefni til að marka stefnu um landnotkun af því tagi.

### 5.3.2 Markmið

Hlutur umhverfisvænni orkugjafa aukist í almennri orkunotkun, orka verði betur nýtt og orkunotkun valdi lágmarks álagi á náttúruna.

- Tilgreind eru iðnaðarsvæði sem ætluð eru til orkuöflunar.

Landeigendur geti virkjað vatnsafl í smáum stíl á jörðum sínum.

- Á landbúnaðarsvæðum og opnum svæðum er gert ráð fyrir smáum virkjunum, allt að 200 kW. Stærri virkjanir kalla á sérgreinda landnotkun.

## 5.4 Jarðefni

### 5.4.1 Forsendur

Aðgangur að úrvali jarðefna með mismunandi eiginleika er mikilvæg forsenda framkvæmda, nýbygginga og viðhalds á mannvirkjum.

Við endurskoðun aðalskipulagsins voru efnistökusvæðin yfirfarin í samráði við landeigendur, Vegagerðina og Landsnet.

Skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er efnistaka, sem nær yfir meira en 25 ha svæði eða þar sem 500.000 m<sup>3</sup> efnisnám er fyrirhugað, alltaf háð mati á umhverfisáhrifum. Efnistöku aðra en framangreinda, þar sem áformað er að raska 2,5 ha svæði eða nema

50.000 m<sup>3</sup>, ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar, sem ákveður hvort umhverfismat skuli fara fram.

Öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar nema minni háttar efnistaka til eigin nota á landbúnaðarsvæðum. Kveðið er á um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Almennt er ekki gert ráð fyrir að efnistaka kalli á gerð deiliskipulags, heldur sé unnt að gera fullnægjandi grein fyrir efnistökuframkvæmdum í framkvæmdaleyfisgögnum á grundvelli aðalskipulags.

## 5.4.2 Markmið

Við byggingar og aðra mannvirkjagerð sé auðvelt að afla nauðsynlegra jarðefna á hagkvæman og aðgengilegan hátt.

- Tilgreint er úrval efnistökuastaða.

Öll efnistaka og vinnsla fari fram með skipulegum hætti í samræmi við leyfi þar um. Efnisnám valdi ekki neikvæðum áhrifum á lífríki, náttúru- og menningarminjar, landslag og útivistarsvæði.

- Vísað er í ákvæði skipulagslaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um náttúruvernd í almennum skilmálum efnistökusvæða.
- Sett er ákvæði um minniháttar efnistöku á bújörðum og úr árfarvegum í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarland.

# 6 Vernd

## 6.1 Náttúruvernd

### 6.1.1 Forsendur

Kveðið er á um náttúruminjaskrá í lögum um náttúruvernd. Henni er skipt í þrjú hluta þar sem sá fyrsti (A) fjallar um þegar friðlýst svæði, annar (B) er um friðlýsingaráform og sá þriðji (C) tilgreinir aðrar mikilvægar náttúruminjar.

Hafa þarf í huga að náttúruminjaskrá og ýmis önnur stjórnæki náttúruverndar eru á forræði ríkisins. Afmörkun verndarsvæða og verndarákvæði geta því breyst án þess að aðalskipulagi sé breytt. Leita þarf eftir uppfærðum upplýsingum um stöðu náttúruverndar á hverjum stað við frekari ákvarðanir um landnotkun, t.d. gerð deiliskipulags eða útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa.

#### A-hluti náttúruminjaskrár

Um friðlýsingar gilda ákvæði laga um náttúruvernd og stjórnábyrgð friðlýstra svæða er hjá ríkisvaldinu en framkvæmd og útfærsla friðlýsinga er í samráði við sveitarstjórnir. Afmarkanir friðlýstra svæða eru gefnar út af ríkisvaldinu en færðar inn á skipulagsupprætti, þótt þar sé ekki um eiginlegar skipulagsákvæðanir sveitarstjórna að ræða. Undantekningar frá þessu eru annars vegar fólkvangar, sem skv. lögum um náttúruvernd eru skilgreindir sem verndarsvæði að frumkvæði sveitarfélaga og hins vegar hverfisverndarsvæði en þau eru skipulagsákvörðun sveitarstjórnar.

Í Pingeyjarsveit eru eftirtalin svæði friðlýst við gildistöku aðalskipulagsins:

- Mývatn og Laxá, friðun skv. lögum nr. 97/2004. Svæðið fellur einnig undir Ramsar samninginn (Ramsar Convention on Wetlands of International Importance especially as Waterfowl Habitat), sem er alþjóðlegur samningur um varðveislu og sjálfbæra nýtingu votlenda.
- Stór hluti Vatnajökulsþjóðgarðs er innan Pingeyjarsveitar. Mörk þjóðgarðsins eru sett fram í reglugerð.
- Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss
- Dimmuborgir
- Goðafoss
- Hellar á Peistareykjum
- Hverfjall
- Seljahjallagil
- Skútustaðagígar
- Vestmannsvatn
- Gjástykki og vatnasvið Jökulsár á Fjöllum hafa verið friðlýst gagnvart orkuvinnslu á grundvelli laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

### **B-hluti náttúruminjasráðs**

Náttúrufræðistofnun hefur gert tillögu til umhverfis- og auðlindaráðuneytis um svæði á B-hluta náttúruminjasráðs, þ.e. svæði sem áformað er að friðlýsa. Í Pingeyjarsveit er gerð tillaga um 10 svæði, sem sýnd eru á skýringarupprætti um náttúruvernd (sjá einnig [vefsjá NÍ](#)).

### **C-hluti náttúruminjasráðs**

Innan Pingeyjarsveitar eru 18 svæði eru á C-hluta náttúruminjasráðs, sem bíður endurskoðunar sbr. 2. tl. í bráðabirgðaákvæðum laga um

náttúruvernd nr. 60/2013, en stefnt var að því að endurskoðuninni lyki fyrir árslok 2021. Svæðin koma fram á skýringarupprætti um náttúruvernd.

### **Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja**

Sýnd eru á skýringarupprætti um náttúruvernd svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd, t.d. votlendi, nútímahraun og gígar.

Innan sveitarfélagsins eru vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://vistgerdakort.ni.is/>) og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

### **Víðerni**

Víðerni hafa ekki verið friðlýst eins og heimilt er skv. 46. gr. laga um náttúruvernd en landsskipulagsstefna kveður á um að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Umrædd lagagrein er hins vegar opin fyrir túlkun og því ekki að fullu ljóst hvers konar mannvirki verða til þess að víðerni skerðist. Engin opinber afmörkun víðerna hefur því verið gefin út.

Á skýringarupprætti um náttúruvernd er sýnd afmörkun víðerna sem verkefnisstjórn rammaáætlunar styðst við. Þar miðast víðerni við 5 km fjarlægð frá meiri háttar innviðum en styttri fjarlægð notuð frá veigaminni mannvirkjum, eftir eðli þeirra og umfangi.

### **Hverfisvernd**

Sveitarstjórn getur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Í fyrri aðalskipulagsáætlunum Skútustaðahrepps og Pingeyjarsveitar, sem þessi tekur mið af, var hverfisvernd beitt á allmörgum svæðum. Í Skútustaðahreppi var aðallega um að ræða vernd hrauna, jarðmyndana og birkiskóga, sem þegar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Þessi hverfisvernd hefur því verið felld niður. Í fyrri aðalskipulagi Pingeyjarsveitar voru sett hverfisverndarákvæði í þeim tilgangi að vernda tilteknar landslagsheildir og hafa þau ákvæði verið felld inn í sértæka skilmála reita, t.d. í Flateyjardal og í Flatey. Eftir situr hverfisvernd Pingeyjar og fjallshlíða hvorum megin hennar.

Með þessari nálgun er tryggt að sama stefna um vernd gildir eftir sem áður en á mun einfaldari hátt.

### 6.1.2 Markmið

Sérstæð náttúra njóti verndar, bæði að frumkvæði sveitarstjórnar með eigin skipulagsákvörðunum og í samstarfi við ríkisvaldið. Vernd fari saman við sjálfbæra nýtingu eftir því sem færi er á, enda ógni nýtingin ekki hinu verndaða.

Staðinn verði vörður um landslag, lífríki og minjar. Vernd fari saman við sjálfbæra nýtingu eftir því sem færi er á, enda ógni nýtingin ekki hinu verndaða.

- Á skipulagsuppráttum eru afmörkuð friðlýst svæði skv. lögum um náttúruvernd og hverfisverndarsvæði skv. ákvörðun sveitarstjórnar.
- Á ýmsum svæðum er sett stefna um landnotkun sem felur í sér vernd, sjá einkum almenna skilmála fyrir landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði.
- Skýringaruppráttur um náttúruvernd veitir ítarlegri upplýsingar um verndarákvæði við gildistöku skipulagsins en skipulagsupprátturinn.

- Sett er stefna um takmörkun á útbreiðslu ágengra tegunda.

## 6.2 Vatnsvernd

### 6.2.2 Forsendur

Aðgangur að hreinu drykkjarvatni er mikilvæg forsenda búsetu og matvælaframleiðslu og verndun grunnvatns sem auðlindar því forgangsmál.

Vatnsból fyrir þéttbýlisstaði eru afmörkuð á skipulagsuppráttum. Grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð nr. 533/2001, hafa verið afmörkuð en þarfnast nánari yfirferðar.

Bærir í dreifbýli eru yfirleitt með eigið vatnsból og eru þau ekki afmörkuð í aðalskipulaginu.

Vötn og ár njóta verndar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 og sveitarstjórnnum, í samstarfi við heilbrigðisnefndir, falið að flokka vatn eftir því hversu mikil áhrif mannglegrar starfsemi eru. Þessi flokkun hefur ekki farið fram og ekki er gert ráð fyrir að hún komi fram í aðalskipulaginu.

[Lögum um stjórn vatnamála](#) er ætlað að vernda vatnsauðlindina til framtíðar. Í þeim er kveðið á um gerð [vatnaáætlunar](#) og hefur fyrsta útgáfa hennar gildistíma 2022-2027. Í áætluninni eru skilgreind vatnshlot, sem eru númeraðar stjórnsýslueiningar. Áætlunin gerir ráð fyrir öflun upplýsinga um ástand vatns í hverju vatnshloti og vöktun. Skytt er að laga skipulagsáætlunir að þeirri stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Skv. vatnaáætlun eru engin vatnshlot í Pingeyjarsveit metin í óvissu eða hættu um að ná umhverfismarkmiðum.




Vatnasvið Mývatns og Laxár nýtur sérstakrar verndar skv. lögum nr. 97/2004 og reglugerð 665/2012, sjá mynd hér fyrir neðan. Í lögnum segir að forðast beri að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað geti vernd vatnsins og árinnað samkvæmt ákvæðum laganna, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns.

## 6.2.2 Markmið

Vatn, sem afluð er í vatnsbólum, spillist ekki vegna framkvæmda eða mengunar. Sama á við um möguleg framtíðarvatnsból.

- Á skipulagsuppráttum eru afmörkuð vatnsból (VB), grannsvæði (VG) og fjarsvæði (VF) og kveðið á um takmarkanir á landnotkun í almennum skilmálum með nánari ákvæðum í sértækum skilmálum þar sem það á við.



Kort úr verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011-2016.

## 6.3 Minjavernd

### 6.3.1 Forsendur

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er kveðið er á um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda í 16. gr. laganna. Þar segir í 1. mgr.:

*Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.*

Friðlýstar fornminjar og friðlýst hús koma fram á aðalskipulagsupprætti og í kafla um landnotkun undir minjavernd (MV). Að öðru leyti er skráning fornleifa tengd deiliskipulagi og leyfisveitingum. Fornleifaskráning hefur farið fram víða í Þingeyjarsveit. Minjastofnun veitir upplýsingar um það hvar minjar hafa verið skráðar. Á nokkrum svæðum hafa minjar verið skráðar skv. eldri stöðlum sem eru ekki fullnægjandi miðað við þær kröfur sem nú eru gerðar.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er gerður greinarmunur á friðuðum fornleifum og friðlýstum. Hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni sem eru 100 ára eða eldri teljast til fornleifa og eru sjálfkrafa friðaðar. Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgað svæði og gilda sömu reglur um það svæði og um fornleifarnar sjálfar. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á

fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis þær eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.

Getið er um minjaverndarákvæði í skilmálum reita þar sem það á við og þar að auki eru friðlýstar fornminjar merktar inn á skipulagsupprætti með tákni fyrir minjavernd ef engin önnur stefna um landnotkun kemur við sögu.

Mikilvægt er að hafa í huga að ákvarðanir um minjavernd eru ekki á hendi sveitarstjórnar og þær geta breyst án þess að aðalskipulag breytist. Þess vegna er mikilvægt að glöggva sig á nýjustu upplýsingum hjá Minjastofnun um möguleg verndarákvæði á hverjum stað.

### 6.3.2 Markmið

Leitast skal við að vernda sögulegar minjar og gera þær lifandi og aðgengilegar almenningi.

- Friðlýstar minjar og friðlýst hús við gildistöku aðalskipulagsins koma fram í skipulagsgögnum.

Stuðlað verði að verndun bygginga, götummynda og hverfa sem hafa verndargildi út frá byggingarlistrænu, sögulegu eða umhverfislegu sjónarmiði.

- Í almennum skilmálum fyrir íbúðarbyggð (ÍB) og miðsvæði (M) er kveðið á um að gætt skuli að varðveislu byggingararfs.


## 7 Náttúruvá

Skilningur á náttúruvá vex hröðum skrefum og þar með verður auðveldara að meta áhættu í samhengi við staðsetningu. Kringumstæður á hverjum stað segja til um hvers eðlis hættan kann að vera. Við mótun aðalskipulagsins var leitað eftir nýjustu upplýsingum um eðli náttúruvár og hvar hún kynni að hafa áhrif en á skipulagstímabilinu er rétt að skoða hvort nýjar upplýsingar liggja fyrir sem gætu haft áhrif á mannvirkjagerð og leyfisveitingar sem henni tengjast.

### 7.1 Ofanflóð og jökulhlaup

#### 7.1.1 Forsendur

Veðurstofa Íslands hefur metið hættu á flóðum vegna ofankomu í farvegi Skjálfandafljóts. [Flóð hafa valdið nokkru tjóni](#) á samgöngumannvirkjum en óverulegu tjóni á íbúðarhúsum. Reiknuð hefur verið útbreiðsla vatnsflóða í Skjálfandafljóti (líkanreiknuð flóðslétta) miðað við mismunandi endurkomutíma, sjá mynd. Engin veruleg mannvirkjagerð er fyrirhuguð á mögulegu flóðasvæði.



Jón Elvar Wallevik, Bogi B. Björnsson, Matthew J. Roberts, Tinna Þórarinsdóttir og Andréa-Giorgio Raphael Massad (2021). Hættumat vegna vatnsflóða í Skjálfandafljóti: Líkanreiknuð flóðslétta. Kort 1:175.000. Reykjavík, Veðurstofa Íslands.

Jökulhlaup í Jökulsá á Fjöllum hefur verið rannsakað með hermun vegna brúargerðar við Grímsstaði. Staðarmörk Pingeyjarsveitar til austurs liggja um árfarveginn frá jökli að Dettifossi. Alla þá leið er farvegurinn á óbyggðu svæði. Aðeins vegir og raflínur liggja þar um og þar eru nokkur efnistökusvæði.

Veðurstofan áformar á næstu árum að meta hættu af jökulhlaupum samfara eldgosum í Vatnajökli, sem gætu brotist fram í farvegi Skjálfandafljóts. Gerð var rýmingaráætlun vegna eldsumbrota í Bárðarbungu.

Snjóflóðahætta er einkum í Fnjóskadal, Dalsmynni, Ljósavatnsskarði og Laxárdal eins og sjá má í [ofanflóðakortasjá](#) Veðurstofu Íslands.

## 7.2 Eldvirkni og jarðskjálftar

Jarðskjálftar eru algengir á misgengi sem liggur frá Húsavík, meðfram strönd Flateyjarskaga og norður fyrir Tröllaskaga. Hætta af völdum jarðskjálfta hefur ekki verið metin og óljóst hvenær það verður gert. Fyrir liggur sérstök kortlagning á sprungum fyrir Peistareyki og Bjarnarflag.

Byggð í Pingeyjarsveit er ekki á eldvirkum svæðum en slík svæði eru nálæg og því má vænta óbeinna áhrifa, t.d. vegna öskufalls og flóða. Ný skýrsla Veðurstofunnar um hættumat vegna öskufalls skoðar sviðsmyndir eldgosa í Heklu, Kötlu og Öræfajökli.

### 7.1.2 Markmið

- Taka skal tillit til þekkrar náttúruvár við ákvarðanir um mannvirkjagerð. Sérstaklega skal huga að áskorunum sem tengjast gróðureldum, svo sem flóttaleiðum og brunavörnum á frístundasvæðum. Þá verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem á rennsli og farvegi jökuláa, flóðahættu og sandfok.

## 7.3 Hætta vegna loftslagsbreytinga

### 7.3.1 Forsendur

Sífelld fjölga vísbendingum um að að lofthjúpur jarðar sé að hitna. Í Pingeyjarsveit er búist við að hætta á tjóni af þessum sökum sé einkum vegna vaxandi öfga í veðurfari en hækkandi sjávarstaða gæti einnig haft áhrif við Skjálfandaflóa, þá einkum byggðina í Flatey. Skýrar viðmiðanir um flóðhæð sem taka beri tillit til við skipulagsgerð eru ekki fyrir hendi enda hafa spár um loftslagsbreytingar verið að þróast, ásamt mati á lóðréttum jarðskorpuhreyfingum. Samkvæmt skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018 er gert ráð fyrir að við Skjálfandaflóa muni hækkun sjávarstöðu verða um 30-32% af hnattrænni sjávarstöðuhækkun. Ef miðað er við 1,0 metra hækkun á heimsvísu og að teknu tilliti til landhæðarbreytinga er ályktað að staðbundin hækkun sjávarstöðu geti orðið 10-32 cm. Auknar öfgar í veðurfari gætu einnig aukið áhlaðanda (1 cm fyrir hvert millibar í undirprýstingi) og því rétt að gera ráð fyrir allt að 0,5 m hækkun í Flatey.

Breytingar á loftslagi og þekking á afleiðingum loftslagsbreytinga þróast hratt og því nauðsynlegt að afla nýjustu gagna um hættu á sjávarflóðum.

Loftslagsbreytingar hafa einnig aukið vöxt trjágróðurs og líkur á þurrkatímabilum. Þess vegna er mikilvægt að huga að hættu sem kann að skapast vegna gróðurelda, einkum þar sem mannvirki gætu orðið eldi að bráð. Þetta á ekki síst við á frístundabyggðarsvæðum. Mikilvægt er að slökkvilið hafi greiðan aðgang að slíkum svæðum og að vegir innan þeirra geti borið þunga tankbíla.

### 7.3.2 Markmið

Við skipulag og mannvirkjagerð sé tekið tillit til nýjustu þekkingar á hættum sem kunna að stafa af loftslagsbreytingum.

- Í almennum skilmálum fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði og frístundabyggð er minnt á hættu á gróðureldum og í sértækum skilmálum fyrir Flatey er minnt á sjávarstöðubreytingar.

## 8 Landnotkun

Þess er gætt að hver einasta afmörkun á skipulagsuppdráttum sé skýrt auðkennd og finna megi skipulagsskilmála með uppflettingu í þessum kafla. Fyrir alla landnotkunarflokkanna eru settir fram almennir skilmálar sem gilda um allar afmarkanir í þeim flokki og síðan sértækir skilmálar þegar og ef tilefni er til. Almennir og sértækir skilmálar eru bindandi við útgáfu framkvæmdar- og byggingarleyfa. Um atriði sem þeir ná ekki til er áskilið að samræmis sé gætt við markmið sem sett eru fram í köflunum hér á undan.

## 8.1 Stefna um landnotkun

### 8.1.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Á afþreyingar- og ferðamannasvæðum er gert ráð fyrir mannvirkjum og aðstöðu sem vænta má á slíkum svæðum án þess að þeirra sé sérstaklega getið í sértækum skilmálum, t.d. bílastæðum, stígum, pöllum, salernum og öðrum þjónustuhúsum. Öll mannvirki þarf að fella vel að náttúru og landslagi.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
AF-120	Naustavík	Skáli fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi aðstöðu.
AF-360	Gangnamannaskáli á Þeistareykjum	
AF-380	Dettifoss	Þjónustumiðstöð fyrir gesti. Bílastæði, salerni, veitingar o.þ.h. aðstaða fyrir ferðamenn.
AF-440 0,9 ha	Tjaldsvæði á Laugum	Tjaldsvæði með tilheyrandi aðstöðuhúsi.
AF-470	Hlíðarhagi við Eilífsvötn	Gangnamannaskáli.
AF-510 12,6 ha	Stórarjóður og Hróarsstaðanes	Tjaldsvæði, þjónustubyggingar, verslun og tilheyrandi aðstaða til að taka á móti gestum sem koma í Vaglaskóg.
AF-511	Systragil	Tjaldsvæði og reitir fyrir langtímadvöl hjólhýsa.

2,6 ha		
<b>AF-512</b> 19,7 ha	<b>Vaglaskógur, tjald- og hjólhýsasvæði</b>	Á norðurhluta svæðisins er gert ráð fyrir langtímadvöl hjólhýsa en tjaldsvæði á suðurhlutanum, ásamt þjónustubyggingum fyrir gesti.
<b>AF-530</b> 30,6 ha	<b>Goðafoss</b>	Aðstaða fyrir ferðafólk við Goðafoss, þ.m.t. stígar, pallar, bílastæði, salerni, verslun, gistiþjónusta og veitingasala.
<b>AF-560</b>	<b>Vítismór, (Víti/Leirhnjúkur)</b>	Bílastæði, salerni, veitingar o.þ.h. fyrir ferðafólk. Hámarksbyggingarmagn: 1.200 m <sup>2</sup> .
<b>AF-561</b> 4,9 ha	<b>Grjótagjá</b> <i>Heit laug og sérstæðar jarðmyndanir.</i>	Þjónustuaðstaða við heita laug. Lágreist bygging. Hámarksstærð: 500 m <sup>2</sup> . Sérstakar kröfur skal skilgreina í deiliskipulagi vegna sérstöðu svæðisins og verndargildis.
<b>AF-562</b>	<b>Námafjall og Hverir</b>	Þjónustubyggingar og bílastæði fyrir jarðhitasvæðið við Námafjall. Framkvæmdir skulu vera afturkræfar.
<b>AF-563</b> 4,0 ha	<b>Bjarg vestan Þjóðvegjar</b>	Tjaldsvæði ásamt tilheyrandi þjónustumannvirkjum. Lágreistar byggingar.
<b>AF-580</b>	<b>Péturskirkja við Hrauntagl</b>	Skáli fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi aðstöðu.
<b>AF-660</b>	<b>Vogagjá</b>	Bílastæði. Salernishús allt að 30 m <sup>2</sup> . Þurrsalerni. Form og litaval falli vel að umhverfinu.
<b>AF-661</b> 3,9 ha	<b>Hverfjall</b>	Þjónustumiðstöð fyrir gesti. Bílastæði, salerni, veitingar o.þ.h. fyrir ferðafólk.
<b>AF-662</b> 5,4 ha	<b>Dimmuborgir</b>	Þjónustumiðstöð fyrir gesti. Bílastæði, salerni, veitingar o.þ.h. fyrir ferðafólk.
<b>AF-663</b>	<b>Áningarstaður fyrir ferðamenn við Lúdentsborgir</b>	Aðstaða fyrir gesti, þ.m.t. bílastæði og salernishús ásamt skýli fyrir daggesti og/eða gæslu, allt að 40m <sup>2</sup> samtals. Form og litaval falli vel að umhverfinu.



<b>AF-670</b>	<b>Áningastaður austan Hvannfells</b>	Bílastæði og kamar, þurrsalerni, allt að 10 m <sup>2</sup> . Form og litaval falli vel að umhverfinu.
<b>AF-680</b>	<b>Rauðuborgakofi við Stóru-Rauðku</b>	Skáli fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi aðstöðu.
<b>AF-760</b>	<b>Heilagsdalur</b>	Skáli fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi aðstöðu.
<b>AF-820</b>	<b>Bleikur á Bleiksmýrardal</b>	Skáli fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi aðstöðu.
<b>AF-821</b>	<b>Staupasteinn í Hjaltadal</b>	Skáli fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi aðstöðu.
<b>AF-840</b> 12,8 ha	<b>Aldeyjarfoss</b>	Gert er ráð fyrir mannvirkjum sem þjóna móttöku og öryggi gesta, svo sem bílastæðum, fræðsluskiltum, stígum, pöllum, salernum og þjónustuhúsi.
<b>AF-920</b>	<b>Bleiksbúð</b>	Skáli fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi aðstöðu.
<b>AF-930</b>	<b>Sandmúladalur</b> <i>Áform um byggingu.</i>	Skáli fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi aðstöðu.
<b>AF-931</b>	<b>Kvíar</b>	Skáli fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi aðstöðu.
<b>AF-932</b>	<b>Blómsturvellir</b> <i>Endurbygging áformuð.</i>	Skáli fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi aðstöðu.
<b>AF-933</b>	<b>Slakki</b>	Fjallaskáli.

<b>AF-934</b>	<b>Gæsavatnaskáli</b>	Skáli fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi aðstöðu.
<b>AF-940</b>	<b>Réttartorfa</b>	Skáli fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi aðstöðu.
<b>AF-950</b>	<b>Stóraflesja</b>	Skáli fyrir ferðafólk ásamt tilheyrandi aðstöðu.
<b>AF-951</b>	<b>Botni</b> <i>Fjallaskáli.</i>	Mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs.
<b>AF-952</b>	<b>Kistufell</b> <i>Fjallaskáli.</i>	Mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs.
<b>AF-960</b>	<b>Dyngjufell</b> <i>Fjallaskáli.</i>	Mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs.
<b>AF-970</b>	<b>Vikraborgir við Öskju</b> <i>Áningarstaður fyrir ferðamenn.</i>	Mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs.
<b>AF-980</b>	<b>Bræðrafell</b> <i>Fjallaskáli.</i>	Mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs.
<b>AF-981</b>	<b>Drekagil</b> <i>Hálendismiðstöð.</i>	Mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs.
<b>AF-990</b>	<b>Herðubreiðarlindir</b> <i>Fjallaskáli og skráður lendingarstaður fyrir loftför (BIHE).</i>	Mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs.

## 8.1.2 Athafnasvæði (AT)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Athafnasvæði eru ætluð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttan iðnaðað, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugymslur og matvælaíðnaður.

Á athafnasvæðum er lögð áhersla á góða ásýnd og vandaðan frágang, sérstaklega þar sem önnur nálæg landnotkun gefur tilefni til, s.s. íbúðabyggð, miðsvæði, þjónusta og opin svæði. Gert er ráð fyrir því að hluti starfsemi á athafnasvæðum feli í sér sölu og afgreiðslu til almennings, líkt og gerist á svæðum fyrir verslun og þjónustu.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>AT-230</b>	<b>Árteigur</b>	Framleiðsla og viðhald á vélbúnaði.
<b>AT-330</b> 0,7 ha	<b>Aðalgerði norður</b>	
<b>AT-331</b> 1,0 ha	<b>Aðalgerði suður</b>	
<b>AT-440</b> 3,9 ha	<b>Laugar</b>	
<b>AT-520</b> 1,2 ha	<b>Stórutjarnir</b>	Aðstaða fyrir móttöku og flokkun úrgangs, verkstæði og þess háttar.
<b>AT-560</b> 2,5 ha	<b>Athafnasvæði austast í þéttbýli Reykjahlíðar</b>	Léttur iðnaður, verkstæði o.þ.h. auk aðstöðu fyrir viðbragðsaðila.
<b>AT-660</b> 8,7 ha	<b>Athafnasvæði í landi Garðs</b>	Búseta möguleg í tengslum við atvinnurekstur.

<b>AT-661</b> 2,4 ha	<b>Vogar 1 úr landi Bjarkar</b>	Ýmis aðstaða, m.a. fyrir geymslu á tækjum, ræktun, léttu iðnaðarframleiðslu og viðgerðir.
-------------------------	---------------------------------	---

### 8.1.3 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Efnistöku- og efnislosunarsvæði eru svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Námum og haugsetningarsvæðum skal lokað svo fljótt sem auðið er og gengið frá yfirborði á vandaðan hátt. Nýta skal þá hluta efnistökusvæða þar sem vinnsla er lokið til haugsetningar á ónothæfum uppgreftri, eftir því sem færi eru á.

Um framkvæmdaleyfi og málsmeðferð gildir 13. grein skipulagslaga. Sjá einnig ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana og laga um náttúruvernd. Almennt er ekki gert ráð fyrir að efnistaka kalli á gerð deiliskipulags, heldur sé unnt að gera fullnægjandi grein fyrir efnistökuframkvæmdum í framkvæmdaleyfisgögnum á grundvelli aðalskipulags.

<b>Auðkenni</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Skilmálar</b>
<b>E-230</b>	<b>Syðri Leikskálaá</b> <i>Skriðukeila.</i>	Efnistaka allt að 35.000 m <sup>2</sup> og 110.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-232</b>	<b>Kjölur</b> <i>Forn Óseyri.</i>	Efnistaka allt að 35.000 m <sup>2</sup> og 120.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-233</b> 6,1 ha	<b>Leikskálaá</b>	Efnistaka allt að 50.000 m <sup>2</sup> og 150.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-234</b>	<b>Leikskálaá ofan bæjar</b>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 45.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-250</b> 17,0 ha	<b>Austan Jónsnípu</b> <i>Hraun og gjall frá nútíma, sem og sandur.</i>	Efnistaka allt að 170.000 m <sup>2</sup> og 1.000.000 m <sup>3</sup> .

<b>E-310</b>	<b>Draflastaðir</b>	Efnistaka allt að 30.000 m <sup>2</sup> og 120.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-330</b> 10,1 ha	<b>Langisandur</b> <i>Fokset og hraun.</i>	Efnistaka, allt að 100.000 m <sup>2</sup> og 200.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-331</b>	<b>Steypustöðin í landi Húsabakka</b> <i>Áreyrar.</i>	Efnistaka allt að 35.000 m <sup>2</sup> og 300.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-332</b>	<b>Efnistökusvæði í landi Ófeigsstaða og Rangár</b> <i>Árbakki.</i>	
<b>E-333</b>	<b>Bergsstaðir við Skjálfandafljót.</b> <i>Áreyrar.</i>	Efnistaka allt að 35.000 m <sup>2</sup> og 300.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-334</b> 15,7 ha	<b>Skjálfandafljót við Ófeigsstaðaeyri</b> <i>Áreyrar.</i>	Efnistaka allt að 160.000 m <sup>2</sup> og 350.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-335</b> 11,1 ha	<b>Húsabakkanáma við Skjálfandafljót</b> <i>Fornar og núverandi áreyrar.</i>	Efnistaka allt að 110.000 m <sup>2</sup> og 300.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-340</b>	<b>Efnistökusvæði í landi Miðhvamms</b>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> .
<b>E-341</b> 5,0 ha	<b>Presthvammur</b> <i>Forn óseyri.</i>	Efnistaka allt að 50.000 m <sup>2</sup> og 200.000 m <sup>3</sup>
<b>E-343</b> 9,0 ha	<b>Langavatn</b> <i>Jökulruðningur og berg.</i>	Efnistaka allt að 90.000 m <sup>2</sup> og 300.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-353</b>	<b>Kvíhólar við Peistareyki</b> <i>Bólstrabrotaberg.</i>	Efnistaka allt að 200.000 m <sup>2</sup> og 1.000.000 m <sup>3</sup> .

<b>E-410</b> 5,7 ha	<b>Víðivellir í Fnjóskadal</b> <i>Dalfylla.</i>	Efnistaka allt að 57.000 m <sup>2</sup> og 300.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-411</b>	<b>Ármót við Fnjóská</b> <i>Dalfylla.</i>	Efnistaka allt að 30.000 m <sup>2</sup> og 120.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-430</b>	<b>Hólkot</b> <i>Forn óseyri.</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 45.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-431</b>	<b>Helgastaðir</b> <i>Forn óseyri.</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 45.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-432</b>	<b>Kinnarfell við Ljósvetningabúð</b> <i>Berg.</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 140.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-441</b> 7,0 ha	<b>Öndólfstaðir</b>	Malarnám, allt að 250.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-451</b> 28,0 ha	<b>Alda</b> <i>Storkuberg og bólstraberg.</i>	Efnistaka allt að 280.000 m <sup>2</sup> og 400.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-452</b>	<b>Efnistökusvæði á Hólasandi</b>	
<b>E-453</b> 12,7 ha	<b>Kollóttualda</b> <i>Setform mynduð við eða nærri jökuljaðri.</i>	Efnistaka allt að 127.000 m <sup>2</sup> og 300.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-510</b>	<b>Lundsskógur</b> <i>Í notkun / ófrágengin. (Notað fyrir sumarhús og slóða.)</i>	
<b>E-511</b>	<b>Lundsskógur</b> <i>Í notkun / ófrágengin. (Notað fyrir sumarhús og slóða.)</i>	

<b>E-514</b>	<b>Veturliðastaðir</b>	Malarnám, allt að 3000 m <sup>3</sup> , utan veghelgunarsvæðis Illugastaðavegar.
<b>E-515</b>	<b>Veturliðastaðir</b>	Malarnám, allt að 10.000 m <sup>3</sup> beggja vegna Illugastaðavegar, utan veghelgunarsvæðis.
<b>E-520</b> 9,6 ha	<b>Kamsáreyrar</b> <i>Aurkeila.</i>	Efnistaka allt að 95.000 m <sup>2</sup> og 250.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-521</b>	<b>Stóru-Tjarnarmelar</b> <i>Forn óseyri.</i>	Efnistaka allt að 38.000 m <sup>2</sup> og 150.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-522</b>	<b>Arnstapi</b> <i>Berghlaup.</i>	Efnistaka allt að 30.000 m <sup>2</sup> og 150.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-523</b>	<b>Krossmelur</b> <i>Forn óseyri.</i>	Efnistaka allt að 30.000 m <sup>2</sup> og 100.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-530</b> 9,9 ha	<b>Öxará</b> <i>Aurkeila.</i>	Efnistaka allt að 100.000 m <sup>2</sup> og 280.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-531</b> 13,5 ha	<b>Fljótshéiði</b> <i>Jökulruðningur og klöpp.</i>	Efnistaka allt að 135.000 m <sup>2</sup> og 400.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-532</b>	<b>Öxará gil</b> <i>Jökulruðningur.</i>	Jökulruðningur, allt að 4.000 m <sup>2</sup> og 45.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-543</b> 15,0 ha	<b>Máskot</b> <i>Jökulruðningur og klöpp.</i>	Efnistaka allt að 80.000 m <sup>2</sup> og 350.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-563</b>	<b>Flugvallarnáma (Við flugvöll í Reykjahlíð)</b> <i>Í notkun</i>	

<b>E-564</b>	<b>Námaskarð</b> <i>Í notkun</i>	Náman verður nýtt á meðan þörf er fyrir þá tegund jarðefna sem þar eru (m.a. v/malarvega). Sérstök ákvæði verði sett um umgengni og frágang á vinnslutíma.
<b>E-571</b> 48,4 ha	<b>Randir</b> <i>Syðst í Jörundargrjótum. Ný. Fyllingar- og burðarefni.</i>	Almenn ákvæði. Áfangaskipt nýting.
<b>E-581</b> 19,9 ha	<b>Eyrar Jökulsár, náma B</b> <i>Jökuláaurar.</i>	Efnistaka allt að 200.000 m <sup>2</sup> og 400.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-590</b> 8,4 ha	<b>Hrossaborgarmelar</b> <i>Fornir jökuláaurar.</i>	Efnistaka allt að 83.000 m <sup>2</sup> og 300.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-592</b> 7,0 ha	<b>Vestan Jökulsár</b> <i>Berg</i>	Efnistaka allt að 70.000 m <sup>2</sup> og 80.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-593</b>	<b>Holt vestan Jökulsár</b> <i>Jökulruðningur.</i>	Efnistaka allt að 12.500 m <sup>2</sup> og 40.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-594</b>	<b>Jökulsá</b> <i>Áreyrarefni.</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 20.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-622</b>	<b>Á móts við Belgsá</b> <i>Forn óseyri.</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 45.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-630</b>	<b>Eyjardalsá neðan vegar</b> <i>Aurkeila og eyrar.</i>	Efnistaka allt að 35.000 m <sup>2</sup> og 100.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-631</b> 6,0 ha	<b>Eyjardalsá ofan vegar</b> <i>Aurkeila.</i>	Efnistaka allt að 60.000 m <sup>2</sup> og 150.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-632</b>	<b>Kálfborgará í Bárðardal eystri</b> <i>Berg</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 150.000 m <sup>3</sup> .



<b>E-637</b>	<b>Hlíðarendi við Eyjardalsá</b> <i>Berg</i>	Efnistaka allt að 25.000 m <sup>2</sup> og 200.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-640</b>	<b>Stöng</b> <i>Jökulruðningur.</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 50.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-650</b>	<b>Fellshóll, Hofstaðaheiði</b> <i>Svelgás.</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 50.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-651</b>	<b>Gautlönd</b>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 45.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-660</b>	<b>Í Sandskarði sunnan við Svarthól</b> <i>Ný. Burðarlagsefni.</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 45.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-661</b>	<b>Garður</b> <i>Í notkun</i>	
<b>E-662</b>	<b>Garður</b> <i>Hraunnáma.</i>	Efnistaka allt að 44.000 m <sup>2</sup> og 120.000 m <sup>3</sup> , sem nýtist að hluta til að undirbúa mannvirkjagerð á athafnasvæði AT-660.
<b>E-730</b>	<b>Sandvík</b> <i>Jökulruðningur.</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 45.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-731</b>	<b>Sexhólagil</b> <i>Aurkeila.</i>	Efnistaka allt að 30.000 m <sup>2</sup> og 90.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-732</b> 36,9 ha	<b>Lundarbrekka</b> <i>Eyrar og hraun.</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 45.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-740</b>	<b>Jafnafell</b> <i>Jökulruðningur</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 45.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-750</b>	<b>Heiði</b>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 45.000 m <sup>3</sup> .

<b>E-751</b>	<b>Baldursheimur</b>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 45.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-840</b>	<b>Skjálfandafljót við Halldórsstaði Áreyrar.</b>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 150.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-841</b>	<b>Víðiker</b> <i>Í notkun / ófrágengin.</i>	
<b>E-842</b>	<b>Mýri</b>	
<b>E-843</b>	<b>Rauðafell</b> <i>Jökulruðningur.</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 60.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-844</b>	<b>Bæjarás við Svartárkotsheimreið</b> <i>Jökulruðningur.</i>	Efnistaka allt að 20.000 m <sup>2</sup> og 45.000 m <sup>3</sup> .
<b>E-990</b>	<b>Sandvík við Jökulsá á Fjöllum</b> <i>Jökuláaurar.</i>	Efnistaka allt að 25.000 m <sup>2</sup> og 70.000 m <sup>3</sup> .

#### 8.1.4 Flugvellir (FV)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Flugvellir eru tiltekin svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

<b>Auðkenni</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Skilmálar</b>
<b>FV-230</b> 15,5 ha	<b>Húsavíkurflugvöllur</b> <i>Lítill hluti flugbrautar Húsavíkurflugvallar er</i>	Hluti af flugbraut ásamt öryggissvæðum.

	<i>innan sveitarfélagsmarka Pingeyjarsveitar.</i>	
<b>FV-560</b> 8,3 ha	<b>Reykjahlíðarflugvöllur</b>	Flugbraut og öryggissvæði ásamt byggingum fyrir flugþjónustu. Mannvirkjagerð þarf að vera í samræmi við hindranafleti flugvallarins.

### 8.1.5 Frístundabyggð (F)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Frístundabyggð á að falla vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali.

Við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og umhverfismótun skal taka tillit til landslagseinkenna, sérstæðra kennileita, merkilegra jarðmyndana, verðmætra vistkerfa og búsvæða, fornleifa og annarra menningarminja, sbr. verndarákvæði í lögum um menningarminjar og náttúruvernd.

Skógrækt í smáum stíl telst eðlilegur hluti svæða fyrir frístundabyggð enda þjóni hún fyrst og fremst frístundabyggðinni til fegrunar, skjólmyndunar og landmótunar.

Deiliskipulag svæða fyrir frístundabyggð taki tillit til hættu á skógar- eða kjarreldum og tryggi aðgang slökkviliðs á burðarhæfum vegum.

Við afmörkun lóða fyrir frístundahús eða frístundabyggð, skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám, sjó og vegum, sbr. lágmarksfjarlægðir sem kveðið er á um í skipulagsreglugerð.

Innan frístundabyggðarsvæða er gert ráð fyrir nauðsynlegum innviðum, svo sem vegum, stígum, borholum fyrir heitt og kalt vatn, rotþróm, fjarskiptabúnaði, sorpgámum o.þ.h. eftir því sem þörf krefur.

Heimagisting er heimil á frístundabyggðarsvæðum. Einnig er heimilt að reka gistingu í flokki II skv. rg. 1277/2016 ef gert er ráð fyrir slíkum rekstri í deiliskipulagi.

Ef ekki er annað tekið fram í sértækum skilmálum skal stærð frístundalóða að jafnaði vera á bilinu 0,5 til 2,0 ha og á hverri lóð eitt frístundahús með möguleika á gestahúsi. Heildargrunnflötur mannvirkja á hverri frístundalóð sem er allt að 0,5 ha sé að hámarki 180 m<sup>2</sup>. Á stærri lóðum skal nýtingarhlutfall að hámarki vera 0,02. A.m.k. 20 m skulu vera á milli byggingarreita og þeir a.m.k. 30 m frá mörkum lögbýla og mörkum annarra landnotkunarreita.

<b>Auðkenni</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Skilmálar</b>
<b>F-110</b> 67,3 ha	<b>Porpið í Flatey</b>	Gömul byggð, nýtt til sumardvalar. Leitast skal við að laða fram byggðarmynd fyrri tíma hvað varðar m.a. hús, vegi, höfn og bryggju. Núverandi húsum má breyta og viðhalda þannig að útlit þeirra sé sem líkast fyrra horfi. Leyfilegt er að koma upp húsum á gömlum húsgrunnum, í þeim tilfellum skal húsagerð miða við húsinn sem voru og/eða við nágrennahúsin. Varðveita

		<p>skal höfnina og gömlu bryggjuna ásamt vegslóða um byggðina eins og kostur er. Við höfnina er leyfilegt að koma upp að nýju smá fiskverkun, t.d. söltun grásleppuhrogrna. Umferð ökutækja skal halda í algjöru lágmarki.</p> <p>Auk frístundahúsanna og tilheyrandi aðstöðu vegna frístundadvalar er gert ráð fyrir hóflegri aðstöðu til að taka á móti ferðafólki sem heimsækir eyjuna. Við mannvirkjagerð þarf að hafa í huga fyrirsjáanlegar breytingar á sjávarstöðu.</p>
<b>F-224</b> 21,3 ha	<b>Árbót</b>	Allt að 17 frístundahús, hvert að hámarki 120 m <sup>2</sup> . Heimilt er að skilgreina eina lóð fyrir hús sem er allt að 250 m <sup>2</sup> að stærð.
<b>F-230</b> 26,0 ha	<b>Sílalækur</b>	Fimm frístundalóðir, hver með byggingarmagn allt að 140 m <sup>2</sup> .
<b>F-231</b> 51,8 ha	<b>Frístundabyggð í landi Núpa</b>	Engin mannvirki mega standa upp úr hindranaflæti flugvallarins. Deiliskipulag sýni afstöðu mannvirkja til hindranaflatarins.
<b>F-232</b> 13,4 ha	<b>Sandur 4</b>	Allt að 5 frístundahús.
<b>F-233</b> 21,8 ha	<b>Knútsstaðir</b>	Allt að 20 frístundahús á upb. 2.500 m <sup>2</sup> lóðum.
<b>F-310</b> 34,2 ha	<b>Melar í Fnjóskadal</b>	Allt að 10 frístundahús.
<b>F-313</b> 7,4 ha	<b>Végeirsstaðir</b>	Allt að 6 frístundahús.
<b>F-330</b> 30,0 ha	<b>Rauðaskriða</b>	Allt að 30 frístundahús á upb. 1 ha stórum lóðum.
<b>F-331</b> 5,7 ha	<b>Hafralækur</b>	Allt að 9 lóðir fyrir frístundahús, hámarks byggingarmagn á lóð 150 m <sup>2</sup> .

<b>F-410</b>	<b>Víðifell</b>	Í landi Víðifells eru 4 sumarhús á lóðum sem eru um 0,5-2 ha að stærð. Húsin er á mismunandi stærð frá upb. 40 m <sup>2</sup> upp í 120 m <sup>2</sup> , byggð 1991-1998. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun sumarhúsa á svæðinu.
<b>F-411</b> 13,5 ha	<b>Nes</b>	Gert er ráð fyrir að hámarksfjöldi húsa sé tvö hús á hektara.
<b>F-412</b> 8,1 ha	<b>Skógar</b>	Allt að 6 frístundahús.
<b>F-413</b> 3,8 ha	<b>Skógar</b>	Allt að 6 frístundahús.
<b>F-414</b> 8,0 ha	<b>Skógar</b>	Allt að 6 frístundahús.
<b>F-415</b>	<b>Végeirsstaðir</b>	Allt að 4 frístundahús.
<b>F-430</b> 7,0 ha	<b>Jódísarstaðir</b>	Allt að 7 frístundahús.
<b>F-510</b> 5,9 ha	<b>Skógahlíð</b>	Allt að 10 frístundahús.
<b>F-511</b> 14,5 ha	<b>Skógamelar</b>	Allt að 22 frístundahús.
<b>F-512</b> 3,1 ha	<b>Hróarsstaðir</b>	Allt að 13 frístundahús, hvert á hámarki 250 m <sup>2</sup> auk bílageymslu.
<b>F-513</b> 2,4 ha	<b>Skógar</b>	Allt að 9 frístundahús.

<b>F-514</b> 7,0 ha	<b>Hróarsstaðir</b>	Allt að 10 frístundahús.
<b>F-515</b>	<b>Hróarsstaðir</b>	Allt að 13 frístundahús.
<b>F-516</b>	<b>Mörk</b>	Lóðir skulu eigi vera minni en 0,5 ha og því skal hámarks fjöldi frístundahúsa ekki vera fleiri en 20. Leyfilegt er að koma upp þjónustu innan svæðisins.
<b>F-517</b> 43,3 ha	<b>Veturliðastaðir</b>	Allt að 15 frístundahús.
<b>F-518</b> 84,9 ha	<b>Lundur</b>	Gert er ráð fyrir 88 lóðum fyrir frístundahús, 8-10 smáhýsum og golfskála með veitingaþjónustu.
<b>F-520</b> 11,0 ha	<b>Arnstapi</b>	Allt að 10 frístundahús, hvert allt að 100 m <sup>2</sup> .
<b>F-540</b> 19,3 ha	<b>Stafn 2</b>	Allt að 10 frístundahús.
<b>F-560</b> 3,7 ha	<b>Vogar 1 og Björk, austan þjóðveggar</b>	Allt að 8 frístundahús.
<b>F-610</b> 62,7 ha	<b>Fjósatunga</b>	Allt að 60 frístundahús á a.m.k. 0,5 ha lóðum.
<b>F-620</b> 40,3 ha	<b>Kotungsstaðir</b>	Allt að 16 frístundahús.
<b>F-621</b> 32,9 ha	<b>Illugastaðir</b>	Frístundahús, sundlaug og þjónustumiðstöð með íbúð fyrir umsjónarmann fasteigna, kirkja og skemma. Hámarksfjöldi bygginga á svæðinu er 80 og heildarbyggingarmagn má vera allt að 8.000 m <sup>2</sup> . Leyfilegt er að reka tjaldsvæði á reitnum með þjónustubyggingum sem því fylgir.

<b>F-622</b>	<b>Pórðarstaðir</b>	5 frístundahús eru þegar byggð á svæðinu. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun.
<b>F-623</b> 8,8 ha	<b>Reykir 2</b>	Allt að 10 frístundahús, hvert að grunnfleti allt að 120 m <sup>2</sup> ásamt aðstöðu- eða gestahúsi að grunnfleti allt að 40 m <sup>2</sup> .
<b>F-630</b>	<b>Einbúi</b>	Allt að 6 frístundahús.
<b>F-631</b> 15,9 ha	<b>Kálfborgará</b>	Allt að 4 frístundahús.
<b>F-632</b> 7,4 ha	<b>Kálfborgará</b>	Allt að 4 frísundahús.
<b>F-640</b> 5,0 ha	<b>Stöng/Heiðmörk</b>	Hámarksnýtingarhlutfall sbr. alm. skilmála.
<b>F-650</b> 2,8 ha	<b>Norðan Gautlanda og austan Arnarvatns</b>	Hámarksnýtingarhlutfall sbr. alm. skilmála.
<b>F-651</b> 9,1 ha	<b>Sunnan Gautlanda</b>	Hámarksnýtingarhlutfall sbr. alm. skilmála.
<b>F-652</b> 6,6 ha	<b>Litlaströnd</b>	Allt að 5 frístundahús.
<b>F-660</b> 20,1 ha	<b>Birkiland, Vogum III</b>	Hámarksnýtingarhlutfall sbr. alm. skilmála.
<b>F-840</b>	<b>Stóratunga</b>	Allt að 5 frístundahús.

### 8.1.6 Hafnir (H)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>H-110</b>	<b>Flateyjarhöfn</b>	Svæðið nær yfir smábátahöfn, bátabryggju og svæði innan við 100 m frá bryggjunni. Varðveita skal höfnina og gömlu bryggjuna. Á hafnarsvæðinu skal koma upp snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn, einnig er leyfilegt að koma upp að nýju lítilsháttar fiskverkun, t.d. söltun grásleppuhrogna. Gæta skal að sjávarstöðubreytingum við skipulag og hönnun mannvirkja.

### 8.1.7 Hitaveita (VH-H)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Stofnkerfi hitaveitu. Sýnd lega á skipulagsupprætti telst ekki bindandi og eru nýlagnir og breytingar heimilar ef umhverfisáhrif eru óveruleg.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>VH-H-250</b> 8,2 km	<b>Stofnæð frá Þeistareykjum til Húsavíkur</b>	
<b>VH-H-330</b> 30,9 km	<b>Veitukerfi Orkuveitu Húsavíkur</b>	
<b>VH-H-410</b> 17,4 km	<b>Hitaveituæð um Fnjóskadal og Dalsmynni</b>	



<b>VH-H-510</b> 1,6 km	<b>Hitaveita frístundabyggðar í landi Lundar</b>	
<b>VH-H-510</b> 19,6 km	<b>Hitveituæð í Fnjóskadal</b>	
<b>VH-H-560</b> 3,2 km	<b>Heimæð að Grímsstöðum</b>	
<b>VH-H-650</b> 1,8 km	<b>Heimæð að Grænavatni</b>	
<b>VH-H-660</b> 13,7 km	<b>Stofnæð milli Reykjahlíðar og Skútustaða</b>	
<b>VH-H-661</b> 0,9 km	<b>Heimæð að Kálfaströnd</b>	

### 8.1.8 Iðnaðarsvæði (I)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Iðnaðarsvæði eru fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólþælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Á iðnaðarsvæðum er lögð áhersla á góða ásjón og vandaðan frágang, sérstaklega þar sem önnur nálæg landnotkun gefur tilefni til, s.s. íbúðabyggð, miðsvæði, þjónusta og opin svæði.

Trjágróður eða manir á jöðrum iðnaðarsvæða dragi úr sjónrænum áhrifum þar sem því verður við komið.

<b>Auðkenni</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Skilmálar</b>
-----------------	---------------	------------------

<b>I-220</b> 82,0 ha	<b>Árteigsvirkjun</b>	Mannvirkjasvæði Árteigsvirkjunar, 700 kW vatnsaflsvirkjunar. Gert er ráð fyrir aðveitumannvirkjum, stíflu, stöðvarhús og öðrum tilheyrandi búnaði virkjunarinnar.
<b>I-310</b> 139,8 ha	<b>Hólsvirkjun</b>	Mannvirkjasvæði Hólsvirkjunar, allt að 6,7 MW vatnsaflsvirkjunar. Til mannvirkjana teljast m.a. stöðvarhús, lón í Hólsá allt að 2,0 ha ásamt allt að 12 m hárrí stíflu og lón í Gönguskarðsá allt að 0,5 ha ásamt allt að 5 m hárrí stíflu, aðkomuvegir og efnistökuastaðir. Gengið skal frá öllu jarðraski að framkvæmdum loknum, þ.m.t. efnistökuastaðum. Heimilt er að taka allt að 12.000 m <sup>3</sup> efnis úr lónsstæðum á framkvæmdatíma. Í deiliskipulagi skal setja takmarkanir á stærð bygginga og skilmála um útlit þeirra og frágang.
<b>I-330</b>	<b>Húsabakki</b>	Urðunarstaður fyrir seyru.
<b>I-340</b> 20,5 ha	<b>Laxárvirkjun</b>	Orkuvinnslumannvirki Laxárvirkjunar, þ.m.t. stöðvarhús, vatnsmiðlun og tengivirki auk annarrar aðstöðu sem orkuvinnslan krefst.
<b>I-350</b> 3469,0 ha	<b>Orkuvinnslu- og virkjunarsvæði á Peistareykjum.</b> <i>Ytri mörk svæðisins eru afmörkuð á grófan hátt út frá niðurstöðum yfirborðsmælinga og rannsókna þannig að mestar líkur séu á því að hugsanleg orkuvinnsla verði innan þeirra. Á hverasvæðinu á Peistareykjum og bæjarstæðinu þar eru mörkin hins vegar dregin með nokkurri nákvæmi vegna nálægðar við hveru og búsetuminjar.</i>	Á svæðinu er gert ráð fyrir mannvirkjum Peistareykjavirkjunar, þ.m.t. stöðvarhúsi, borholum, gufulögnum, skiljubúnaði, kæliturnum, tengivirki og annarri aðstöðu sem orkuvinnslan krefst. Einnig er gert ráð fyrir aðstöðu til móttöku gesta sem heimsækja orkuvinnslusvæðið.
<b>I-440</b> 1,6 ha	<b>Iðnaðarsvæði á Laugum</b> <i>Fiskpurkkun.</i>	Áhersla á snyrtilegt yfirbragð og góða ásýnd, sérstaklega frá nálægum íbúðar- og þjónustusvæðum.
<b>I-450</b>	<b>Tengivirki á Hólasandi</b>	Tengivirki fyrir flutningskerfi Landsnets.

<b>I-451</b>	<b>Svartvatnstankur og hreinsivirki</b> <i>Aðstaða fyrir söfnun og meðhöndlun svartvatns fráveitu (salernisskólps) sem nýtt verður til uppgæðslu.</i>	Söfnunartankur fyrir svartvatn, um 2.000 m <sup>3</sup> , hálfniðurgrafinn. Hús fyrir grófhreinsibúnað og aðra aðstöðu eftir þörfum, t.d. starfsmannaaðstöðu, allt að 50 m <sup>2</sup> . Hámarkshæð bygginga 5m.
<b>I-550</b>	<b>Sorplokkunarsvæði í landi Grímsstaða</b>	Móttöku- og flokkunarsvæði fyrir úrgang með minni háttar aðstöðubyggingum og rotþró. Lokað yfirborð á plani með olíuskilju. Öll mannvirki skulu felld vel að umhverfinu. Hugað skal sérstaklega að öllum mengunarvörnum.
<b>I-560</b> 1509,0 ha	<b>Krafla, orkuvinnslusvæði</b>	Borholur, aðrennslispípur og stöðvarhús jarðvarmavirkjunar með öðrum tilheyrandi búnaði, t.d. kæliturnum og skiljustöðvum, ásamt vegum um svæðið og nauðsynlegri efnistöku fyrir mannvirkjagerð.
<b>I-562</b> 38,4 ha	<b>Iðnaðarsvæði við Bjarnarflag</b> <i>Fyrrum lóð Kísiliðjunnar</i>	Hámarksnýtingarhlutfall er 0,4.
<b>I-563</b> 116,3 ha	<b>Bjarnarflag, orkuvinnslusvæði</b>	Borholur, aðrennslispípur og stöðvarhús jarðvarmavirkjunar með öðrum tilheyrandi búnaði, t.d. kæliturnum og skiljustöðvum, ásamt vegum um svæðið.
<b>I-630</b> 13,6 ha	<b>Eyjardalsvirkjun</b>	Mannvirkjasvæði Eyjardalsvirkjunar, allt að 700 kW vatnsaflsvirkjunar. Til mannvirkjanna teljast m.a. stöðvarhús, lón (0,5 ha), stífla 5 m há, aðkomuvegir og efnistökuastaðir. Gengið skal frá öllu jarðraski að framkvæmdum loknum, þ.m.t. efnistökuastaðum.
<b>I-730</b>	<b>Tengivirki á Vallafjalli</b>	Fyrirhugað tengivirki Landsnets.
<b>I-940</b>	<b>Tengivirki á Suðurárhrauni</b>	Fyrirhugað tengivirki Landsnets.

### 8.1.9 Íbúðarbyggð (ÍB)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Íbúðarbyggð er svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu, enda hafi slík þjónusta og starfsemi hógvært yfirbragð og valdi ekki óþægindum, t.d. vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar eða óeðlilega mikillar umferðar. Miðað er við að íbúðir verði fyrst og fremst í sérbýlishúsum, einbýlis-, rað- og parhúsum. Þéttleiki íbúðarbyggðar verði á bilinu 8-12 íb/ha.

Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar skulu falla að lóðarnýtingu, yfirbragði og þéttleika byggðar sem fyrir er. Gæta skal að varðveislu byggingararfs í elstu hlutum byggðar.

Við deiliskipulagsgerð, mannvirkjagerð og umhverfismótun skal taka tillit til landslagseinkenna, sérstæðra kennileita, merkilegra jarðmyndana, verðmætra vistkerfa og búsvæða, fornleifa og annarra menningarminja, sbr. verndarákvæði í lögum um menningarminjar og náttúruvernd.

Leiksvæði og grænir reitir teljast eðlilegur hluti íbúðarbyggðar, t.d. með æfingatækjum og annarri heilsuefandi útiaðstöðu.

Áhersla er lögð á gott aðgengi íbúa að öðrum bæjarhlutum og nálægum náttúrusvæðum með greiðfæru og öruggu stígakerfi fyrir fjölbreytta ferðamáta.

Deiliskipulag íbúðarsvæða miðist við að í hverjum þéttbýliskjarna sé að finna úrval íbúðargerða og aukna áherslu á litlar og hagkvæmar íbúðir. Leitast verði við að byggja á óbyggðum lóðum í eldri byggð en þá í góðu samræmi við nálæga byggð og götumynd.

Við gerð og endurskoðun deiliskipulags verði lögð áhersla á fjölbreytta ferðamáta, samnýtingu bílastæða og auðvelda förgun úrgangs á ábyrgan hátt.

Heimagisting er heimil á öllum íbúðarsvæðum. Á íbúðarsvæðum innan þéttbýlismarka er ekki gert ráð fyrir nýjum leyfum fyrir gistingu í flokki II, III og IV skv. rg. 1277/2016.

Á íbúðarsvæðum utan þéttbýlismarka er heimilt að reka gistingu í flokki II skv. rg. 1277/2016 ef gert er ráð fyrir slíkum rekstri í deiliskipulagi.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>ÍB-310</b> 35,8 ha	<b>Draflastaðir</b>	Allt að 10 íbúðarhús á einni hæð með möguleika á hestahaldi. Íbúðarhús allt að 200 m <sup>2</sup> og skemma allt að 100 m <sup>2</sup> á hverri lóð.
<b>ÍB-330</b> 6,4 ha	<b>Aðalgerði</b>	Gert er ráð fyrir 18 lóðum fyrir íbúðarhús á einni hæð. Innan reitsins er gert ráð fyrir opnum leiksvæðum.
<b>ÍB-340</b> 11,8 ha	<b>Brekka</b>	Gert er ráð fyrir 14 lóðum fyrir íbúðarhús.
<b>ÍB-341</b>	<b>Íbúðarsvæði við Laxárvirkjun</b>	Allt að 14 íbúðir fyrir starfsmenn Laxárvirkjunar í húsum á 1-2 hæðum.
<b>ÍB-410</b> 4,6 ha	<b>Íbúðarsvæði við Nes í Fnjóskadal</b>	Gert er ráð fyrir allt að 10 íbúðum á u.þ.b. 2.000 m <sup>2</sup> lóðum.
<b>ÍB-411</b>	<b>Skógaland</b>	Allt að 12 íbúðarhús á allt að tveimur hæðum.

11,7 ha		
<b>ÍB-412</b> 13,6 ha	<b>Háls</b>	Allt að 10 íbúðarhús á 1-2 hæðum.
<b>ÍB-440</b> 11,1 ha	<b>Laugar - norður</b>	Áhersla á lágreista byggð sem fellur vel að landslagi og yfirbragði staðarins.
<b>ÍB-441</b> 1,0 ha	<b>Hólar, Laugum</b>	
<b>ÍB-442</b> 11,1 ha	<b>Laugar</b> <i>Íbúðarsvæði norðan og austan við Laugaskóla.</i>	Íbúðarbyggð og að hluta skrifstofur, í nánum tengslum við Laugaskóla.
<b>ÍB-510</b> 18,7 ha	<b>Veturliðastaðir</b>	Allt að 12 íbúðarhús.
<b>ÍB-511</b> 4,7 ha	<b>Skógahlíð</b>	Svæði fyrir íbúðarhús á allt að 9 lóðum, hver allt að 6.700 m <sup>2</sup> . Hámarksnýtingarhlutfall verði 0,1. Hús verði á einni eða tveimur hæðum eftir landhalla og ein íbúð á hverri lóð. Áhersla á náttúrulegan trjágróður og gott samræmi við gróðurframvindu á aðlægum óbyggðum svæðum. Fyrirkomulag mannvirkja og aðkomuleiða taki tillit til hættu á gróðureldum.
<b>ÍB-520</b> 4,2 ha	<b>Stórutjarnir</b>	Íbúðarbyggð, ásamt lóð með húsi og aðstöðu fyrir björgunarsveit eða aðra viðbragðsaðila. Íbúðarhús á 1-2 hæðum.
<b>ÍB-540</b> 2,8 ha	<b>Laugar - suður</b>	Áhersla á lágreista byggð sem fellur vel að landslagi og yfirbragði staðarins. Syðsta lóðin er notuð fyrir veiðihús.
<b>ÍB-560</b> 2,7 ha	<b>Reykjahlíð I og IV</b>	Lágreist íbúðarbyggð, nema við Hringveg, þar sem heimilt er að hafa allt að þriggja hæða hús með möguleika á verslunum eða þjónustu á jarðhæð.
<b>ÍB-562</b> 23,5 ha	<b>Reykjahlíð</b>	Lágreist íbúðarbyggð af áþekku tagi og sú sem fyrir er. Stefnt að fjölgun lóða og lengingu gatna þar sem því verður við komið. Byggð norðan Hlíðarvegur kemur fyrst til greina þegar

		aðrir hlutar reitsins eru fullnýttir.
<b>ÍB-564</b> 0,4 ha	<b>Hrútavogstangi</b>	Tvær einbýlishúsalóðir. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,2.
<b>ÍB-565</b> 3,3 ha	<b>Vogar</b>	Allt að 9 íbúðarlóðir.
<b>ÍB-566</b> 17,8 ha	<b>Grímsstaðir norðan Kísilvegjar</b>	Allt að 17 íbúðarhús á allt að 2 hæðum.
<b>ÍB-650</b> 1,8 ha	<b>Skútustaðir</b>	Íbúðarhús ásamt þjónustu við ferðafólk. Hús 1-2 hæðir. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,15.
<b>ÍB-651</b> 25,9 ha	<b>Gautlönd</b>	Allt að 10 íbúðarhús á allt að 2 hæðum með möguleka á smábúskap.
<b>ÍB-652</b> 24,4 ha	<b>Arnarvatn</b>	Allt að 28 lóðir fyrir íbúðarhús á allt að 2 hæðum.
<b>ÍB-660</b> 1,2 ha	<b>Geiteyjarströnd</b>	Fimm einbýlishúsalóðir.
<b>ÍB-661</b> 16,6 ha	<b>Geiteyjarströnd við Dimmuborgir</b>	Allt að 15 íbúðarhús á einni hæð.
<b>ÍB-662</b> 1,1 ha	<b>Vogar 1 úr landi Bjarkar</b>	Allt að 3 íbúðarhús á einni hæð.

### 8.1.10 Ípróttasvæði (ÍP)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Ípróttasvæði eru fyrir landfreka ípróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursípróttasvæði,

skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Umhverfisfrágangur og aðgengi akandi og gangandi skal vera í samræmi við hlutverk svæðisins.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>ÍP-440</b>	<b>Reiðvöllur á Einarstöðum</b>	Reiðvöllur með tilheyrandi aðstöðu fyrir hestaíþróttir.
<b>ÍP-441</b> 5,3 ha	<b>Íþróttavöllurinn á Laugum</b>	Íþróttavöllur með tilheyrandi aðstöðuhúsi, bílastæði o.þ.h.
<b>ÍP-510</b> 25,9 ha	<b>Lundsvöllur</b> <i>9 holu golfvöllur.</i>	Landslagsmótun og gróður í samræmi við þarfir golfiðkunar ásamt golfskála með veitingaþjónustu.
<b>ÍP-540</b> 3,1 ha	<b>Golfvöllur á Laugum</b>	Golfvöllur með tilheyrandi landslagsmótun og aðstöðu.
<b>ÍP-560</b> 25,1 ha	<b>Krossdalur</b> <i>Níu holu golfvöllur norðan Reykjahlíðarpéttbýlis.</i>	Golfvöllur með klúbbhúsi, landslagsmótun og annarri tilheyrandi aðstöðu fyrir golfiðkun.
<b>ÍP-561</b> 3,2 ha	<b>Íþróttasvæði Reykjahlíðar</b>	Íþróttahús, sundlaug, íþróttavellir og hliðstæð mannvirki og aðstaða fyrir íþróttaiðkun, ásamt bílastæðum.
<b>ÍP-562</b> 2,9 ha	<b>Hesthúsasvæði vestan Bjarnarflags</b>	Svæði fyrir hesthús og tilheyrandi aðstöðu.

### 8.1.11 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Umhverfisfrágangur og aðgengi akandi og gangandi skal vera í samræmi við hlutverk svæðisins.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
----------	--------	-----------

<b>K-560</b> 0,4 ha	<b>Kirkjugarður Reykjahlíðarkirkju</b>	Gert er ráð fyrir stækkun núverandi kirkjugarðs.
------------------------	--	--

### 8.1.12 Landbúnaðarsvæði (L)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Landbúnaðarsvæði eru fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu. Einnig er gert ráð fyrir áþekkri landnotkun á öðrum forsendum, svo sem beitarhólfum fyrir hross hestamanna.

Til landbúnaðarsvæða teljast einnig þau svæði í dreifbýli og á láglandi sem ekki eru sérstaklega ætluð til annarra nota, þótt þau séu ekki nýtt fyrir landbúnað. Á lögbýlum er heimilt að reisa þrjú íbúðarhús og þrjú frístundahús, sem nýti innviði sameiginlega eins og kostur er, t.d. aðkomuleiðir, veitukerfi o.þ.h. Forðast ber að byggja stök hús á víðavangi.

Heimilt er að reisa önnur minni háttar mannvirki sem þjóna landbúnaði, útivist, náttúruskoðun eða hlunnindanýtingu, svo sem gangnamannakofa og fuglaskoðunarbyrgi.

Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Efnistaka úr farvegum straumvatna og botni stöðuvatna er heimil án afmörkunar í aðalskipulagi ef gögn í framkvæmdaleyfisumsókn sýna fram á óveruleg umhverfisáhrif. Slík efnistaka er háð leyfi Fiskistofu. Að öðru leyti er efnistaka háð framkvæmdaleyfi sbr. 13. gr. skipulagslaga.

Leitast skal við að raska ekki náttúrulegu landslagi að óþörfu og uppbyggingu beint á þegar röskuð svæði. Við mannvirkjagerð skal forðast að spilla góðu akuryrkjalandi skv. mati í samræmi við flokkun í leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Leitast skal við að endurheimta vistkerfi á rofsvæðum. Framræsing votlendis er því aðeins heimil að hún sé forsenda matvæla- eða fóðurframleiðslu eða vegna samfélagslega mikilvægra þarfa. Landeigendur eru hvattir til þess að endurheimta votlendi þar sem því verður við komið.

Þess skal gætt að spilla ekki góðu ræktarlandi skv. flokkun landbúnaðarlands, sjá skýringaruppdrátt.

Næst ströndinni þarf að taka tillit til flóðahættu vegna loftslagsbreytinga við hæðarsetningu mannvirkja.

Gögn vegna útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis skulu sýna fram á að gætt hafi verið að varðveislu ræktarlands, menningarminja, vatnafars, jarðmyndana og viðkvæmra vistkerfa og engu slíku spillt að nauðsynjalaus. Sama aðgát skal höfð þegar land er brotið undir nýrækt. Sérstaklega skal gætt að ákvæðum 61. og 70. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Leitast skal við að takmarka útbreiðslu ágengra tegunda.

Huga þarf að ákvæðum skipulagsreglugerðar um mannvirkjagerð nálægt vegum, ám, vötnum og sjó.

<b>Auðkenni</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Skilmálar</b>
-----------------	---------------	------------------



<p><b>L-1</b> 96.304 ha</p>	<p><b>Landbúnaðarland með dreifbýlisbúsetu</b></p>	<p>Á lögbýlum er heimilt að reisa þrjú íbúðarhús og þrjú frístundahús, sem nýti innviði sameiginlega eins og kostur er, t.d. aðkomuleiðir, veitukerfi o.þ.h. Forðast ber að byggja stök hús á víðavangi.</p> <p>Heimilt er að reisa önnur minni háttar mannvirki sem þjóna landbúnaði, útivist, náttúruskoðun eða hlunnindanýtingu, svo sem gangnamannakofa og fuglaskoðunarbyrgi.</p> <p>Utan þéttbýlismarka og friðlýstra svæða og innan 300 metra frá núverandi íbúðarhúsum, bæjartorfum, virkri atvinnustarfsemi eða þjóðvegum getur sveitarstjórn þó heimilað byggingu fleiri íbúðar- og frístundahúsa án breytingar á aðalskipulagi að undangenginni grenndarkynningu eða á grunni deiliskipulags. Þar getur einnig ýmis önnur starfsemi farið fram, svo sem ferðaþjónusta og léttur iðnaður, enda sé húsrými fyrir aðra starfsemi innan við 1.500 m<sup>2</sup>. Gistipjónusta í flokki 1 og 2 sbr. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald takmarkast við 16 herbergi og 32 gesti. Miðað skal við að deiliskipulag sé gert þegar kringumstæður kalla á heildstæða sýn á fyrirkomulag mannvirkja, t.d. vegna fjölda húsa, náttúrulegra aðstæðna, innviða, eignarhalds eða sérstakra hagsmuna. Samráð skal haft við Vegagerðina vegna tenginga við þjóðvegi.</p> <p>Gert er ráð fyrir að á landbúnaðarsvæðum með dreifbýlisbúsetu séu nauðsynlegir innviðir sem þjóna búsetunni með tilheyrandi minni háttar mannvirkjum, t.d. fyrir sorphirðu, vatnsöflun (þ.m.t. borholur), veitu- og fjarskiptakerfi og smávirkjanir (þ.m.t. vindrafstöðvar) allt að 200 kW enda falli mannvirki af þessu tagi vel að landi og séu lítt áberandi. Engin slík mannvirki skulu vera hærri en 15 metrar.</p> <p>Á landbúnaðarsvæðum með dreifbýlisbúsetu geta verið mannvirki fyrir samfélagsþjónustu sem eru umfangslítill eða í stopulli notkun, svo sem fjárréttir, sveitakirkjur og grafreitir. Þar geti einnig verið göngu-, hjóla- og reiðleiðir með áningarstöðum, skiltum og minni háttar mannvirkjum til að auðvelda för um leiðirnar.</p> <p>Skógrækt á landbúnaðarsvæðum getur falist í skjólbeltum og annarri hagnýtingu trjágróðurs til landbóta og fegrunar, auk landgræðslu, án þess að um sérstaklega tilgreind svæði sé að ræða. Ný skógræktarsvæði, allt að 50 ha, eru heimil innan landbúnaðarsvæða án breytingar á aðalskipulagi. Skógrækt er þó ekki heimil á góðu ræktarlandi, nema um skjólbelti sé að ræða, né heldur á svæðum sem njóta verndar vegna jarðminja, vistkerfa eða menningarminja. Þess skal gætt að skógur loki ekki gönguleiðum meðfram strönd, ám og vötnum eða hindri aðgengi að þeim. Ekki er heimilt að loka alfaraleiðum eða fornum vegum/leiðum með skógi. Skógræktaráætlun fylgi umsókn um framkvæmdaleyfi.</p>
---------------------------------	--	---

<p><b>L-110</b> 8.148,3 ha</p>	<p><b>Flateyrdalur</b></p>	<p>Áhersla er á vernd náttúrufegurðar og menningarlandslags. Viðhalda skal Flateyrdalsvegi sem jeppavegi, má lagfæra hann en ekki brúa (ræsi) ár umfram það sem er þegar gert. Leyfilegt er að lagfæra göngustíga, merkja þá og búa til göngubrýr eftir þörfum. Einnig að merkja helstu fornminjar og náttúrufyrirbæri með upplýsingaspjöldum. Leyfilegt er að viðhalda núverandi húsum og etv. að bæta við minniháttar útihúsum við núverandi hús, fer eftir ákvörðun Pingeyjarsveitar. Einnig er leyfilegt að bæta aðstöðu fyrir ferðafólk við núverandi tjaldsvæði á Hofi, verði þörf á því. Að öðru leyti er óheimilt að koma upp mannvirkjum eða breyta landslagi, vatnafari eða gróðurfari á svæðinu, t.d. plöntun erlendra trjá- og plöntutegunda. Engar takmarkanir eru á hefðbundinni nýtingu, s.s. afréttarheit og veiði.</p>
<p><b>L-650</b> 354,2 ha</p>	<p><b>Vatnsbakki Mývatns innan Þjóðvegjar</b></p>	<p>Gert er ráð fyrir þeirri hefðbundnu landnotkun sem verið hefur, t.d. túnnum og að núverandi byggingum og öðrum mannvirkjum verði við haldið í áþekkri mynd eða þau endurbyggð en engin ný hús eða önnur mannvirki reist. Gætt skal að því að varðveita ásýnd landsins og því verði ekki raskað umfram brýnar þarfir. Ræktun skógar og skjólbelta er óheimil.</p>

### 8.1.13 Miðsvæði (M)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Miðsvæði eru ætluð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Á miðsvæðum geta verið íbúðarhús í samræmi við hefðbundna blöndun eldri byggðar ásamt íbúðum í öðrum byggingum, einkum ofan jarðhæðar.

Á miðsvæðum eru heimilar breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar og hlutverki svæðisins sem miðkjarna byggðarinnar. Leitast verði við að fylla í eyður þar sem tækifæri er til og að beina nýrri verslun og þjónustu í miðbæi. Áhersla á aðlaðandi ásýnd og vandaðan frágang, s.s. hvað varðar yfirborðsefni, gróður og lýsingu. Leitast verði við að nota náttúruleg efni og liti sem vísa til einkenna staðarins og sögu byggðarinnar. Almenningsrými nýtist vel til fjölbreyttra sameiginlegra þarfa, t.d. sem vettvangur viðburða í samfélaginu og fyrir aðalviðkomustaði í almenningsamgöngum. Áhersla er lögð á gott aðgengi, virka og vistvæna ferðamáta. Leiksvæði og grænir reitir teljast eðlilegur hluti miðsvæða, t.d. með æfingatækjum og annarri heilsueflandi útiaðstöðu. Samnýta skal bílastæði eftir því sem fært er.

Mikilvægt er að breytingar á mannvirkjum og viðbætur virði menningarverðmæti sem fólgin eru í byggingararfi og rótgrónum götumyndum. Gæta þarf að áhrifum lagaákvæða um húsafriðun.

Leyfi fyrir gistingu í flokki II, III og IV skv. rg. 1277/2016 eru háð því að næg bílastæði séu fyrir hendi.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>M-440</b> 2,0 ha	<b>Laugar - Þjónustukjarni</b>	Verslun, skrifstofur, veitingasala o.þ.h. sem þjónar íbúum og ferðafólki. Gert er ráð fyrir viðkomustað almenningsvagna á reitnum.
<b>M-561</b> 1,7 ha	<b>Miðsvæði Reykjahlíðar</b>	Stofnanir, verslun og önnur þjónustustarfsemi í lágreistri byggð. Gert er ráð fyrir viðkomustað almenningsvagna á reitnum.
<b>M-563</b> 6,9 ha	<b>Reynihlíð, Víðihlíð og grennd</b> <i>Hótel og íbúðarhús.</i>	Hótel og önnur gistaðstaða ásamt verslunum og annarri þjónustustarfsemi svo sem stofnunum tengdum ferðaþjónustu, upplýsingamiðstöð og gestastofa. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,8. Allt að þriggja hæða byggingar.

### 8.1.14 Opín svæði (OP)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Opín svæði eru fyrir útivist og náttúruskoðun, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Á opnum svæðum geta verið leikvellir, æfingatæki og önnur heilsueflandi útiðstaða, auk minni háttar aðstöðu fyrir samkomur og skemmtanir eftir því sem staðhættir gefa færi á. Gert er ráð fyrir bílastæðum og fræðsluskiltum á helstu aðkomustöðum og öðrum viðkomustöðum við vegi innan opinna svæða. Gert er ráð fyrir að á opnum svæðum séu nauðsynlegir innviðir með tilheyrandi minni háttar mannvirkjum, t.d. fyrir sorphirðu, vatnsöflun (þ.m.t. borholur), veitu- og fjarskiptakerfi og smávirkjanir allt að 200 kW enda falli mannvirki af þessu tagi vel að landi og séu lítt áberandi.

Ræktun útivistarskóga til skjóls, landbóta og fegrunar er heimil að fengnu framkvæmdaleyfi en í leyfisumsókn skal gera grein fyrir skógræktaráformum, hvernig skógræktin fellur að landi og hvernig gætt hefur verið að vernd annarra vistkerfa, menningarminja og náttúrugæða, svo sem hallamýra, berjalanda, válistategunda, útsýnisstaða og annars þess sem við getur átt á hverjum stað. Þess skal gætt að skógur loki ekki gönguleiðum meðfram strönd, ám og vötnum eða hindri aðgengi að þeim. Ekki er heimilt að loka alfaraleiðum eða fornum vegum/leiðum með skógi. Sjá einnig skýringaruppdrátt um náttúruvernd. Leitast skal við að takmarka útbreiðslu ágengra tegunda.

Gert er ráð fyrir að opín svæði geti nýst sem úthagi fyrir landbúnað.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>OP-110</b>	<b>Flatey á Skjálfanda</b>	Áhersla er á að varðveita landslag og náttúru eyjarinnar. Öll mannvirki sem þjóna útivist skulu

202,8 ha		vera lágstemmd og falla eins vel að landi og mögulegt er. Verulegar ásýndarbreytingar eru óheimilar, t.d. jarðrask og breytingar á gróðurfari. Engar húsbyggingar eru heimilar á svæðinu.
<b>OP-411</b> 11,7 ha	<b>Bjarmavöllur</b> <i>Svæði á vegum ungmennafélagsins Bjarma.</i>	Aðstaða fyrir útivist, leiki, samkomuhald, gistingu í tjöldum o.þ.h. ásamt aðstöðuhúsi
<b>OP-430</b> 646,2 ha	<b>Pingey og Skuldapingsey</b>	Útivistarsvæði með áherslu á sögu og minjar. Aðkoma með bílastæði og salernishúsi við suðurenda Skuldapingseyjar.
<b>OP-560</b> 14,5 ha	<b>Kringla</b> <i>Lón og nánasta umhverfi.</i>	Svæði til útivistar, ásamt verslun og þjónustu. Lágreistar byggingar.
<b>OP-561</b> 3,4 ha	<b>Opið svæði</b>	Svæðið er einkum ætlað fyrir útivist og afþreyingu íbúa í Reykjahlíð, með áherslu á leiktæki, stíga, áningarstaði o.þ.h.
<b>OP-650</b> 69,0 ha	<b>Skútustaðagígar</b>	Svæðið er ætlað til útivistar og náttúruskoðunar.
<b>OP-661</b> 119,5 ha	<b>Kálfaströnd og Höfði</b>	Svæðið er ætlað til útivistar og náttúruskoðunar, með bílastæði fyrir gesti. Eitt frístundahús er á Höfða og tvö íbúðarhús með eldri útihúsum á Kálfaströnd, ásamt túnum. Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á húsakosti eða yfirbragði landsins.

### 8.1.15 Óbyggð svæði (ÓB)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Gögn vegna útgáfu framkvæmdaleyfis skulu sýna fram á að gætt hafi verið að varðveislu menningarminja, vatnafars, jarðmyndana og viðkvæmra vistkerfa og engu slíku spillt að nauðsynjalausu, sbr. verndarákvæði í lögum um menningarminjar og náttúruvernd, sjá einnig skýringaruppdrátt um náttúruvernd.

Leitast skal við að takmarka útbreiðslu ágengra tegunda.

Gætt skal að stefnumörkun stjórnvalda um vernd víðerna, eftir því sem við getur átt.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>ÓB-1</b> 1076230,2 ha	<b>Óbyggt fjallendi Þingeyjarsveitar</b>	Heimilt er minni háttar jarðrask sem þjónar allt að 200 kW orkuvinnslu á aðlægu landbúnaðarsvæði, t.d. breytingar á rennslisfarvegum vatns.
<b>ÓB-2</b> 498,8 ha	<b>Óbyggt svæði innan orkuvinnslusvæðis Peistareykjavirkjunar</b>	Engin mannvirki eru heimil á svæðinu önnur en þau sem þarf til að tengja hluta orkuvinnslusvæðisins, t.d. vegum, lögnum og rafstrengjum. Sérstaklega skal gætt að vernd jarðmyndana innan svæðisins.
<b>ÓB-650</b> 1964,9 ha	<b>Vatnsbakki Mývatns innan Þjóðveggar</b>	Stefnt er að óbreyttri ásýnd Mývatns vatnsmegin við Þjóðvegina umhverfis vatnið. Mannvirkjagerð, skógrækt og aðrar verulegar breytingar á ásýnd eru því óheimilar. Hefðbundnar nýttjar eru heimilar.

### 8.1.16 Rafveita (VH-R)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Flutningskerfi raforku. Taka þarf tillit til helgunarsvæða háspennulína við mannvirkjagerð og gæta að því að trjágróður vaxi ekki svo nálægt leiðurum að það geti valdið truflunum. Hafa skal samráð við veitufyrirtæki við skipulag og framkvæmdir í nágrenni háspennulína og ef ráðgert er að nýta línuslóða.

Takmarkanir eru á mannvirkjagerð innan helgunarsvæðis háspennulína, sbr. reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009 og viðeigandi staðla.

Gert ráð fyrir því að háspennulínur í flutningskerfi geti verið ofan jarðar eða neðan án þess að greinarmunur sé gerður á skipulagsuppráttum. Línur í dreifikerfi kalla ekki á afmörkun í aðalskipulagi og koma ekki fram á uppráttum.

Háspennustrengir geta legið meðfram Þjóðvegum án sérstakrar tilgreiningar á skipulagsupprætti. Sjá einnig almenna skilmála fyrir stofn- og tengivegi.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>VH-R-250</b> 7,8 km	<b>Peistareykjalína 1</b>	Loftlína, 220 kV.
<b>VH-R-340</b> 6,6 km	<b>Kópaskerslína 1</b>	Loftlína, 66kV.

<b>VH-R-341</b> 5,8 km	<b>Húsavíkurlína 1</b>	Loftlína, 33 kV.
<b>VH-R-350</b> 18,8 km	<b>Hólasandslína 2</b>	Loftlína, 220 kV.
<b>VH-R-540</b> 68,5 km	<b>Kröflulína 1</b>	Loftlína 132 kV.
<b>VH-R-562</b> 14,0 km	<b>Kröflulína 4</b>	Loftlína, 220 kV.
<b>VH-R-580</b> 44,3 km	<b>Kröflulína 2</b>	Loftlína 132 kV.
<b>VH-R-581</b> 42,2 km	<b>Kröflulína 3</b>	Loftlína, 220 kV.
<b>VH-R-630</b> 58,3 km	<b>Hólasandslína 3</b>	Loftlína, 220 kV.
<b>VH-R-999</b> 9,8 km	<b>Peistareykjalína 2</b>	Jarðstrengur, 66 kV.
<b>VH-R-null</b> 7,9 km	<b>Jarðstrengur frá Peistareykjum að Kópaskerslínu</b>	Jarðstrengur

### 8.1.17 Samfélagsþjónusta (S)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir,

menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Almennt er gert ráð fyrir að viðbætur og breytingar á mannvirkjum og aðstöðu séu mögulegar eftir því sem þarf fyrir þjónustu breytast.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>S-330</b>	<b>Póroddstaðarkirkja</b> <i>Póroddsstaðarkirkja í Kinn er byggð 1984. Hún kom í staðinn fyrir gömlu Póroddsstaðarkirkjuna frá 1885 og er byggð að mestu í sama formi og gamla kirkjan, en þó stærri.</i>	Sóknarkirkja með reglulegu helgihaldi.
<b>S-331</b> 0,4 ha	<b>Björgunarsveitarhús við lðjugarði</b>	Hús og önnur aðstaða fyrir björgunarsveit eða aðra viðbragðsaðila.
<b>S-332</b> 15,1 ha	<b>Pingeyjarskóli</b> <i>Skóli á barna- og unglíngastigi.</i>	Skólahús ásamt íþróttamannvirkjum og íbúðarhúsum fyrir starfsfólk skólans. Gert er ráð fyrir viðkomustað almenningsvagna á reitnum.
<b>S-333</b>	<b>Neskirkja</b> <i>Neskirkja í Aðaldal er timburkirkja, turnlaus, en með krossi. Kirkjan er reist 1903 og friðlýst. Kirkjugarður er við kirkjuna.</i>	Sóknarkirkja með reglulegu helgihaldi. Kirkjan er friðlýst.
<b>S-340</b>	<b>Grenjaðarstaður</b> <i>Torbær, kirkja og kirkjugarður ásamt móttökuhúsi og íbúðarhúsi.</i>	Sóknarkirkja með reglulegu helgihaldi. Kirkjan er friðlýst.
<b>S-411</b>	<b>Hálskirkja</b> <i>Timburkirkja, byggð 1859-1863, vígð 1860.</i>	Sóknarkirkja með reglulegu helgihaldi. Húsið er friðlýst.
<b>S-430</b>	<b>Ljósveitingabúð</b> <i>Félagsheimili í Kinn, var formlega tekið í</i>	Félagsheimili, með bílastæði og annarri tilheyrandi aðstöðu.

	<i>notkun 1967, en byggt var við árið 1981.</i>	
<b>S-431</b>	<b>Samgönguminjasafnið Ystafell</b> <i>Byggingar eru um 1670 m<sup>2</sup> á lóð sem er 0,46 ha að stærð.</i>	Samgönguminjasafn með aðstöðu í safnahúsum og á útisvæði.
<b>S-432</b>	<b>Einarsstaðakirkja</b>	Sóknarkirkja með reglulegu helgihaldi og kirkjugarði. Friðlýst hús.
<b>S-440</b>	<b>Pinghúsið að Breiðumýri</b> <i>Pinghúsið að Breiðumýri, félagsheimili í Reykjadal, var upphaflega byggt 1904-05 en hefur síðan verið stækkað mikið og endurbætt.</i>	Samkomuhús og félagsheimili.
<b>S-520</b> 6,2 ha	<b>Stórutjarnaskóli</b>	Skólahús með tilheyrandi aðstöðu, m.a. fyrir íþróttir.
<b>S-530</b>	<b>Porgeirskirkja</b> <i>Porgeirskirkja er ný kirkja í landi Ljósavatns, vígð árið 2000, reist í minningu Porgeirs Ljósvefningagoða og 1000 ára kristnitöku.</i>	Sóknarkirkja með reglulegu helgihaldi.
<b>S-540</b> 8,1 ha	<b>Framhaldsskólinn á Laugum</b>	Skólabyggingar ásamt íþróttahúsi og tilheyrandi aðstöðu. Hótelrekstur á sumrin.
<b>S-541</b> 15,0 ha	<b>Kárhóll, rannsóknarstöð</b>	Allt að 15 metra hátt rannsóknarhús og gestastofa sem falli vel að umhverfi, ásamt bæjarhúsum Kárhóls.
<b>S-560</b> 0,1 ha	<b>Reykjahlíðarkirkja</b>	
<b>S-561</b>	<b>Svæði fyrir þjónustustofnanir í</b>	Allt að tveggja hæða byggð að Hlíðavegi. Heilsugæslustöð, þjónustuíbúðir fyrir aldraða og



1,1 ha	<b>Reykjahlíð</b>	aðrar stofnanir eða Þjónustustarfsemi. Nýtingarhlutfall allt að 0,4.
<b>S-562</b> 3,0 ha	<b>Grunnskóli Reykjahlíðar</b>	Skólabyggingar, hámarksnýtingarhlutfall er 0,2.
<b>S-650</b> 1,8 ha	<b>Gígur</b> <i>Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs o.fl.stofnanir</i>	Gestastofa og aðstaða fyrir rannsóknir, fræðastörf og fræðslu.
<b>S-651</b> 0,2 ha	<b>Skútustaðakirkja og kirkjugarður</b>	Skútustaðakirkja er friðlýst hús.
<b>S-652</b> 0,7 ha	<b>Skjólbrekka</b>	Samkomuhús

### 8.1.18 Skógræktar og landgræðslusvæði (SL)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Ný skógræktaráform sem ná til 50 ha eða stærra svæðis eru háð því að svæðið sé afmarkað með reit í þessum flokki á aðalskipulagsuppdrætti. Svæði undir 50 ha að stærð eru ekki færð inn á skipulagsuppdráttinn ef þau falla að ákvæðum um skógrækt á landbúnaðarsvæðum.

Í umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar komi fram hvernig tekið er tillit til staðhátta, s.s. náttúruminja, menningarminja, landslagssérkenna, kennileita, fjarlægðar frá vatnsbökkum, veitum og samgönguæðum. Skógræktaráætlun skal fylgja framkvæmdaleyfisumsókn.

Skógrækt er ekki heimil á svæðum sem njóta verndar vegna jarðminja, vistkerfa eða menningarminja, sbr. ákvæði laga um náttúruvernd og laga um menningarminjar.

Skógrækt er einnig heimil á landbúnaðarsvæðum og opnum svæðum, sjá almenna skilmála þessara landnotkunarflokka.

Við skipulag skógræktar þarf að huga að hættu vegna gróðurelda og aðkomuleiðum fyrir slökkvilið. Einnig þarf að huga að því að skógur valdi ekki hættu eða truflunum á helgunarsvæðum vega og háspennulína. Þess skal gætt að skógur loki ekki gönguleiðum meðfram strönd, ám og vötnum eða hindri aðgengi að þeim. Ekki er heimilt að loka alfaraleiðum eða fornum vegum/leiðum með skógi.

Um mannvirkjagerð innan skógræktar- og landgræðslusvæða gilda sömu heimildir og á landbúnaðarsvæðum, þ.m.t. um íbúðar- og frístundahús, eftir því

sem aðstæður leyfa t.d. að teknu tilliti til hættu af gróðureldum.

Gert er ráð fyrir að innan skógræktarsvæða séu mannvirki og aðstaða sem þjóna úrvinnslu skógarafurða og viðhalds á skógi.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>SL-230</b> 106,9 ha	<b>Ártún</b> <i>Samningssvæði í landi Ártúns</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-231</b> 72,9 ha	<b>Núpar og Knútsstaðir</b> <i>Samningssvæði í landi Núpa og Knútsstaða.</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-310</b> 284,6 ha	<b>Skuggabjargaskógur</b> <i>Skuggabjargaskógur er meðal stærstu og mestu birkiskóga landsins.</i>	
<b>SL-311</b> 184,8 ha	<b>Melar</b> <i>Í landi Mela.</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-330</b> 67,7 ha	<b>Syðra- og Ytra-Fjall</b>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-410</b> 128,4 ha	<b>Végeirsstaðir</b>	Útivistarskógur. Innan svæðisins eru 4 frístundahús, kapella og geymsla. Gert er ráð fyrir stígagerð og aðstöðu fyrir gesti á sama hátt og á opnum útivistarsvæðum, sbr. almenna skilmála fyrir opin svæði.
<b>SL-411</b> 193,4 ha	<b>Víðivellir, Vísifell og Hrísgærði</b> <i>Samningssvæði í landi Víðivalla, Vísifells og Hrísgærðis.</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-412</b> 77,2 ha	<b>Hrísgærði og Tungunes</b> <i>Samningssvæði í landi Hrísgærðis og Tunguness</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-420</b>	<b>Sigríðarstaðaskógur.</b>	

133,8 ha	<i>Birkiskóglendi í brekku með gróðursettum reitum af furu, greni og lerki.</i>	
<b>SL-430</b> 14,0 ha	<b>Fellsskógur (1)</b>	
<b>SL-431</b> 23,0 ha	<b>Fellsskógur (2)</b>	
<b>SL-432</b> 69,7 ha	<b>Hjaltastaðir</b> <i>Samningssvæði í landi Hjaltastaða</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-433</b> 1,6 ha	<b>Fellsskógur (3)</b>	
<b>SL-440</b> 305,3 ha	<b>Öndólfstaðir</b>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-441</b> 131,5 ha	<b>Laugavellir</b>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-510</b> 674,3 ha	<b>Vaglaskógur</b>	Þjóðskógur. Sömu ákvæði gilda um mannvirkjagerð og á opnum svæðum.
<b>SL-511</b> 150,3 ha	<b>Hróarsstaðir</b> <i>Samningssvæði í landi Hróarsstaða</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-512</b> 69,6 ha	<b>Veturliðastaðir</b>	
<b>SL-513</b> 77,8 ha	<b>Brúnagerði</b> <i>Samningssvæði í landi Brúnagerðis</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-540</b>	<b>Laugafell, Laugaból, Breiðanes,</b>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.

155,9 ha	<b>Hjallaheiði og Hjalli</b> <i>Samningssvæði í landi Laugafells, Laugabóls, Breiðaness, Hjallaheiðar og Hjalla.</i>	
<b>SL-541</b> 50,1 ha	<b>Kárhóll</b> <i>Samningssvæði í landi Kárhóls</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-542</b> 204,2 ha	<b>Narfastaðir</b> <i>Samningssvæði í landi Narfastaða</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-543</b> 76,3 ha	<b>Víðar</b> <i>Samningssvæði í land Víða.</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-544</b> 48,7 ha	<b>Fellshlíð</b> <i>Samningssvæði í landi Fellshlíðar.</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-620</b> 859,3 ha	<b>Þórðarstaðaskógur, Belgsá og Bakkasel</b>	Þjóðskógur. Sömu ákvæði gilda um mannvirkjagerð og á opnum svæðum.
<b>SL-621</b> 135,7 ha	<b>Illugastaðir</b> <i>Samningssvæði í landi Illugastaða.</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-622</b> 132,6 ha	<b>Bakkaselsskógur</b>	
<b>SL-630</b> 188,7 ha	<b>Sandhaugaskógur</b>	
<b>SL-631</b> 38,3 ha	<b>Kálfborgará</b>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.
<b>SL-650</b>	<b>Gautlönd III</b>	

36,8 ha		
<b>SL-651</b> 190,3 ha	<b>Litlaströnd</b>	
<b>SL-660</b> 161,7 ha	<b>Garður II</b>	
<b>SL-730</b> 232,5 ha	<b>Sandvík og Lundabrekka</b> <i>Samningssvæði í landi Sandvíkur og Lundabrekku.</i>	Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða.

### 8.1.19 Stofnvegir (VE-SV)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Stofnvegir, skv. vegalögum, ásamt tengdum mannvirkjum, s.s. göngum, brúm og áningarstöðum. Taka þarf tillit til takmarkana sem gilda á helgunarsvæðum stofnvega.

Gert er ráð fyrir að aðrir innviðir geti legið samhliða stofnvegum án þess að þeir séu sérstaklega tilgreindir, t.d. háspennustrengir, ljósleiðarar, stofnæðar veitna, göngu-, hjóla- og reiðstígar. Ef sýnd er lega annarra innviða meðfram stofnvegi telst það ekki bindandi hvorum megin vegarins hún er sýnd.

<b>Auðkenni</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Skilmálar</b>
<b>VE-SV-1</b> 108,5 km	<b>Hringvegur</b>	Gert er ráð fyrir stíg kringum Mývatn samhliða Hringvegi.
<b>VE-SV-26</b> 95,6 km	<b>Sprengisandsleið</b> <i>Stofnvegur á hálendi, F26.</i>	
<b>VE-SV-84</b> 9,5 km	<b>Víkurskarðsvegur</b>	
<b>VE-SV-85</b>	<b>Norðausturvegur</b>	

30,8 km		
<b>VE-SV-87</b> 28,5 km	<b>Kísilvegur</b>	
<b>VE-SV-842</b> 37,3 km	<b>Bárðardalsvegur vestri</b>	
<b>VE-SV-845</b> 17,8 km	<b>Aðaldalsvegur</b>	

### 8.1.20 Tengivegir (VE-TV)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Tengivegir, skv. vegalögum, ásamt tengdum mannvirkjum, s.s. göngum, brúm og áningarstöðum. Taka þarf tillit til takmarkana sem gilda á helgunarsvæðum tengivega.

Gert er ráð fyrir að aðrir innviðir geti legið samhliða tengivegum án þess að þeir séu sérstaklega tilgreindir, t.d. háspennustrengir, ljósleiðarar, stofnæðar veitna, göngu-, hjóla- og reiðstígar. Ef sýnd er lega annarra innviða meðfram tengivegi telst það ekki bindandi hvorum megin vegarins hún er sýnd.

<b>Auðkenni</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Skilmálar</b>
<b>VE-TV-833</b> 3,0 km	<b>Illugastaðavegur</b>	
<b>VE-TV-835</b> 15,7 km	<b>Fnjóskadalsvegur eystri</b>	
<b>VE-TV-836</b> 5,6 km	<b>Vaglaskógarvegur</b>	
<b>VE-TV-841</b> 5,3 km	<b>Fremstafellsvegur</b>	

<b>VE-TV-843</b> 11,8 km	<b>Lundarbrekkuvegur</b>	
<b>VE-TV-844</b> 22,6 km	<b>Bárðardalsvegur eystri</b>	
<b>VE-TV-846</b> 5,8 km	<b>Austurhlíðarvegur</b>	
<b>VE-TV-848</b> 19,9 km	<b>Mývatnssveitarvegur</b>	Gert er ráð fyrir breyttri veglínu við Skútustaði sem ákvarðast nánar á hönnunarstigi. Einnig er gert ráð fyrir stíg kringum Mývatn samhliða veginum.
<b>VE-TV-853</b> 7,9 km	<b>Hvammavegur</b>	
<b>VE-TV-854</b> 6,7 km	<b>Staðarbraut</b>	
<b>VE-TV-860</b> 4,1 km	<b>Grjótagjárvegur</b>	
<b>VE-TV-862</b> 20,7 km	<b>Dettifossvegur</b>	
<b>VE-TV-863</b> 0,1 km	<b>Leirhnjúksvegur</b>	
<b>VE-TV-863</b> 8,9 km	<b>Kröfluvegur</b>	
<b>VE-TV-883</b> 0,3 km	<b>Goðafossvegur</b>	
<b>VE-TV-884</b>	<b>Dimmuborgavegur</b>	

1,3 km		
<b>VE-TV-885</b> 0,5 km	<b>Námaskarðsvegur</b>	
<b>VE-TV-886</b> 0,8 km	<b>Dettifossvegur vestri</b>	
<b>VE-TV-8815</b> 1,0 km	<b>Jarðbaðsvegur</b>	
<b>VE-TV-8816</b> 2,5 km	<b>Hverfjallsvegur</b>	
<b>VE-TV-8819</b> 23,2 km	<b>Mývatnsheiðarvegur</b>	

### 8.1.21 Vatnsból (VB)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Vatnsból eru svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar.

Á virkum brunnsvæðum er öll óviðkomandi umferð og framkvæmdir, aðrar en þær sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar, óheimilar. Svæðið skal girt mannheldri girðingu.

Sjá nánar reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>VB-330</b>	<b>Garðsveita í Aðaldal</b> <i>Vatnsból Garðsveitu er í svokölluðum Berjastalli í Garðsnúp um það bil 30 m ofan við byggð. Virkjuð er lind þar sem hún kemur út úr berginu og vatnið leitt í</i>	Vatnsból fyrir Hafralækjarskóla og íbúðarhús og bæi þar í grennd.



	<i>lokaðan geymslutank. Þá er borhola við Hafralækjarskóla og dælt er úr henni þegar lindarvatnið nægir ekki til.</i>	
<b>VB-331</b>	<b>Vatnsból Rauðskriðu í Skriðhverfi</b>	
<b>VB-410</b>	<b>Vatnsból við Draflastaði</b>	
<b>VB-411</b>	<b>Vatnsból við Háls</b>	
<b>VB-440</b>	<b>Vatnsból fyrir Laugar, framhaldsskóla</b> <i>Vatnsveitan þjónar Framhaldsskólanum á Laugum, Litlulaugaskóla og húsum í kringum skólann.</i>	
<b>VB-510</b>	<b>Vatnsból við Skóga og Hróarsstaði</b>	
<b>VB-511</b>	<b>Vatnsból við Vaglir</b> <i>Vatnsból Vaglaskógar er lindasvæði skammt fyrir norðan Kisárdal, upb. 360 m.y.s.</i>	
<b>VB-512</b>	<b>Vatnsból í Lundi í Fnjóskadal</b> <i>Þjónar m.a. orlofshúsum í Lundskógi.</i>	
<b>VB-520</b>	<b>Vatnsból í landi Brúa/Brúargerðis</b> <i>Þjónar m.a. Stórutjarnaskóla, íbúðarhúsum við Melgötu og byggð þar í grennd.</i>	
<b>VB-530</b>	<b>Vatnsból Fosshóls í landi Rauðár.</b>	

<b>VB-540</b>	<b>Vatnsból fyrir Laugar, íbúðarbyggð og Kjarna</b> <i>Vatnsveita sem þjónar íbúðar- og þjónustuhúsum í Kjarna og Laugafiski. Vatnsból er í hlíðinni fyrir ofan byggðina.</i>	
<b>VB-541</b>	<b>Vatnsból við Narfastaði</b>	
<b>VB-570</b>	<b>Vatnsból Kröflu</b>	
<b>VB-571</b>	<b>Vatnsból í Austraselslindum</b>	
<b>VB-620</b>	<b>Vatnsból á Illugastöðum í Fnjóskadal</b>	
<b>VB-621</b>	<b>Vatnsból við Þórðarstaði í Fnjóskadal</b>	
<b>VB-660</b>	<b>Vatnsból Bjarnarflagsvirkjunar</b>	
<b>VB-730</b>	<b>Vatnsveita við Kiðagil</b> <i>Þjónar m.a. Kiðagili, Stóruvöllum og Lækjavöllum.</i>	
<b>VB-920</b>	<b>Kiðagil</b>	

### 8.1.22 Vatnsveita (VH-V)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Stofnkerfi vatnsveitu. Sýnd lega á skipulagsuppdrætti telst ekki bindandi og eru nýlagnir og breytingar heimilar ef umhverfisáhrif eru óveruleg.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>VH-V-520</b> 1,9 km	<b>Stórutjarnir</b>	
<b>VH-V-560</b> 9,7 km	<b>Stofnæð vatnsveitu til Reykjahlíðar</b>	
<b>VH-V-561</b> 0,2 km	<b>Að miðlunartanki í Reykjahlíð</b>	
<b>VH-V-570</b> 6,2 km	<b>Stofnæð vatnsveitu til Kröflu</b>	
<b>VH-V-660</b> 2,4 km	<b>Stofnæð vatnsveitu til Bjarnarflags</b>	

### 8.1.23 Verslun og þjónusta (VP)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Íbúðir eru heimilar á svæðum fyrir verslun og þjónustu enda sé ekki um verulega íbúðarbyggð að ræða samanborið við aðra landnotkun á reitnum. Á svæðum fyrir verslun og þjónustu getur einnig verið snyrtileg athafnastarfsemi. Áhersla er lögð á vandaðan frágang og gott yfirbragð.

Um verslunar- og þjónustusvæði sem ætluð eru fyrir frístundahús til útleigu gilda einnig almennir skilmálar fyrir frístundabyggð.

Leyfi fyrir gistingu í flokki II, III og IV skv. rg. 1277/2016 eru háð því að næg bílastæði séu fyrir hendi.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
----------	--------	-----------

<b>VP-310</b>	<b>Veiðiheimilið Flúðael</b>	Veiðihús með gistiþjónustu.
<b>VP-330</b> 10,2 ha	<b>Rangá í Köldukinn</b>	Allt að 15 gistihýsi, með grunnfleti að hámarki 50m <sup>2</sup> . Heimilt er að nýta núverandi hlöðu og fjárhús fyrir ferðaþjónustu.
<b>VP-331</b> 6,8 ha	<b>Hótel Rauðaskriða</b>	Gisti- og veitingaþjónusta í allt að 20 misstórum húsum.
<b>VP-332</b>	<b>Veiðihúsið við Árnes</b>	Gisti- og veitingaþjónusta í veiðihúsi.
<b>VP-333</b>	<b>Þinghúsið Hraunbær</b> <i>Þinghúsið Hraunbær í Aðaldal var áður þingstaður Aðaldælahrepps, byggt 1927.</i>	Gistihús fyrir ferðafólk og veiðimenn.
<b>VP-340</b> 11,9 ha	<b>Brekka</b>	Veitinga- og gistiþjónusta fyrir ferðafólk í allt að 20 húsum, 15-240 m <sup>2</sup> .
<b>VP-341</b>	<b>Staðarhóll gistiþjónusta</b>	Gisti- og veitingaþjónusta í allt að 8 misstórum húsum.
<b>VP-410</b>	<b>Sveitasetrið Draflastöðum</b>	Gistiþjónusta.
<b>VP-411</b>	<b>Skógar</b> <i>Skógar í Fnjóskadal var áður íbúð, símsstöð, heimavistarskóli o.fl. Byggt 1908.</i>	Veitingaþjónusta ásamt gistingu í allt að 6 litlum húsum, hvert allt að 50 m <sup>2</sup> .
<b>VP-430</b>	<b>Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn</b>	Aðstaða fyrir ungmennastarf.
<b>VP-431</b> 9,1 ha	<b>Einarsstaðir</b>	Gistiþjónusta fyrir ferðafólk í allt að 25 frístundahúsum 25-50 m <sup>2</sup> að stærð, auk eins íbúðarhúss.

<b>VP-432</b> 3,3 ha	<b>Vallakot</b>	Ferða- og gistiþjónusta í nánnum tengslum við landbúnað. Lítil hús til útleigu, samtals allt að 300 m <sup>2</sup> , gróðurhús og hús fyrir aðra ræktun, úrvinnslu og tæki auk aðstöðu til móttöku gesta.
<b>VP-440</b>	<b>Rauðhólar, veiðiheimili</b>	Gisti og veitingaþjónusta í veiðihúsi.
<b>VP-441</b>	<b>Stóru-Laugar</b>	Gistihús og tjaldstæði.
<b>VP-510</b>	<b>Þjónusta við Vaglaskógarveg</b>	Verslun og þjónusta fyrir ferðafólk og dvalargesti í Vaglaskógi.
<b>VP-511</b> 4,0 ha	<b>Skógar</b>	Allt að 10 lítil hús til útleigu, hvert um 50 m <sup>2</sup> .
<b>VP-530</b> 4,2 ha	<b>Fosshóll</b>	Hótel og veitingasala í tengslum við ferðamannastaðinn Goðafoss. Gert er ráð fyrir viðkomustað almenningsvagna á reitnum.
<b>VP-540</b> 10,3 ha	<b>Gistihúsið Narfastöðum</b>	Sveitahótel með veitingaþjónustu.
<b>VP-541</b>	<b>Árhólar</b>	Heimilt er að reisa þrjú gestahús á einni hæð með gistaðstöðu fyrir samtals tólf gesti. Hámarks byggingarmagn 155 m <sup>2</sup> .
<b>VP-542</b> 3,6 ha	<b>Hjalli</b>	Gistiþjónusta í allt að 60 smáhýsum eða tjöldum ásamt tilheyrandi aðstöðu.
<b>VP-550</b>	<b>Ytri- Neslönd</b>	Fuglasafn ásamt bílastæði. Fullbyggt.
<b>VP-560</b> 15,3 ha	<b>Grímsstaðir norðan Kísilvegjar</b>	Hótel og ferðaþjónusta. Allt að þriggja hæða byggingar. Byggingarmagn allt að 5.000 m <sup>2</sup> .
<b>VP-561</b>	<b>Hlíð, ferðaþjónusta</b>	Svæði fyrir fjölbreytilega ferðaþjónustu, smáhýsi, gistiskála, tjaldsvæði ásamt tilheyrandi

17,3 ha		þjónustu. Mannvirkjagerð þarf að vera í samræmi við hindranafleti flugvallarins.
<b>VP-562</b> 2,6 ha	<b>Reynihlíð austan Reykjahlíðarkirkju</b>	Gisti- og þjónustuaðstaða fyrir ferðamenn.
<b>VP-563</b> 0,9 ha	<b>Gröf í landi Reykjahlíðar</b> <i>Nýtt svæði fyrir ferðaþjónustu.</i>	Allt að 16 smáhús fyrir ferðaþjónustu. Nýtingarhlutfall allt að 0,05. Framkvæmdin skal vera afturkræf og lagnir lagðar í stíga.
<b>VP-565</b> 0,4 ha	<b>Hótel Reykjahlíð</b>	Gistiþjónusta eða útleiga fyrir tímabundnabúsetu.
<b>VP-566</b> 48,0 ha	<b>Jarðbaðshólar</b> <i>Jarðböðin við Mývatn.</i>	Fjölbreytt ferðaþjónusta og ræktun í tengslum við jarðhitanýtingu. Hámarksbyggingarmagn um 11.700 m <sup>2</sup> . Baðlón 4.000 - 5.000 m <sup>2</sup> . Lögð er áhersla á að öll mannvirki falli vel að landi og ásýnd svæðisins og að umhverfissjónarmið verði ráðandi við hönnun og framkvæmd.
<b>VP-640</b> 17,0 ha	<b>Stöng, Heiðmörk</b>	Gisti- og þjónustuaðstaða fyrir ferðamenn. Allt að þriggja hæða byggingar.
<b>VP-650</b> 11,0 ha	<b>Arnarvatn</b>	Hótel og þjónusta fyrir ferðamenn. Allt að þriggja hæða byggingar, með þriðju hæð innfellda og áherslu á að viðhalda myrkurgæðum.
<b>VP-651</b> 0,8 ha	<b>Skútustaðir 2 sunnan Þjóðveggar</b>	Hótel og ýmis þjónusta, aðallega fyrir ferðafólk. Gert er ráð fyrir viðkomustað almenningsvagna á reitnum.
<b>VP-652</b>	<b>Veiðihús í land Haganess</b>	Gert er ráð fyrir veiðihúsinu verði við haldið í áþekkri mynd.
<b>VP-660</b> 5,7 ha	<b>Vogar 1, 2, 4 og Björk, austan Þjóðveggar</b>	Gistaðstaða og önnur ferðaþjónusta í lágreistum húsum ásamt tjaldsvæði, þjónustuhúsum tilheyrandi aðstöðu og umhverfismótun.
<b>VP-661</b> 6,1 ha	<b>Sandabrot</b>	Allt að 20 lítil hús til útleigu auk eins íbúðarhúss. Heildarbyggingarmagn allt að 1300 m <sup>2</sup> .

<b>VP-662</b> 2,3 ha	<b>Vogar 3 austan Þjóðvegjar</b>	Þjónusta við frístundabyggð og ferðafólk.
<b>VP-663</b> 5,1 ha	<b>Geiteyjarströnd, ferðapjónusta</b>	Gistiaðstaða og ferðapjónusta, lágreistar byggingar, ásamt allt að 4 íbúðarhúsum. Heildarbyggingarmagn allt að 2.200 m <sup>2</sup> .
<b>VP-730</b>	<b>Kiðagil</b>	Gistiþjónusta ásamt samfélagsþjónustu á borð við skólustarf og skólabúðir.

### 8.1.24 Vötn, ár og sjór (V)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.

Í strandsjó og fjörum innan netlaga er lögð áhersla á vernd vistkerfa og tegundafjölbreytni. Sjálfbær nýting vistkerfa er heimil.

Efnistaka af sjávarbotni er háð því að sýnt sé fram á óveruleg áhrif á jarðmyndanir, menningarminjar og vistkerfi.

Gert er ráð fyrir að minni háttar mannvirki sem tengjast nýtingu eða afþreyingu nái út í strandsjó, t.d. bryggjur.

<b>Auðkenni</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Skilmálar</b>
<b>V-1</b> 575,9 ha	<b>Strandsjór</b> <i>Hafsvæði að netlögum, 115 m frá stórstraumsfjöruborði.</i>	Í strandsjó og fjörum innan netlaga er lögð áhersla á vernd vistkerfa og tegundafjölbreytni. Sjálfbær nýting vistkerfa er heimil.  Stefnt er að hreinleika strandsjávar í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 798/1999.
<b>V-41</b> 1162,6 ha	<b>Öskjuvatn</b>	Vernd og nýting í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
<b>V-650</b> 3809,9 ha	<b>Mývatn</b>	Vernd og nýting í samræmi við friðlýsingarákvæði verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Mývatn telst viðkvæmur viðtaki og kallar því á auknar kröfur um hreinsun, sbr. ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp. Gert er ráð fyrir hefðbundnum nytjum á vatninu.

### 8.1.25 Þéttbýlismörk (PM)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Mörk þéttbýlis og jafnframt vaxtarmörk fyrir skipulagstímabilið. Áhersla á að nýta land innan þéttbýlismarka sem best.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>PM-330</b> 23,6 ha	<b>Þéttbýlismörk fyrir Aðalgerði</b>	
<b>PM-520</b> 14,8 ha	<b>Þéttbýlismörk Tjarnamels</b>	
<b>PM-540</b> 76,0 ha	<b>Þéttbýlismörk á Laugum</b>	
<b>PM-560</b> 73,7 ha	<b>Þéttbýlismörk Reykjahlíðar</b>	
<b>PM-650</b> 17,6 ha	<b>Þéttbýlismörk Skútustaða</b>	

## 8.2 Takmarkanir á landnotkun

### 8.2.1 Friðlýst svæði (FS)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Stefna sveitarstjórnar um landnotkun kemur fram í skipulagsskilmálum reita sem hið friðlýsta svæði nær til.

Friðlýst svæði verði varin fyrir ágengum tegundum.



Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>FS-1</b> 14941,6 ha	<b>Verndarsvæði Mývatns og Laxár</b> <i>Friðlýst svæði, með lögum um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004.</i>	Um verndarsvæðið gilda ákvæði sérlaga og reglugerðar, auk verndaráætlunar. Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Þó eru heimilar, án sérstakrar undanþágu eða leyfis Umhverfisstofnunar, framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi Umhverfisstofnun fallist á umrædda skipulagsáætlun.
<b>FS-2</b> 494431,5 ha	<b>Vatnajökulspjóðgarður</b> <i>Friðlýstur sem þjóðgarður með lögum nr. 60/2007.</i>	Um landnotkun og mannvirkjagerð gilda ákvæði laga og reglugerðar um Vatnajökulspjóðgarð og stjórnunar- og verndaráætlun.
<b>FS-430</b> 562,9 ha	<b>Vestmannsvatn</b> <i>Friðlýst sem friðland árið 1977 vegna fuglalífs.</i>	Um landnotkun og mannvirkjagerð gilda friðlýsingarákvæði og stjórnunar- og verndaráætlun.
<b>FS-530</b> 20,8 ha	<b>Goðafoss</b> <i>Friðlýst sem náttúruvætti.</i>	Um landnotkun og mannvirkjagerð gilda friðlýsingarákvæði og stjórnunar- og verndaráætlun.
<b>FS-650</b> 36,2 ha	<b>Skútustaðagígar</b> <i>Friðlýstir sem náttúruvætti, 12. desember 1973.</i>	Um svæðið gilda friðlýsingarákvæði.
<b>FS-660</b> 312,7 ha	<b>Hverfjall (Hverfell)</b> <i>Friðlýst sem náttúruvætti, 22. júní 2011.</i>	Um svæðið gilda friðlýsingarákvæði.
<b>FS-661</b> 398,4 ha	<b>Dimmuborgir</b> <i>Friðlýst sem náttúruvætti, 22. júní 2011.</i>	Um svæðið gilda friðlýsingarákvæði auk stjórnunar- og verndaráætlunar.
<b>FS-760</b> 1883,2 ha	<b>Seljahjallagil</b> <i>Friðlýst sem náttúruvætti, 28. febrúar 2012.</i>	Um svæðið gilda friðlýsingarákvæði.

## 8.2.2 Hverfisvernd (HV)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>HV-430</b> 2680,4 ha	<b>Pingey í Skjálfandafljóti og umhverfi / Pingdalur.</b> <i>Svæðið er skógi vaxinn dalur, að mestu óbyggður. Náttúrulegir birkiskógar eru bæði vestan fljóts, Fellsskógur og Fremstafellsskógur austan í Kinnarfelli, og austan fljóts, Fossselsskógur og Glaumbæjarselsskógur vestan í Fljótshéiði.</i>	Meginmarkmið hverfisverndar er að varðveita svæðið í núverandi mynd: Sérstakur árfarvegur með eyjum, hólum, kvíslum og fossum, og með náttúrulegum birkiskógum báðum megin fljótsins. Viðhalda má núverandi sumarhúsum í Fossselsskógi en ekki má fjölga húsum eða byggja við; ef sumarhús hverfa verður ekki leyft að byggja nýtt í staðinn. Leyfilegt er að lagfæra vegslóða og göngustíga, merkja þá og búa til göngubrýr eftir þörfum. Einnig að merkja helstu fornminjar og náttúrufrýrbæri með upplýsingaspjöldum. Fram yfir það er óheimilt að koma upp mannvirkjum eða breyta landslagi, vatnafari eða gróðurfari á svæðinu. Við þróun skóga á svæðinu (Fellsskógs, Fossselsskógs o.fl.) skal varðveita sérkenni þeirra sem náttúrulegir birkiskógar.

## 8.2.3 Minjavernd (MV)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Tilgreindar eru friðlýstar fornleifar og friðlýst hús ef upplýsingar um friðlýsingu koma ekki fram í skipulagsákvæðum afmarkana í öðrum landnotkunarflokkum. Um aðrar menningarminjar er fjallað í deiliskipulagi og gögnum vegna framkvæmda- og byggingarleyfis.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
<b>MV-110</b>	<b>Flateyjarkirkja á Skjálfanda</b>	Friðlýst hús.
<b>MV-111</b>	<b>Hof, Flateyjardal</b>	Friðlýstar fornminjar.

	<i>a. Hoftóft, er svo er nefnd, á túninu norðaustur frá bænum. b. Aðrar fornar tóftir um túnið, m.a. ein hringmynduð tóft.</i>	
<b>MV-112</b>	<b>Eyri, Flateyjardal</b> <i>Fornar girðinga- og tóftarleifar í graslendi í Eyrarurð.</i>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-330</b>	<b>Minjar við Rauðaskriðu í Skriðuhverfi</b>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-331</b>	<b>Bergsstaðir, Þingey</b> <i>Mánagerði, dálítill túngirðing, forn, fyrir vestan heimatúnið, og í henni bæjarrúst.</i>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-410</b>	<b>Leiðarnes</b> <i>Allar fornar leifar á Leiðarness-þingstað, en hann er vestur við Fnjóská, þar er hún gjörir bug vestur á við og myndar á þann hátt nes.</i>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-412</b>	<b>Finnastaðir</b> <i>Forn rúst, er Finnastaðir heitir, skammt norðvestur frá túninu.</i>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-430</b> 643,8 ha	<b>Minjar í Þingey og Skuldaþingey</b> <i>Þingminjar, dreifðar um eyjarnar</i>	Friðlýstar fornminjar.
<b>MV-431</b> 12,7 ha	<b>Helgastaðir</b>	Friðlýstar fornminjar.
<b>MV-431</b>	<b>Ljósavatn, Ljósavatnsskarði</b> <i>a. Hoftóft í túninu, um 100 metra fyrir</i>	Friðlýstar fornleifar.

	<i>austan kirkjuna. b. Gamlar bæjartóftir suðaustur frá bænum, á dálitlum hól fyrir utan túnið.</i>	
<b>MV-440</b>	<b>Stóru-Laugar</b> <i>"Valhöll", er svo heitir, forn hringur, eða stór tóft, suðaustantil í túninu.</i>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-441</b>	<b>Bæjarhús og kirkja að Þverá</b>	Friðlýst hús.
<b>MV-520</b>	<b>Þórðarstaðir, Fnjóskadal</b> <i>Leifar Fjósatunguþingstaðar; þær eru gegnt Fjósatungu við Fnjóská.</i>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-530</b>	<b>Ljósavatnaskirkja</b>	Friðlýst hús.
<b>MV-620</b>	<b>Illugastaðakirkja</b>	Friðlýst hús.
<b>MV-621</b>	<b>Tunga, Bleiksmýrardal</b> <i>a. Rúst eyðibýlisins Klaufakots, nálægt mynni Bleiksmýrardals. b. Grænutóftir, svo nefndar, langt suður í dalnum.</i>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-630</b> 2,0 ha	<b>Hlíðarendi</b>	Friðlýstar fornminjar.
<b>MV-650</b>	<b>Hofsstaðir</b>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-720</b>	<b>Fardísartóftir</b>	Friðlýstar fornleifar.

<b>MV-721</b>	<b>Steinagerði, Hjaltadal</b> <i>Rúst eyðibýlisins Steinagerði, við landamæri Snæbjarnarstaða.</i>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-730</b>	<b>Sexhólstaðir</b>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-730</b> 2,8 ha	<b>Timburvellir</b>	Friðlýstar fornminjar.
<b>MV-740</b>	<b>Lundarbrekkukirkja</b>	Friðlýst hús.
<b>MV-820</b>	<b>Flausturbalar, Bleiksmýrardal</b> <i>Afréttarland. Fornar rústir á þrem stöðum, þar sem Flausturbalar heita, nálægt miðri norðurhlíð Bleiksmýrardals.</i>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-840</b>	<b>Víðiker við Svartá</b> <i>a. Fornar rústir Litla-Víðikers, í halla fyrir austan Svartá. b. Fornar rústir, þar sem heitir Víðigerði; það er spölkorni sunnar en Litla-Víðiker, í litlum halla, nál. 400 álnum fyrir austan Svartá.</i>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-841</b>	<b>Víðiker við Svartá</b>	Friðlýstar fornleifar.
<b>MV-940</b>	<b>Afréttarland, við Íshólsvatn</b> <i>a. Leifar hins forna eyðibýlis Hrauntungu, í norðurjaðri Ódáðahrauns, við upptök Suðurár. b. Leifar hins forna eyðibýlis Hofgarða, við suðurenda Íshóls-vatns,</i>	Friðlýstar fornleifar.

	<i>austanmegin. c. Fornar bæjarrústir, í tungunni milli Fiskiár og Mjóadalsár.</i>	
<b>MV-950</b>	<b>Hrauntunga</b> <i>Leifar hins forna eyðibýlis Hrauntungu í norðurjaðri Ódáðahrauns.</i>	Friðlýstar fornleifar.

#### 8.2.4 Vatnsvernd, fjarsvæði (VF)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Vatnsverndarsvæði, þ.e. fjarsvæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, sbr. reglugerð um neysluvatn.

Allar framkvæmdir á fjarsvæðum eru háðar eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (HNE).

Sjá nánar reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999.

<b>Auðkenni</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Skilmálar</b>
<b>VF-1</b> 247864,6 ha	<b>Vatnasvið Mývatns og Laxár</b> <i>Vatnasvið skv. afmörkun í lögum um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004.</i>	Mannvirkjagerð og önnur landnotkun sé í samræmi við vatnsverndarákvæði laga og reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár, ásamt stjórnunar- og verndaráætlun, eftir því sem við getur átt.
<b>VF-310</b> 278,9 ha	<b>Vatnsvernd fjarsvæði</b>	
<b>VF-510</b> 407,7 ha	<b>Vatnsvernd fjarsvæði</b>	
<b>VF-520</b> 304,5 ha	<b>Vaglir</b>	
<b>VF-521</b> 273,5 ha	<b>Lundur</b>	

<b>VF-610</b> 220,3 ha	<b>Illugastaðir</b>	
<b>VF-620</b> 44,7 ha	<b>Pórðarstaðir</b>	

### 8.2.5 Vatnsvernd, grannsvæði (VG)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Vatnsverndarsvæði, þ.e. grannsvæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, sbr. reglugerð um neysluvatn. Á grannsvæði er notkun og geymsla hættulegra efna bönnuð. Það á við olíu, bensín og skyld efni, salt, eitrefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Á grannsvæðum er ekki heimilt að gera ráð fyrir nýjum byggingum. Allar framkvæmdir á grannsvæðum, s.s. áburðarnotkun, eru háðar eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (HNE).

Sjá nánar reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999.

<b>Auðkenni</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Skilmálar</b>
<b>VG-310</b> 46,4 ha	<b>Vatnsvernd grannsvæði</b>	
<b>VG-510</b> 76,6 ha	<b>Vaglir</b>	
<b>VG-520</b> 72,8 ha	<b>Lundur</b>	
<b>VG-570</b> 2636,4 ha	<b>Vatnsvernd grannsvæði</b>	
<b>VG-620</b> 23,4 ha	<b>Illugastaðir</b>	

<b>VG-621</b> 12,2 ha	<b>Pórðarstaðir</b>	
<b>VG-760</b> 22749,4 ha	<b>Vatnsvernd grannsvæði</b>	

### 8.2.6 Varúðarsvæði eða aðrar takmarkanir (VA)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Varúðarsvæði eru svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni.

<b>Auðkenni</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Skilmálar</b>
<b>VA-770</b> 1729,6 ha	<b>Fremrinámar</b>	Mörk nýtingarsvæðis jarðvarmavirkjunar í biðflokki.

### 8.2.7 Önnur náttúruvernd (ÖN)

*Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:*

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

<b>Auðkenni</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Skilmálar</b>
<b>ÖN-920</b> 7534,9 ha	<b>Fljótshnjúkvirkjun</b>	Virkjun í verndarflokki, þ.m.t. miðlunarlón og veitumannvirki.
<b>ÖN-940</b> 4721,3 ha	<b>Hrafnabjargavirkjanir A, B og C</b>	Virkjanir í verndarflokki, þ.m.t. miðlunarlón og veitumannvirki.